

Starfsskýrsla 2010



I MATVÆLASTOFNUN	4
1. Um Matvælastofnun	4
2. Rekstur og fjármál	6
3. Starfsmenn	7
4. Fræðsla	8
II STJÓRNSÝSLA OG LÖGFRÆÐI	10
1. Löggjöf	10
2. Evrópumál	11
3. Stjórnsýsluverkefni tengd búvörulögum	12
III ÁHÆTTUMAT OG GÆÐASTJÓRNUN	14
1. Um áhættumat og gæðastjórnun	14
2. Gæðamál	14
3. Áhættumat	15
IV MATVÆLAÖRYGGI OG NEYTENDAMÁL	16
1. Um matvælaöryggi og neytendamál	16
2. Áburður	17
3. Plöntur	19
4. Fóður	25
5. Fiskur og fiskafurðir	27
6. Grænmeti og ávextir	31
7. Kjöt og kjötafurðir	32
8. Mjólk og mjólkurafurðir	34
9. Vatn	35
10. Markaðseftirlit	36
11. Nefndarstörf	39
V HEILBRIGÐI OG VELFERÐ DÝRA	40
1. Um heilbrigði og velferð dýra	40
2. Umdæmi	41
3. Eldgos í Eyjafjallajökli	53
4. Smitsjúkdómar	56
5. Alifuglar	58
6. Fiskar	62
7. Hross	65
8. Loðdýr	70
9. Nautgripir	71
10. Sauðfé og geitur	72
11. Skelfiskur	74
12. Svín	77
13. Nefndarstörf	79
VI INN- OG ÚTFLUTNINGUR	82
1. Um inn- og útflutning	82
2. Innflutningur áburðar, plantna og fóðurs	82
3. Innflutningur matvæla	83
4. Innflutningur dýra	86
5. Útflutningur matvæla	87
6. Útflutningur dýra	89
VII SÚNUR	91
1. Um súnur og súnivalda	91
2. Salmonella	91
3. Kampýlóbakter	97
4. Lyfjanæmi	99
5. Faraldsfræði og rannsóknir	100
6. Uppruni og leitni súnivalda	101
VIII VIÐAUKI	105
1. Starfsmannalisti	105
2. Lagabreytingar	106
3. Niðurstöður kjötmats	110

Ný verkefni og viðburðaríkt starfsár

Ég vil þakka starfsfólki og samstarfsaðilum fyrir gott og árangursríkt samstarf á viðburðaríku ári. Ný löggjöf um matvælaöryggi og fóður tók gildi og formlegt samstarf við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) hófst á árinu. Fjölpætt verkefni hafa einnig fylgt aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu vegna sérfræðivinnu og eftirlitsheimsókna Matvæla- og dýraheilbrigðisstofnunar ESB. Þá stóð MAST fyrir velheppnuðu Samráðsþingi með hagsmunaaðilum sem verður árlegur viðburður.



Rekstur og verkefni

Fjárhagslegur rekstur gekk vel og er tekjuafgangur af starfsemi eins og undanfarin ár. Það þrengir þó að rekstri þegar opinber útgjöld eru skorin niður um leið og verkefnum fjölga. Með nýrri löggjöf um matvælaöryggi og fóður eykst ábyrgð matvæla- og fóðurfyrirtækja á eigin vöru og eftirlitsaðilum er gert að byggja starf sitt á áhættumati og víðtækum eftirlitsáætlunum. MAST fer nú einnig með allt eftirlit með dýraafurðum og hefur því tekið yfir eftirlitsverkefni Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga í kjötvinnslum og mjólkurbúum. Þá var ákveðið að á árinu 2011 tæki MAST yfir verkefni skoðunarstofa við eftirlit með sjávarafurðum. Um leið er fódureftirlit orðið mun víðtækara en áður var.

Framkvæmd löggjafar

Ný löggjöf gerir kröfu um kerfisbundið áhættumat og heildstæða eftirlitsáætlun. Gagnagrunna þarf að endurskoða eða byggja upp að nýju og þá hefur MAST komið upp landupplýsingakerfi og verkskráningu. Einnig hafa verið gefnar út leiðbeiningar, unnið að endurskoðun eftirlitshandbóka og uppbyggingu gæðakerfis. Hluti

þeirra lagabreytinga sem kynntar voru á árinu 2010 koma þó ekki til framkvæmda fyrr en í lok árs 2011. Þá mun nýtt lagaumhverfi vegna kjöts, mjólkur, eggja og slíkra afurða taka gildi, umdæmisskrifstofum MAST verður fækkað úr 14 í 6 og breyting gerð á störfum héraðsdýralækna. Samhliða breytingum á umdæmum verður að tryggja almenna dýralæknaþjónustu um allt land og verður það eitt af mikilvægum verkefnum komandi árs.

Aðild að EFSA

MAST hefur verið tilnefnd sem tengiliður Íslands við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) og var gerður samningur um samstarf stofnananna á þessu sviði. EFSA vinnur við áhættumat og áhættukynningu og á MAST fulltrúa í ráðgjafanefnd stofnunarinnar og í samstarfi á sviði dýra- og plöntuheilbrigðis. Íslenskar stofnanir hafa einnig tengst stofnananeti EFSA og geta þar með tekið þátt í verkefnum á sviði áhættumats um matvælaöryggi og plöntu- og dýraheilbrigði. EFSA hefur einnig verkefni á sviði neyslukannana, en hér á landi stóðu MAST og Lýðheilsustöð að nýrri neyslukönnun á árinu 2010 og var gerður samningur við Rannsóknastofu HÍ í næringarfræði um framkvæmdina, sem lýkur árið 2011. Niðurstöður úr neyslukönnunum nýtast við áhættumat og eru því nauðsynlegar til að vinna að matvælaöryggi og neytendavernd.

Neytendavernd og traust

EFSA er ráðgefandi stofnun og er aðild Íslands að henni tryggð gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Í niðurstöðum könnunar meðal Evrópubúa á árinu 2010 kom í ljós að neytendur bera mikið traust til upplýsinga frá matvælastofnunum í Evrópuríkjum og frá EFSA. Þá töldu rúmlega 60% svarenda að matvælastofnanir geri mikið til að tryggja matvælaöryggi og byggja ákvarðanir sínar á vísindalegum forsendum. MAST tók nýlega þátt í könnun Félagsvísindastofnunar HÍ þar sem spurt var um traust almennings og sýndu niðurstöður að 60% svarenda bera mikið traust til MAST. Eitt af gildum stofnunarinnar er TRAUST. Niðurstöðurnar eru því ánægjulegar fyrir stofnun sem hefur aðeins starfað í þrjú ár frá sameiningu fjölmargra eftirlits- og stjórnsýsluverkefna í MAST. Stofnunin mun kappkosta að halda þessari stöðu og bæta um betur á komandi árum.

Útgefandi

Matvælastofnun

Ritstjórn, hönnun og umbrot

Hjalti Andrasen

Prentun

Samskipti ehf.

1. Um Matvælastofnun

MAST starfar undir yfirstjórn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, sem sett hefur reglugerð nr. 1/2008 um skipulag og starfsemi MAST. Aðalskrifstofa er á Selfossi, en stofnunin rekur einnig umdæmisskrifstofur víðs vegar um landið og skrifstofu inn- og útflutningsmála í Reykjavík, auk landamærastöðva vegna innflutnings sjávarafurða frá ríkjum utan EES.

1.1 Hlutverk

Matvælastofnun sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla.

1.2 Verkefni

MAST vinnur að matvælalöggjöf í samvinnu við ráðuneytið og á þetta við um löggjöf í öllu framleiðsluferli matvæla, þ.e. frá heilbrigði og velferð dýra, þ.m.t. sjávarafurða, plöntuheilbrigði, fóðri, vinnslu og dreifingu og þar til matur er borinn á borð neytenda. Stofnunin annast eftirlit með frumframleiðslu búfjárafurða, sláturhúsum og kjötvinnslum sem þeim tengjast, eftirlit með sjávarafurðum og allt inn- og útflutningseftirlit með matvælum. MAST hefur einnig yfirumsjón með matvælaeftirliti á vegum Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlit með störfum sjálfstætt starfandi skoðunarstofa í sjávarútvegi og störfum dýralækna sem veita almenna dýralæknaþjónustu. Einnig fer stofnunin með fóðureftirlit og önnur verkefni eins og sjá má á eftirfarandi lista yfir helstu verkefni MAST:



Aðalskrifstofa MAST er á Selfossi

- Matvælalöggjöf og matvælaeftirlit
- Neytendavernd og fræðslumál
- Heilbrigði og velferð dýra
- Plöntuheilbrigði og sáðvara
- Fóður og áburður
- Sóttvarnir og viðbragðsáætlanir
- Kjötmatur
- Inn- og útflutningseftirlit, rekstur landamærastöðva
- Yfirumsjón og eftirlit: Heilbrigðiseftirlit, skoðunarstofur, dýralæknaþjónusta
- Stjórnsýsluverkefni: Lögræði, alþjóðamál, gæðastýring, beingreiðslur, búfjárefnirit

1.3 Gildi

Matvælastofnun hefur sett sér eftirfarandi gildi sem starfsmönnum stofnunarinnar ber að hafa að leiðarljósi í störfum sínum:


- **Árvekni:** Árvekni er forsenda þess að stofnunin nái að rækja hlutverk sitt á tímum örra breytinga. Mæta þarf framþróun og nýjum viðfangsefnum með fyrirhyggju, frumkvæði og lausnum sem svara kalli tímans.
- **Framsækni:** Stofnunin skal hafa forystu á sínu starfssviði og vinna að hagræðingu og einföldun á eftirliti og stjórnsýslu. Árangursstjórnun og gæðastjórnun skal hafa að leiðarljósi og leita bestu úrlausnar mála.
- **Traust:** Afgreiðsla erinda á að vera fagleg og þannig að viðskiptavinir beri traust til starfsmanna. Vinnubrögð skulu vera trúverðug, gæta þarf hlutleysis við ákvarðanatöku og sýna ber viðskiptavinum og samstarfsfólki virðingu.
- **Gegnsæi:** Stjórnsýslu- og upplýsingalög skal hafa í heiðri og rökstyðja þarf ákvarðanir vel. Nýta ber upplýsingatækni til að leiðbeina viðskiptavinum og tryggja þeim aðgang að nauðsynlegum gögnum og upplýsingum.

1.4 Framtíðarsýn

Matvælastofnun mun standa vörð um þá auðlind sem felst í heilbrigði plantna og heilbrigði og velferð dýra í ómenguðu umhverfi. Stofnunin mun jafnframt vinna að gæðum og heilnæmi fisk- og landbúnaðarafurða, matvælaöryggi og neytendavernd í síbreytilegu markaðsumhverfi sem leiðir af nýsköpun í matvælaframleiðslu og auknum alþjóðaviðskiptum.

1.5 Stjórnskipulag og störf

Í innra skipulagi MAST er verkefnum skipt milli tveggja meginfagsviða, sem eru annars vegar *heilbrigði og velferð dýra* og hins vegar *matvælaöryggi og neytendamál*. Síðan eru stoðsvið fyrir *áhættumat og gæðastjórnun*, *stjórnsýslu og lögræði* og *rekstur og mannauð*. Stofnunin rekur fjórtán *umdæmisskrifstofur*, *inn- og útflutningsmál* eru í einni skrifstofu og *landamærastöðvar* eru átta. Fastir starfsmenn voru rúmlega 70 á árinu 2010 en ársverk heldur fleiri vegna tímabundinna ráðninga, einkum í tengslum við sláturtíð, en að auki var stofnunin með verksamninga við aðra aðila.



Mynd 1.1.1: Skipurit Matvælastofnunar

Starfsfólk MAST hefur menntun á ýmsum sérsviðum. Við umdæmisskrifstofur starfa héraðsdýralæknar og eftirlitsdýralæknar og á aðalskrifstofu starfa sérgreinadýralæknar að verkefnum sem tengjast heilbrigði og velferð dýra og heilnæmi dýraafurða. Matvælafræðingar og næringarfræðingar starfa við matvælaöryggi og neytendamál, kjötmatur og einnig stjórnsýslu í samvinnu við lögræðinga stofnunarinnar. Þá hefur MAST líffræðinga með sérmenntun á sviði plöntuheilbrigðis, sáðvara, fóðurmála og áburðareftirlits. Á komandi árum má síðan gera ráð fyrir því að stofnunin hafi aukna þörf fyrir sérmenntað starfsfólk á framangreindum sviðum því verkefnum MAST fjölga í takt við auknar kröfur sem gerðar eru á sviði dýra- og plöntuheilbrigðis og sívaxandi áherslu sem lögð er á matvælaöryggi og neytendavernd.

1.6 Frá heilbrigði til hollustu

Vígorð Matvælastofnunar er „Frá heilbrigði til hollustu“. Vísar það til þess að stofnunin fer með löggjöf og eftirlit sem varðar heilbrigði plantna, heilbrigði og velferð dýra og síðan matvælaöryggi, ýmist með eigin starfsemi eða með eftirliti með störfum skoðunarstofa og sjálfstætt starfandi dýralækna, eða samstarfi og samvinnu við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Heilbrigðiseftirlitið hefur víðtækt eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla undir yfirumsjón MAST. Sjálfstætt starfandi skoðunarstofur í sjávarútvegi eru nú tvær, en stöðugildi eftirlitsmanna þar eru ekki mörg. Heilbrigðiseftirlitssvæðin eru hins vegar tíu um allt land og þar eru samtals um 20 ársverk í matvælaeftirliti.

2. Rekstur og fjármál

Á árinu var áfram unnið markvisst að uppbyggingu á nýjum gagnagrunnum.

Unnið var að uppsetningu á nýjum búfjárefartilitsgrunni, BÚSTOFN, sem ætlað er að halda utan um skráningar og vinnslu gagna í tengslum við forðagæslu og störf búfjáreftilitsmanna og er byggður á lögum um búfjárhald nr. 103/2002. Eldri gagnagrunnur var kominn til ára sinna og samhliða yfirtöku stofnunarinnar á verkefninu frá Bændasamtökum Íslands var talin þörf á að byggja upp nýjan, rafrænan gagnagrunn. Á árinu var lokið við fyrsta áfanga, útfyllingu á haustskýrslum, sem snýr að rafrænni skráningu bænda á upplýsingum um fjölda búfjár á hverju búi og fódurbirgðir búfjáreigenda. Innleiðing á þessum fyrsta áfanga gekk mjög vel og í byrjun mars 2011 höfðu um 3.550 aðilar skilað inn haustskýrslu eða um 95% af öllum þeim sem fengu skýrslur sendar til sín. Í öðrum áfanga, sem áætlað er að ljúki um miðjan mars 2011, verður búfjáreftilitsmönnum gert kleift að skrá rafrænt niðurstöður vorskoðunar sinnar.

Haldið var áfram vinnu við að byggja upp gagnagrunn um sjúkdómaskráningar, lyfjameðhöndlunir og bólusetningar á búfé sem fengið hefur heitið HEILSA. Ekki náðist að ljúka þeirri vinnu á árinu eins og til stóð en reiknað er með að þeirri vinnu verði að fullu lokið á fyrri hluta ársins 2011.

Á árinu var vinnu lokið við uppsetningu á landupplýsingakerfi fyrir stofnunina, í samstarfi við Samsýn, þar sem gagnabekjur stofnunarinnar eru aðgengilegar fyrir starfsmenn í svokallaðri kortavefsjá. Á baksíðu starfsskýrslunnar má sjá má þekju úr landupplýsingakerfinu af dreifingu lögbýla á Íslandi.

Á árinu var hafin vinna við nýjan gagnagrunn, ÍS-LEYFUR, sem heldur utan um alla eftirlitsskylda aðila stofnunarinnar og starfsleyfisveitingar til þeirra. Í fyrsta áfanga, sem áætlað er að ljúki á fyrri hluta ársins 2011, verður hægt að skrá niðurstöður eftirlits í sláturhúsum, kjötvinnslum, fiskvinnslum, fódurfyrirtækjum, áburðarfyrirtækjum og öðrum matvælafyrirtækjum. Einnig er stefnt að því að ljúka öðrum og þriðja áfanga á næsta ári en annar áfangi snýr að skýrslugerð og samræmingu eftirlits en þriðji áfangi snýr að utanumhaldi á útgáfu útflutningsvottorða. Að síðustu er svo stefnt að því að flytja eftirlitsgagnagrunninn yfir fjósaskoðun inn í ÍS-Leyfur en ekki er reiknað með að þeirri vinnu ljúki fyrr en árið 2012.


Tafla 1.2.1: Rekstrarreikningur árið 2010

Matvælastofnun	2010	2009
Tekjur		
Sértekjur	30.067.844	18.415.774
Ríkistekjur	209.823.064	200.801.592
	239.890.908	219.217.366
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	635.684.449	622.878.488
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	33.919.124	23.087.700
Funda- og ferðakostnaður	51.740.717	44.685.113
Aðkeypt sérfræðipjónusta	133.486.237	128.500.993
Rekstur áhalda og tækja	4.837.403	7.148.095
Annar rekstrarkostnaður	10.467.070	10.812.167
Húsnæðiskostnaður	100.966.669	100.898.694
Bifreiðarekstur	13.594.526	14.100.838
Tilfærslur	2.308.320	745.000
	987.004.515	952.857.088
Eignakaup	16.272.771	7.183.018
	1.003.277.286	960.040.106
Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir hreinar fjármunatekjur	(763.386.378)	(740.822.740)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(214.229)	472.363
Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir ríkisframlag	(763.600.607)	(740.350.377)
Ríkisframlag	769.800.000	782.600.000
Tekjuafgangur (tekjuhali) ársins	6.199.393	42.249.623

Rekstur og fjármál stofnunarinnar voru í þokkalegu jafnvægi á árinu þrátt fyrir talsverða aðhaldskröfu á rekstur stofnunarinnar en aðhaldskrafan nam alls um 74 mkr. á árinu en var 68 mkr. á árinu 2009. Alls er áætlaður 6,2 mkr. tekjuafgangur af rekstri stofnunarinnar á árinu 2010, á móti 42,2 mkr. tekjuafgangi árið á undan. Ríkisframlagið fór úr 782,6 mkr. árið 2009 í 769,8 mkr. árið 2010 og lækkaði um 1,6% á milli ára. Uppsafnaður rekstrarafgangur fyrri ára var um 70 mkr í byrjun árs en í lok árs var hann um 76,2 mkr. Launakostnaður er stærsti einstaki rekstrarliðurinn með alls um 635 mkr eða um 63,4% af heildarrekstrarkostnaði en að baki því liggja alls 74 ársverk. Aðkeypt sérfræðipjónusta var annar stærsti rekstrarliðurinn með alls um 133,5 mkr. en þar af voru um 100,7 mkr. vegna aðkeyptrar rannsóknna og um 13,8 mkr. vegna dýralækna. Húsnæðiskostnaður er svo þriðji stærsti rekstrarliðurinn með um 101 mkr. en þar af var húsaleiga um 74,8 mkr.

3. Starfsmenn

Litlar breytingar urðu í starfsmannamálum Matvælastofnunar á árinu 2010. Unnin voru 74,1 ársverk hjá stofnunni samanborið við 72,8 ársverk árið 2009. Í ársbyrjun voru 76 starfsmenn hjá stofnuninni en 79 starfsmenn í árslok. Þar af voru 4 starfsmenn í fæðingarorlofi og 3 starfsmenn í tímabundinni ráðningu í þeirra stað og voru 68 virk stöðugildi í árslok. Tveir fastráðnir starfsmenn sögðu upp störfum hjá stofnuninni á árinu auk þess sem einn starfsmaður lét af störfum sökum aldurs. Starfsmannaveita var því því tæplega 4%. Að venju var nokkuð um tímabundnar ráðningar í tengslum við afleysingar og skammtímaverkefni, s.s. varnargirðingar og sauðfjárslátrun. Menntun starfsmanna er á þann veg að 86% starfsmanna eru með háskólapróf.




Kynjahlutfall hjá Matvælastofnun má sjá á mynd hér til hliðar en í árslok voru 54% starfsmanna karlar en 46% starfsmanna konur og er það lítilsháttar aukning á mismun á milli ára.


Mynd 1.3.1: Kynjaskipting starfsmanna

Myndin hér að neðan sýnir fjölda starfsmanna á hverju sviði, en stór hluti starfsmanna starfar á umdæmisskrifstofum víða um land. Svið matvælaöryggis og neytendamála er stærsta einstaka sviðið hjá MAST.

Mynd 1.3.2: Dreifing starfsmanna milli sviða og skrifstofa



Meðalaldur starfsmanna hjá MAST er 48,1 ár og lækkar lítillega á milli ára. Dreifing aldurs hjá starfsmönnum er frá 26 árum upp í 69 ár. Athyglisvert er hversu karlar eru í miklum meirihluta hjá eldri starfsmönnum en hjá þeim yngri snýst dæmið við, þar eru konur í miklum meirihluta og má sjá þessar sveiflur á myndinni hér til hægri.



Mynd 1.3.3: Aldursdreifing starfsmanna

4. Fræðsla

Matvælastofnun leggur kapp á að upplýsa neytendur um rétta meðhöndlun matvæla og þær hættur sem af þeim kann að stafa sem og að veita upplýsingar um dýrasjúkdóma og dýravelferð. Stofnunin veitir jafnframt framleiðendum matvæla leiðbeiningar um góða framleiðsluhætti og öflugt innra eftirlit með það að markmiði að tryggja heilnæmi afurða. Upplýsingum er miðlað til markhópa með ýmsum leiðum, t.a.m. með fréttaflutningi og fræðslupistlum á vefsíðu stofnunarinnar, útgáfu á bæklingum, límmiðum og veggspjöldum, námskeiðum, reglulegum greinaskrifum í prentmiðlum og með fræðslufundum.

4.1 Vefsíða

Fjöldi heimsóknna á vef Matvælastofnunar hefur aukist með hverju ári frá því að hún hóf starfsemi 1. janúar 2008 en mikið stókk varð árið 2010. Það sama á við um fjölda birtra fréttar á vefnum. Skýringuna má e.t.v. rekja til þeirra fjölmörgu viðburða sem áttu sér stað á árinu, s.s. eldgosið í Eyjafjallajökli, faraldur smitandi hósta í hrossum og innleiðing nýrrar matvælalöggjafar, með tilheyrandi þörf fyrir að fræða og leiðbeina hlutaðeigandi aðilum.

Árið 2010 heimsóttu 970 mismunandi notendur vefinn í hverri viku að meðaltali eða 70% fleiri en árið 2009 (575). Þar af voru 23% heimsóknna erlendis frá borið saman við 17% árið áður og 8% árið 2008.

4.2 Útgáfa

Áætluð útgáfa á fræðsluefni árið 2010 sneri einkum að kynningu á nýrri matvælalöggjöf. Við það bættist fræðsluefni vegna óvæntra atburða á árinu: faraldurs í hrossastofninum og eldgoss í Eyjafjallajökli.

Með innleiðingu matvælalöggjafar ESB þann 1. mars 2010 vaknaði mikil þörf á fræðslu til matvæla- og fódurfyrirtækja. Samhliða innleiðingunni voru gefnir út 4 einblöðungar um nýja matvælalöggjöf og áhrif á matvælafyrirtæki, sjávarútvegsfyrirtæki, fódurfyrirtæki, og loks fiskmjöls- og lýsisframleiðendur.


Um svipað leyti tók faraldur smitandi hósta í hrossum að dreifast um landið eins og eldur í sinu. Styrkur fékkst frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu til fræðslu um smitvarnir og hættuna á að hingað berist nýir smitsjúkdómar. Smitvarnabæklingur á ensku og þýsku sem Matvælastofnun gaf út árið 2008 var endurprentaður og dreift til aðila í hestategndri ferðabjónustu. Hannað var veggspjald með reglum um smitvarnir á ensku og íslensku og því dreift til hestamanna í þeirri von að þau verði sett upp sem víðast í hesthúsum landsins og reiðhöllum. Hannaðir voru þrjár renningar. Einum var komið fyrir á Leifstöð við útgang komufarþega. Hinir eru í vörslu Matvælastofnunar á Selfossi annars vegar og dýralæknis hrossasjúkdóma á Norðurlandi hins vegar, til notkunar þegar við á. Auglýsingaborðar voru hannaðir og sendir á vefmiðla aðila í hestamennsku, ásamt smitvarnaleiðbeiningum til að vísa í. Viðbrögð voru misjöfn en sumir vefmiðlar birtu auglýsinguna endurgjaldslaust. Jafnframt var birt heilsíðuauglýsing í jölblaði Eidfaxa sem kom út á íslensku, ensku og þýsku.

Eldgos í Eyjafjallajökli hafði í för með sér mikla þörf á fræðslu til búfjáreiganda vegna öskufalls. Auk birtingu leiðbeininga á vefnum og fundarhalds tók MAST þátt í útgáfu bæklinga um öskufall, í samstarfi við Almannavarnir, sóttvarnalækni, Umhverfisstofnun og Rauða kross Íslands, með leiðbeiningum um viðbúnað fyrir, eftir og meðan á öskufalli stæði.

Gefið var út fræðsluefni á rafrænu formi um neyslu og áhrif koffíns með það að markmiði að upplýsa börn, unglinga og aðstandendur þeirra um áhrif koffíns á líkamann og þær hættur sem kunna að stæða af ofneyslu þess. Jafnframt var bæklingurinn um hollustuhætti við meðferð matvæla gefinn út á ensku og pólsku á rafrænu formi á vefnum.

Útgefið efni má nálgast á tölvutæku formi á vef Matvælastofnunar undir ÚTGÁFA. Þar má einnig finna ársskýrslur MAST, skýrslur eftirlitsverkefna Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, eftirlitshandbækur, glærur af fræðslufundum og greinaskrif í prentmiðlum.

Mynd 1.4.1: Fjöldi heimsóknna og fréttabirtinga á vef MAST



4.3 Greinaskrif

MAST hélt áfram samstarfi við Morgunblaðið með hálfsmánaðarlegum greinaskrifum um málefni sem snúa að starfssviði stofnunarinnar. Greinarnar eru skrifaðar af sérfræðingum Matvælastofnunar í mánudagshefti Morgunblaðsins undir *Daglegu lífi* og eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar undir ÚTGÁFA. Eftirfarandi greinar voru birtar árið 2010:

- *Dýr og flugeldar um áramót* — Gísli Sv. Halldórsson, Morgunblaðið 27.12.10
- *Salmonella og eftirlit með kjúklingum* — Sigurborg Daðadóttir, Morgunblaðið 15.12.10
- *Tími transfitu liðinn* — Zulema Sullca Porta, Morgunblaðið 29.11.10
- *Eru matvæli rétt merkt?* — Jónína Þ. Stefánsdóttir, Morgunblaðið 15.11.10
- *Tilboðsmarkaður með greiðslumark mjólkur* — Sverrir Þ. Sverrisson, Morgunblaðið 01.11.10
- *Merking matvæla* — Sesselja M. Sveinsdóttir, Morgunblaðið 11.10.10
- *Nýjar kröfur við framleiðslu kjöts, mjólkur og eggja* — Sigurður Hansson, Morgunblaðið 27.09.10
- *Förum vel að kindunum í réttum* — Þorsteinn Ólafsson, Morgunblaðið 09.09.10
- *Bisfenól-A í barnapælum* — Sesselja María Sveinsdóttir, Morgunblaðið 30.08.10
- *Kostnaðarsamt eftirlit með kræklingarækt* — Þór Gunnarsson, Morgunblaðið 16.08.10
- *Örugg matvæli í útilegum* — Sesselja María Sveinsdóttir, Morgunblaðið 03.08.10
- *Þegar kýrnar dansa* — Katrín H. Andrésdóttir, Morgunblaðið 19.07.10
- *Fæðubótarefni skulu aldrei koma í stað fjölbreyttrar fæðu* — Katrín Guðjónsdóttir, Morgunblaðið 05.07.10
- *Er grillmatur varasamur?* — Ingibjörg Jónsdóttir, Morgunblaðið 21.06.10
- *E-efni ekki sama og eitru* — Ingibjörg Jónsdóttir, Morgunblaðið 07.06.10
- *Eru íslenskir kjúklingar bestir?* — Sigurborg Daðadóttir, Morgunblaðið 26.05.10
- *Hestar fá líka kvef* — Sigríður Björnsdóttir, Morgunblaðið 10.05.10
- *Gosaska og áhrif hennar á húsdýrin* — Auður L. Arnþórsdóttir, Morgunblaðið 26.04.10
- *Aukið eftirlit með lyfjagjöf í búfé* — Björn Steinbjörnsson, Morgunblaðið 14.04.10
- *Fullyrðingar á matvælum* — Helga M. Pálsdóttir, Morgunblaðið 22.03.10
- *Fæðubótarefni mega ekki innihalda lyf* — Jónína Þ. Stefánsdóttir, Morgunblaðið 08.03.10
- *Eitt skref fram og eitt skref aftur* — Dóra S. Gunnarsdóttir, Morgunblaðið 22.02.10
- *Veraldarfengurinn viðurkenndur af ESB* — Sigríður Björnsdóttir, Morgunblaðið 10.02.10
- *Markmið nýrrar matvælalöggjafar* — Dóra S. Gunnarsdóttir, Morgunblaðið 26.01.10
- *Ný matvælalöggjöf og neytendavernd* — Jón Gíslason, Morgunblaðið 12.01.10

4.5 Fundir og ráðstefnur

Fyrsta samráðsþing Matvælastofnunar var haldið fimmtudaginn 29. apríl á Hilton Reykjavík Nordica. Þingið hafði það að markmiði að styrkja samskipti Matvælastofnunar við eftirlitsþega og aðra viðskiptavini. Ólíkt hefðbundnum ársfundum var lögð aukin áhersla á gagnvirk samskipti í gegnum umræðuhópa, auk stuttra framsöguerinda frá forstjóra MAST og fulltrúum stærstu starfsgreinasamtaka sem stofnunin hefur eftirlit með. Þær ábendingar sem bárust voru skjalfestar í skýrslu um þingið til frekari úrvinnslu af hálfu MAST. Þingið þótti ná tilætluðum markmiðum og var ákveðið að halda samráðsþing með svipuðum hætti árið 2011.

Mánaðarlegir fræðslufundir MAST héldu áfram göngu sinni árið 2010. Beinir netútsendingar hófust í byrjun árs og má nálgast upptöku af öllum fundunum á vef MAST undir ÚTGÁFA, ásamt glærum. Fræðslufundir MAST 2010 voru:

- *Transfitusýrur* – 30. nóvember 2010
- *Tilboðsmarkaður með greiðslumark mjólkur / BÚSTOFN: Rafræn skráning búfjár* – 9. nóvember 2010
- *Nýjar kröfur um framleiðslu búfjárafurða* – 28. september 2010
- *Lyfjagjöf og lyfjaleifar í búfé* – 27. apríl 2010
- *Fullyrðingar á matvælum* – 23. mars 2010
- *Rekjanleiki og innköllun matvæla* – 23. febrúar 2010
- *Breytingar með nýrri matvælalöggjöf* – 26. janúar 2010

Matvælastofnun skipulagði fjölda annarra viðburða á árinu:

- Þrjár kynningarfundir voru haldnir fyrir matvælafyrirtæki um nýja matvælalöggjöf, þar af einn á Akureyri. Sérstakir fundir voru einnig haldnir fyrir sjávarútvegsfyrirtæki, fódurframleiðendur, skoðunarstofur, heilbrigðiseftirlitið og starfsfólk MAST, ásamt tveggja daga námskeiðum í Reykjavík og á Akureyri fyrir héraðs- og eftirlitsdýralækna – febrúar - mars 2010.
- VIII Nordic Food Control Conference: Food Fraud and Company Consultation – Ráðstefna í Reykjavík 25.-26. febrúar 2010
- Opið málþing um verkefnið Campy-on-Ice og baráttuna gegn kampýlólbakter – 27. maí 2010
- Fjöldi funda voru haldnir með hlutaðeigandi aðilum um smitandi hósta í hrossum og eldgosið í Eyjafjallajökli.

1. Löggjöf

1.1 Stjórnsýslufyrirmæli

Innleiðing reglugerða og upptaka í íslenskan rétt er í höndum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Á árinu voru birt 94 stjórnsýslufyrirmæli (reglugerðir og auglýsingar) sem varða starfsemi MAST. Þau voru til innleiðingar á 127 EB-gerðum sem flestar voru gefnar út á árunum 2002-2010. Sjá nánar viðauka 2.

Rétt er að nefna sérstaklega útgáfu reglugerða vegna laga nr. 143/2009 um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. Með samþykkt þeirra laga var löggjöf Evrópusambandsins um eftirlit og hollustuhætti í matvæla- og fóðurframleiðslu innleidd. Með lögnum var sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heimilað að innleiða með reglugerð reglugerðir Evrópusambandsins nr. 178/2002 (reglugerð um almennar meginreglur og kröfur skv. lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggi matvæla), 852/2004 (reglugerð um hollustuhætti sem varða matvæli), 853/2004 (reglugerð um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu), 854/2004 (reglugerð um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til mannelis) og 882/2004 (reglugerð um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt). Jafnframt var ráðherra veitt heimild til að innleiða með reglugerð allar reglugerðir Evrópusambandsins sem teknar verða upp í EES-samninginn og fela í sér breytingar eða viðbætur við reglugerðirnar, sem og reglugerðir Evrópusambandsins sem settar eru með tilvísun í reglugerðirnar.

Fyrirnefndar reglugerðir voru innleiddar með eftirfarandi hætti:

- Reglugerð nr. 102/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002
- Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004
- Reglugerð nr. 104/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004
- Reglugerð nr. 105/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004
- Reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004
- Reglugerð nr. 107/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005
- Reglugerð nr. 108/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 (um aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til mannelis)
- Reglugerð nr. 135/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2073/2005 (um örverufræðileg viðmið fyrir matvæli)

Þá er sömuleiðis rétt að nefna sérstaklega tvær reglugerðir sem fela í sér nýmæli í löggjöf hérlendis, annars vegar reglugerð nr. 1038/2010 um merkingar og rekjanleika erfðabreyttra matvæla og erfðabreytts fódurs, en markmið hennar er að neytendur fái réttar og greinargóðar upplýsingar um þau erfðabreyttu matvæli sem markaðssett eru hérlendis og hið sama á við um kaupendur fódurs. Hin nýmælin eru reglugerð nr. 1045/2010 um hámarks magn transítusýra í matvælum, sem ætlað er að koma í veg fyrir markaðssetningu matvæla sem innihalda meira en 2g af transítusýrum í hverjum 100g af heildarfitumagni í matvælum.

Í kjölfar umræðu og útgáfu reglugerðar um transítusýrur hófu framleiðendur að auglýsa ýmsar vörur, þ.á.m. popp sem transítusýrulausar

2. Evrópumál

2.1 Upptaka gerða Evrópubandalagsins (EB) í EES-samninginn

Á hverju ári fær stofnunin fjölda svokallaðra staðalskjala (e. standard sheet) til umsagnar vegna upptöku EB-gerða í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Slíkar umsagnir eru sendar til EFTA-skrifstofunnar og fyrir þær gerðir sem teknar eru upp í samninginn fara einnig sérstök upplýsingablöð til utanríkisráðuneytisins. Eitt staðalskjal berst fyrir hverja gerð sem gefin er út hjá EB og taka skal til skoðunar. Sérfræðingar á fagsviðum MAST meta þær EB-gerðir sem heyra undir þeirra svið með tilliti til þess hvort þær skuli teknar upp í EES-samninginn (eru EES-tækar) og ef svo er hvort aðlögunar eða undanþágu er þörf af Íslands hálfu. Heildarfjöldi staðalskjala sem metinn var á árinu 2010 var rúmlega 150. Stærstur hluti gerða er yfirleitt talinn EES-tækur og fremur sjaldgæft að talin sé þörf á að sækja eftir aðlögunartexta eða annarri undanþágu, en þó eru nokkur slík tilvik á ári hverju. Algengast er að slíkt sé gert í samráði við Norðmenn og er sameiginleg undanþágubeiðni þá fullunnin af hálfu EFTA-skrifstofunnar. Þar sem Ísland hefur hingað til verið undanþegið ákvæðum í Viðauka I við EES-samninginn eru það helst ákveðnar gerðir sem varða dýrasjúkdóma og lifandi dýr sem ekki hafa verið taldar EES-tækar og voru þær 24 á árinu eða um 16%.

Skipting gerða milli málaflokka:

- Heilbrigði og velferð dýra 61
- Matvælaöryggi og neytendamál 45
- Fóður, sáðvara og áburður 46

2.2 Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)

ESA hefur eftirlit með því að skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum séu efndar og framkvæmd eftirlits hér á landi sé í samræmi við löggjöf þar að lútandi. Af því tilefni kemur stofnunin í árlegar eftirlitsheimsóknir til landsins og tekur út eftirlit á afmörkuðu sviði í hvert sinn. Á árinu kom ESA í fjórar eftirlitsferðir. Ein ferð til viðbótar var upphaflega á áætlun en hún var felld inn í eftirlitsheimsókn frá Matvæla- og dýraheilbrigðisstofnun ESB varðandi kjöt og mjólk. Fyrsta heimsókn ársins varð æfingaheimsókn (e. preparatory mission) þar sem ákveðið var skömmu áður en heimsóknin hófst að taka mið af nýlegri löggjöf ESB á þessu sviði sem tók gildi hér á landi 1. mars 2010, stuttu eftir að heimsóknin átti sér stað. Slíkar eftirlitsferðir eru undirbúnar og framkvæmdar eins og um fullgildar eftirlitsferðir væri að ræða en lokaskýrslur eru þó ekki birtar á vef ESA. Aðrar skýrslur má finna á vefslóðinni:

<http://www.eftasurv.int/internal-market-affairs/areas-of-competence/food-safety/veterinary-inspections/>

Eftirlitsferðir ESA árið 2010:

- Eftirlit á landamærastöðvum (BIPs) 17.-21. maí
- Lifandi samlokur (live bivalve molluscs) 22. júní -1. júlí
- Framkvæmd eftirlits með framleiðslu fiskafurða 15.-24. nóvember

Æfingaferðir ESA árið 2010:

- Fóðurlöggjöf (hollustuhættir) 8.-16. febrúar

2.3 Matvæla- og dýraheilbrigðisstofnun ESB (FVO)

Auk eftirlitsstofnunar ESA komu eftirlitsmenn frá ESB einnig til landsins. Um þrjár heimsóknir var að ræða. Sú fyrsta var almenn úttekt á fyrirkomulagi eftirlits með heilbrigði dýra og plantna, matvælum og fódri (júní). Um var að ræða vikulanga heimsókn FVO til þess að kortleggja ofangreint eftirlit hér á landi og útbúa í framhaldinu svokallaða landsskýrslu um Ísland (e. country profile) sem notuð verður í aðildarviðræðum við ESB. Skýrslan verður birt á vef sambandsins og hún mun verða í stöðugri uppfærslu eftir því sem þörf krefur.

Síðari heimsóknir ársins sneru að eftirliti í sláturhúsum, kjötvinnslum og mjólkurstöðvum (september), en þá komu tvö eftirlitsteymi í tveggja vikna eftirlitsheimsókn í ofangreind fyrirtæki. Annað teymi var hér í reglubundinni heimsókn í þau fyrirtæki sem hafa útflutningsleyfi á Evrópumarkað en heimsókn hins teymisins tengdist aðildarumsókn Íslands að ESB.

Það teymi fór því eingöngu í fyrirtæki sem ekki hafa útlutningsleyfi til þess að skoða aðstæður og meta hvaða breytingar þyrfti helst að gera til þess að fyrirtækin gætu uppfyllt þær kröfur sem gerðar verða við aðild. Hafa ber í huga að stór hluti af þeirri löggjöf hefur þegar verið innleiddur hér á landi en vegna aðlögunarfrests taka þær reglur ekki gildi fyrir búfjárafurðir fyrr en 1. nóvember 2011. Skýrsla þess teymis sem fór í fyrirtæki með útlutningsleyfi verður birt á vef FVO en hin skýrslan verður höfð til hliðsjónar við aðildarviðræður.

2.4 Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA)

Með innleiðingu á reglugerð ESB nr. 178/2002 varð Ísland fullgildur aðili að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (European Food Safety Authority, EFSA). Með þessari reglugerð, sem innleidd var með reglugerð nr. 102/2010, er kveðið á um stofnun EFSA, hlutverk, uppbyggingu og starfsemi hennar (III. kafli). MAST er tengiliður við EFSA á Íslandi og tekur beinan þátt í starfsemi stofnunarinnar með setu í svokölluðu tengiliðaneti (Focal Point Network) og í ráðgjafanefnd (Advisory Forum). Í báðum þessum hópum á sæti einn aðili frá hverju aðildarríki EFSA (ESB ríki auk EES/EFTA ríkja). Það er stefna MAST að taka virkan þátt í þessu samstarfi og nýta sem best þá möguleika sem bjóðast á þessum vettvangi. Meginhlutverk EFSA er ráðgjöf og álitgjöf til framkvæmdastjórnarinnar auk áhættumats á sviði matvæla, dýraheilbrigðis, fódurs og plöntuheilbrigðis. Þetta starf byggir einkum á samstarfi vísindamanna, sérfræðinga og rannsóknastofnana í aðildarríkjunum. Það er hlutverk tengiliða í ríkjunum að hvetja slíka aðila og stofnanir í sínu landi til samstarfs við EFSA og halda utan um upplýsingagjöf og samskipti milli aðila. Haldin er sérstök skrá yfir slíkar samstarfsstofnanir sem kallast „Art36 Database“ með tilvísan í 36. grein reglugerðar EB nr. 178/2002. Þegar hafa 4 stofnanir á Íslandi skráð sig í þennan gagnagrunn og lýst sig þannig reiðubúnar til samstarfs við EFSA á ákveðnum sérsviðum. Fleiri aðilum mun á árinu 2011 bjóðast þátttaka í þessu starfi. Einnig heldur EFSA úti sérstökum gagnagrunni yfir þá sérfræðinga sem reiðubúnir eru til samstarfs sem óháðir einstaklingar, hver á sínu sviði (Expert Database). Margvísleg gögn og skýrslur varðandi áhættumat og ýmis önnur mál er að finna á vef EFSA og er það meðal annars hlutverk „Focal Point“ tengiliða að kynna slíkt og dreifa til allra sem málið kann að varða. MAST mun á árinu 2011 fara í frekari kynningu á starfi EFSA og skipulagningu á því hvernig þessu nýja hlutverki stofnunarinnar verður sinnt á sem skilvirkastan hátt.

2.5 Annað

Stofnunin aðstoðar Þýðingamiðstöð UTN við þýðingar á gerðum sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og svaraði stofnunin 68 fyrirspurnum frá Þýðingamiðstöðinni á árinu. Því til viðbótar les stofnunin yfir nokkuð af drögum að reglugerðum áður en þær eru innleiddar í íslenskan rétt.

3. Stjórnsýsluverkefni tengd búvörulögum nr. 93/1993

3.1 Greiðslumark og beingreiðslur

Með breytingu á lögum nr. 99/1993 var Matvælastofnun falið hlutverk umsjónaraðila með skráningu réttthafa greiðslumarks og beingreiðslna. Þessar skrár eru sá grunnur sem ríkissjóður notar til greiðslu til bænda hvort heldur um er að ræða greiðslur vegna framleiðslu mjólkur- eða sauðfjárafurða. Fyrir breytingu laganna hafði umsjón þessara verkefna verið á hendi Framkvæmdanefndar búvörusamnings, en dagleg umsýsla skráninga verið unnin af Bændasamtökum Íslands. Matvælastofnun (áður Landbúnaðarstofnun) samdi í upphafi árs 2006 við Bændasamtökin um að annast áfram þann hluta sem lýtur að uppfærslu skráa og verkefna sem því tengjast. Það samkomulag hefur síðan verið endurnýjað árlega.

Með ofangreindum lögum og nýrri reglugerð nr. 11/2008 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum 2008-2013, er Matvælastofnun falið að vera umsjónaraðili með greiðsluskram til bænda og eru stofnuninni ætluð eftirfarandi verkefni:

- Að halda skrá yfir réttthafa greiðslumarks lögbýla. Á árinu var fjöldi lögbýla með skráð greiðslumark sauðfjár 1.864. Lögbýli skráð með greiðslumark mjólkur voru 702.
- Að halda skrá yfir innlagnir á greiðslumarki lögbýla. Einn framleiðandi lagði inn greiðslumark sitt á árinu til geymslu.
- Að halda skrá yfir handhafa beingreiðslna. Handhafar beingreiðslna á árinu voru vegna mjólkurframleiðslu 701 (703) og 1864 (1874) vegna sauðfjárframleiðslu.
- Að staðfesta breytingar á handhöfum beingreiðslna. Samtals voru staðfestar 65 (89) breytingar handhafa beingreiðslna, þar af 15 (22) vegna mjólkurframleiðslu og 50 (67) vegna sauðfjárframleiðslu.

Á árinu voru beingreiðslur samtals 6.398 m.kr. (6.584), þar af 4.320 m.kr. (4.544) vegna mjólkurframleiðslu og 2.078 m.kr. (2.040) vegna sauðfjárframleiðslu. (Ath: Tölur í sviga eru frá árinu 2009)

Auk nefndra verkþátta hefur Matvælastofnun það verkefni að skera úr ágreiningsmálum sem kunna að rísa um greiðslumark eða réttindi til beingreiðslna.

3.2 Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla

Með reglugerð nr. 10/2008 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu er Matvælastofnun falin framkvæmd hennar. Með setningu reglugerðarinnar var umsjón með framkvæmd gæðastýringar færð frá Framkvæmdanefnd búvörusamnings til Matvælastofnunar. Samstarfsaðilar stofnunarinnar við framkvæmd gæðastýringarinnar eru Bændasamtök Íslands, forðagæslumenn og Landgræðsla ríkisins. Helstu verkefni Matvælastofnunar samkvæmt fyrirætlum reglugerðarinnar eru:

- Að halda skrá yfir réttthafa álagsgreiðslna vegna gæðastýringar. Réttthafar til álagsgreiðslna voru á árinu 1613 (1448).
- Að staðfesta breytingar á handhöfum álagsgreiðslna vegna gæðastýringar. Breytingar vegna aðilaskipta í gæðastýringu voru á árinu 106 (93), fjöldi skriflegra athugasemda vegna framkvæmdar gæðastýringar á árinu voru 62 (75).
- Að annast uppgjör við réttthafa álagsgreiðslna. Heildargreiðslur vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt á árinu voru 1.108 m.kr. (1.083).
- Að annast eftirlit með gæðastýringu í sauðfjárframleiðslu.

3.3 Gripagreiðslur í nautgriparrækt

Með reglugerð nr. 567/2006 um gripagreiðslur á lögbýlum var Matvælastofnun falið tiltekið hlutverk við framkvæmd reglugerðarinnar. Segja má að með setningu reglugerðar um gripagreiðslur á árinu 2006 hafi ríkið komið til móts við framleiðendur nautakjöts sem fram að því höfðu ekki notið framleiðslustyrkja. Helsta verkefni stofnunarinnar er að ákveða hvaða eigendur nautgripa uppfylla skilyrði um rétt til gripagreiðslna skv. fyrirætlum reglugerðarinnar, auk eftirtalinnna verka:

- Að halda skrá yfir réttthafa gripagreiðslna. Fjöldi bænda sem fengu gripagreiðslur á árinu voru 798 (800) og voru gerðar 26 (38) breytingar á handhöfum gripagreiðslna á árinu.
- Að ákveða upphæð greiðslna til réttthafa, en samtals voru greiddar 553 mkr. (542) vegna gripagreiðslna á árinu.
- Að hafa eftirlit með skráningum gripa og fjölda búfjár.

3.4 Tilboðsmarkaður með greiðslumark mjólkur

Þann 1. desember 2010 hófust viðskipti með greiðslumark mjólkur á svokölluðum kvótamarkaði. Um nýtt fyrirkomulag slíkra viðskipta er að ræða. Viðskipti með greiðslumark mjólkur munu eftirlíðis eiga sér stað á uppboðsmarkaði sem Matvælastofnun er falið að annast skv. reglugerð nr. 430/2010 um markaðsfyrirkomulag við aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur á lögbýlum. Á uppboðsmarkaði munu kaupendur og seljendur mætast og verð ákvarðast.

Greiðslumark mjólkur er ákveðið magn mjólkur mælt í lítrum sem ákveðið er fyrir hvert lögbýli og veitir rétt til beingreiðslu úr ríkissjóði. Kaup og sala á greiðslumarki mjólkur eru því í raun viðskipti með framleiðslurétt og þar með réttindi til að njóta beingreiðslna úr ríkissjóði. Kvótamarkaðir með greiðslumark mjólkur skulu haldnir tvisvar á ári, 1. desember og 1. júní. Eigendur greiðslumarks mjólkur sem hug hafa á að selja frá sér, eða afla sér frekara greiðslumarks, gera skrifleg tilboð þar sem fram kemur ósk viðkomandi um verð og magn. Verð sem myndast á kvótamarkaði kallast jafnvægisverð. Öll viðskipti á tilteknum kvótamarkaði fara fram á því verði sem uppboðið skilaði:

- Á uppboðsmarkaði 1. desember 2010 bárust 56 tilboð um kaup og sölu.
- Alls urðu viðskipti með 138.555 lítra mjólkur.
- Til sölu voru boðnir 927.871 lítrar en tilboð bárust um kaup á 876.277 lítrum.
- Jafnvægisverð á markaði var 280 kr. fyrir hvern lítra mjólkur.

1. Um áhættumat og gæðastjórnun

Hlutverk sviðsins, auk gæðamála stofnunarinnar, er að halda utan um opinbert eftirlit með matvælum, heilbrigði dýra og velferð dýra, hvort heldur eftirlitið er í höndum MAST eða Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES). Eftirlit er framkvæmt samkvæmt eftirlits- og sýnatökuáætlunum sem gerðar eru með hliðsjón af niðurstöðum eftirlits fyrra árs. Auk þess er unnið að áhættuflokkun matvælagreina, frá haga/hafi til maga, sem verður undirstaða eftirlits- og sýnatökuáætlana í framtíðinni. Niðurstöður eftirlits eru skráðar, kröfum um úrbætur er fylgt eftir og niðurstöður teknar saman.


Verkefni sviðsins snúa að gæðamálum, áhættuflokkun, umsjón með gerð áætlana varðandi varnir og viðbrögð við súnnum, samræming eftirlits- og sýnatökuáætlana og greining á niðurstöðum eftirlits. Þannig verður eftirlit með matvælum, heilbrigði dýra og velferð dýra í sífelldri endurskoðun. Að auki mun sviðið annast innri úttektir á eftirlitsstarfsemi stofnunarinnar og HES, hvort heldur það verður beint eða utanaðkomandi aðili verði fenginn í verkið.

2. Gæðamál

Til að tryggja gæði starfsemi MAST er útbúin gæðahandbók sem sett er upp í ákveðnu gæðakerfi sem tryggir virkni hennar. Bókin er skrifuð, gefin út, tekin út og endurskoðuð reglulega, auk þess sem sérstaklega þarf að halda utan um kvartanir vegna starfsemi stofnunarinnar. Sérfræðingur í gæðastýringu virkjar alla starfsmenn MAST til þátttöku í gerð, viðhaldi og úttekt á gæðahandbók.

2.1 Gæðahandbók

Gæðatengill, einn á hverju sviði, ber ábyrgð á ritun skjala í gæðahandbókina en honum til stuðnings eru aðrir starfsmenn sem skrifa innihald skjalanna. Skjölín skiptast í stefnuskjöl, verklagsreglur, vinnulýsingar, leiðbeiningar, gátlista og eyðublað.



Á árinu var haldið áfram að skrifa gæðahandbókina. Nýir verkferlar, vinnulýsingar, leiðbeiningar, gátlistar o.fl. litu dagsins ljós og fjölgaði um helming á árinu. Við árslok var fjöldi skjala í gæðahandbókinni samkvæmt töflu hér að neðan:

Tafla III.2.1: Útgáfa skjala í gæðahandbók MAST 2009

Heiti skjals	Fjöldi skjala í vinnslu	Fjöldi útgefna skjala	Alls
Stefnuskjal	7	6	13
Verklagsregla	18	12	30
Vinnulýsing	53	25	78
Gátlisti	33	6	39
Leiðbeiningarskjal	48	33	81
Eyðublað	52	24	76
Alls skjöl í gæðahandbók	211	106	317

2.2 Innri úttektir

Innri úttektir eru gerðar á útgefnum verklagsreglum ásamt vinnulýsingum, leiðbeiningum, gátlistum og eyðublaðum sem tilheyra þeim. Hver verklagsregla er reglulega tekin út. Á árinu voru teknar út fjórar verklagsreglur. Úttektarmenn vinna tveir saman í fimm teyrum og þess er gætt að þeir taki aldrei út eigin störf.


2.3 Ábendingar og fyrirspurnir

Sérstakt forrit, sk. ábendingakerfi, er notað til að halda utan um kvartanir, ábendingar og fyrirspurnir sem ekki krefjast formlegra svara. Fyrirspurnir sem krefjast formlegra svara eru flokkaðar sem „erindi“ og færast í skjalakerfi stofnunarinnar. Á árinu bárust alls 278 fyrirspurnir, 42 ábendingar og 2 kvartanir.


Fyrirspurnir sem bárust stofnuninni á árinu voru fjölbreytilegar. Oftast var spurt um innflutning gæludýra og annan innflutning sem oftast tengdist innflutningi reiðtygja eða veiðibúnaðar. Auk þess var mikið spurt um fæðubótaefni og innflutning matvæla.

Til hægri er yfirlit yfir fyrirspurnir, þ.e. um hvað stofnunin var spurð á árinu 2010.

Mynd III.2.1: Ábendingar flokkaðar eftir efni og fjölda



Mynd III.1.1: Fyrirspurnir flokkaðar eftir efni og fjölda



Ábendingar sem berast stofnuninni eru af ýmsum toga en þær koma flestar frá almenningi sem nýtir sér í auknum mæli samskipti í gegnum heimasíðu stofnunarinnar. Flestar ábendingar sem bárust á árinu voru um merkingar matvæla. Yfirlit yfir ábendingar árið 2010 má sjá hér að ofan.

3. Áhættumat

Í samræmi við kröfur nýrrar matvælaöggjafar um að tíðni eftirlits skuli miðuð út frá áhættuflokkun sem byggir á áhættumati vinnur áhættumats- og gæðastjórnunarsvið að skipulagi og uppsetningu áhættuflokkunar og gerð áhættumats. Þá heldur sviðið utan um gerð einnar samþættrar eftirlitsáætlunar fyrir Ísland og gerð áætlana um varnir og viðbrögð við súnnum. Með innleiðingu einnar, samþættrar eftirlitsáætlunar til margra ára verður unnið út frá langtíamarkmiðum hvað varðar áherslur í eftirliti fyrir Ísland sem mun byggja á áhættumati. Mun þessi áætlun sæta reglulegri endurskoðun auk þess sem áhættumat verður uppfært eftir því sem tilefni er til. Til að tryggja enn frekar samræmi í eftirliti og fylgni við eftirlitsáætlanir sér sviðið einnig um úttektir á eftirlitsstarfsemi, bæði hjá MAST og HES.

1. Um matvælaöryggi og neytendamál

Markmiðið með starfsemi matvælaöryggis- og neytendamálasviðs er að efla gæði aðfanga, stuðla að heilbrigði plantna og öryggi matvæla allt frá hafi/haga til maga og vinna að því að matvælafyrirtæki axli ábyrgð á starfsemi sinni með neytendavernd að leiðarljósi. Á sviðinu er unnið við eftirlit, umsjón og samræmingu á eftirliti, innleiðingu á nýrri löggjöf og svörun fyrirspurna frá eftirlitsaðilum, matvælafyrirtækjum og neytendum.

Starfsemi sviðsins á árinu 2010 einkenndist af þátttöku í rýni á löggjöf ESB vegna umsóknar Íslands um aðild að ESB. Í júní funduðu fulltrúar FVO með ýmsum starfsmönnum Matvælastofnunar til að undirbúa gerð lýsingar á eftirlitskerfi Íslands vegna aðfanga, plöntuheilbrigðis, dýraheilbrigðis og matvæla. Í september komu tveir hópar sérfræðinga frá FVO til að gera úttektir á matvælafyrirtækjum sem framleiða búfjárafurðir á Íslandi. Annar hópurinn skoðaði fyrirtæki sem eru með útflutningsleyfi á ESB-markað og hinn hópurinn skoðaði fyrirtæki sem ekki hafa útflutningsleyfi. Í september kom sérfræðingur frá ESB til að aðstoða íslensk yfirvöld við að skilgreina hvar Ísland hefði þörf fyrir aðstoð við að hrinda í framkvæmd nýrri löggjöf samkvæmt EES-samningnum og til að innleiða og framkvæma ESB löggjöf ef Ísland gengur í ESB. Í framhaldi af því voru skilgreind mörg TAIXEY verkefni um sérfræðiaðstoð við Ísland.

ESA kom í þrjár eftirlitsheimsóknir sem vörðuðu verkefni matvælasviðsins. Fyrst var heimsókn vegna fóðureftirlits, um mitt ár úttekt á skelfiskeftirliti og loks úttekt á eftirliti með fiskafurðum.

Salmonella greindist í vaxandi fjölda sýna úr búfjáreldi, einkum þó í alifuglaeldi. Nú virðist smitið hafa náð að búa um sig á alifuglabúum og ekki hefur tekist að uppræta smitið milli eldihópa á sumum búum. Einnig eru vísbendingar um að smitið hafi borist milli búna og milli eldihúsa á búum. Brögð voru að krossmengun í sláturhúsi svo að innkalla þurfti mengaða sláturhópa. Alifuglabændur fengu tvo norska sérfræðinga til að gera úttekt á ástandinu og gera tillögur um úrbætur og eitt alifuglafyrirtæki fékk danskan sérfræðing til ráðgjafar. Matvælastofnun fékk seint á árinu til umsagnar erindi frá Félagi alifuglabænda til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis um leyfi til að slátra salmonellusmituðum eldihópum.

Tvær tilkynningar bárust stofnuninni um matarsýkingar. Önnur sýkingin var af völdum stafylókokka á Vesturlandi en hin var vegna gruns um að farþegar í Lufthansa-flugvél sem lenti á Keflavíkurflugvelli hefðu veikst af matarsýkingu. Ekki tókst að staðfesta gruninn.

Matvælahópur Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar hélt fimm fundi á árinu. Hlutverk hópsins er að fjalla um þau málefni er hæst ber á hverjum tíma og samræma og samhæfa matvælaeftirlit á Íslandi. Hann er einn helsti samstarfsvettvangur MAST og Heilbrigðiseftirlitsins auk vofundar og haustfundar og annarra samskipta vegna eftirlitsverkefna.

Seint á árinu tilkynnti Matvælastofnun saltfiskframleiðendum formlega að notkun fjölfosfata væri óheimil og bæri að hætta henni strax. Stofnunin hafði frá árinu 2008 oft kynnt þá skoðun sína að slík notkun væri óheimil.

Seint á árinu var tekin ákvörðun um að hætta að nota skoðunarstofur í eftirliti með framleiðendum sjávarafurða og mun stofnunin yfirtaka eftirlitið. Gert er ráð fyrir að ráðnir verði þrír nýir eftirlitsmenn til að sinna þessu verkefni.

Stofnunin jók innflutningseftirlit með fæðubótarefnum einstaklinga og fyrirtækja í samvinnu við Tollgæsluna.

Innleiðing nýrrar matvælalöggjafar Evrópusambandsins var stórt verkefni á árinu 2010. Útbúið var kynningarefni, haldnir fræðslufundir og námskeið með hagsmunaaðilum og eftirlitsaðilum og auk þess tók Matvælastofnun við eftirliti með kjötvinnslum og mjólkurbúum frá HES með gildistöku nýju löggjafarinnar.

Seint á árinu greindist díoxín yfir mörkum í mjólkursýni á Vestfjörðum. Matvælastofnun stöðvaði strax sölu búfjárafurða frá býlinu og tók fleiri sýni til að kanna útbreiðslu mengunarinnar.

Sett var reglugerð um merkingu og rekjanleika erfðabreyttra matvæla og erfðabreytts fóðurs. Sett var reglugerð um hámark transítusýra í matvælum.

Matvælastofnun og Lýðheilsustöð hófu á árinu könnun á mataræði og neysluvenjum landsmanna í samvinnu við Rannsóknastofu í næringarfræði.

2. Áburður

Áburðareftirlit Matvælastofnunar fer eftir lögum nr. 22/1994 um eftirlit með áburði, fóðri og sáðvöru og reglugerðum 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni og 630/2007 um ólífrænan áburð. Áburðareftirlitið felur í sér:

- Skráningu áburðarfyrirtækja: Öll fyrirtæki sem framleiða eða flytja inn áburð eða jarðvegsbætandi efni skulu vera skráð hjá Matvælastofnun.
- Skráning áburðartegunda: Allar áburðartegundir skulu einnig vera skráðar hjá MAST.
- Úttekt á áburðarfyrirtækjum: Fylgjast með aðstöðu fyrirtækjanna til að framleiða og geyma áburð.
- Vöruskoðun: Skoða hvort umbúðir og merkingar séu samkvæmt gildandi reglum. Einnig eru tekin sýni af áburði og þau send í efnagreiningu. Áburðarsýnin eru efnagreind hjá LUFA í Þýskalandi. Niðurstöður eru bornar saman við skráð gildi á áburðinum og einnig merkingar á umbúðunum. Samkvæmt reglugerðum má innihald næringarefna ekki fara niður fyrir ákveðin vikmörk.

Hérlendis er fyrst og fremst notaður ólífrænn, innfluttur áburður. Þessi áburður er ýmist einkorna eða fjölkorna. Í einkorna áburði inniheldur sérhvert áburðarkorn öll næringarefni í þeim hlutföllum sem gefin eru upp í áburðinum. Í fjölkorna áburði er áburðarkornin með mismunandi næringarefni sem er blandað saman í ákveðnum hlutföllum eftir áburðartegundum.

Ólífræna innflutta áburðinum er skipt í EB-áburð og ekki EB-áburð. Á merkingum þarf að koma skýrt fram hvort áburðurinn sé EB-áburður.

Lífrænn áburður er framleiddur hérlendis. Hráefni í hann eru ýmis lífræn efni, bæði af dýrum og jurtum. Um er að ræða kjötmjöl, fiskimjöl, moltu, þangmjöl og skeljasand.

Árið 2010 voru flutt inn 46.335 tonn af jarðræktaráburði. Til samanburðar voru 48.294 tonn af jarðræktaráburði flutt inn árið 2009, sjá meðfylgjandi töflu.

Tafla IV.2.1: Innfluttur áburður og næringarefni 2010 í kílógrömmum (2009)

Áburður	Alls	Köfnunarefni	Fosfór	Kalí
Jarðræktaráburður	46.344.800 (48.293.720)	10.772.069 (11.978.258)	1.542.046 (1.639.310)	2.423.397 (2.426.018)
Kalk	61.800 (40.800)	-	-	-
Áburður á ípróttavelli	506.310 (417.645)	61.239 (49.870)	24.411 (19.928)	68.360 (56.820)
Áburður til garðyrkju/ylræktar	452.087 (1.208.326)	43.606 (144.187)	11.815 (41.925)	72.560 (158.044)
Blómaáburður	16.037 (11.865)	-	-	-
Samtals	47.381.034 (49.972.356)	-	-	-

2.1 Leyfisveitingar

2.1.1 Innfluttur áburður

Alls fluttu 24 fyrirtæki inn áburð árið 2010. Innflutningi má skipta í 5 flokka (sum fyrirtæki flytja inn fleira en einn flokk):

- Tún- og jarðræktaráburður (5 fyrirtæki)
- Áburður til garðyrkju og ylrektar (8 fyrirtæki)
- Áburður á ípróttavelli (3 fyrirtæki)
- Blómaáburður til heimilisnota (11 fyrirtæki)
- Köfnunarefnisbindandi rótarbakteríur (2 fyrirtæki)

2.1.2 Innland framleiðsla

Enginn efnaáburður (tilbúinn áburður) er framleiddur á Íslandi. Nokkur fyrirtæki vinna áburð úr lífrænum efnum eða blanda ólífrænan áburð í vökva. Um er að ræða framleiðslu á kjötmjöli, moltu, kalki, aukaafurðum úr fiski og þörungamjöl. Blómaáburður er ýmist framleiddur með því að blanda efnaáburð í vökva eða þörungamjöl í vökva. Alls eru tíu fyrirtæki skráð sem framleiða innlandan áburð eða jarvegsbætandi efni.

Kjötmjöl er framleitt af Förgun ehf. í Flóahreppi. Hráefni verksmiðjunnar kemur frá sláturhúsum og kjötvinnslum á Suðurlandi. Kjötmjölið má nota sem áburð, sé það ekki unnið úr áhættuvefjum dýra.

Aðrir skráðir framleiðendur moltu án sláturúrgangs á landinu eru:

- Íslenska gámafélagið í Gufunesi, vinnur moltu úr heimilisúrgangi.
- Sorpa, vinnur einnig moltu úr heimilisúrgangi, garðaúrgangi og fleiru.
- Skinny–Þinganes, framleiðir þrjár gerðir áburðar og jarvegsbætandi efna úr sjávarfangi.
- Íslenska kalkþörungafélagið ehf. á Bíldudal, framleiðir m.a. áburðarkalk úr kalkþörungum.
- Þörungaverksmiðjan á Reykhólum, framleiðir þörungamjöl m.a. til áburðar.
- Sprettu ehf., þurrkar og þakkar hæsnaskít til áburðar.
- Þrjú íslensk fyrirtæki framleiða blómaáburð fyrir stofublóm: Guðjón D. Gunnarsson, Ylfur ehf. og Þórduna ehf.

2.2 Eftirlit

2.2.1 Innfluttur áburður

Vísað er til eftirlitsskýrslu um áburðareftirlit 2010 sem birt er á heimasíðu Matvælastofnunar.

Á undanförmum árum hefur skipulögð vöruskoðun og sýnataka verið fyrst og fremst á innfluttum tún- og jarðræktaráburði. Á árinu 2010 voru tekin 38 eftirlitssýni af 38 áburðartegundum.

Efnagreiningar á þessum 38 eftirlitssýnum gáfu þær niðurstöður að tvö sýni voru með efnainnihald fyrir neðan leyfileg vikmörk (5%). Ein áburðartegund reyndist innihalda meira kadmíum (Cd) en leyfilegt er. Ekki verður heimilt að dreifa þessum þremur tegundum til notenda fyrr en sýnt hefur verið fram á með sýnatökum og efnagreiningum að efnainnihald áburðarins sé ofan við leyfð vikmörk og að kadmíum sé minna en heimilt hámark.

Við eftirlit kom einnig í ljós að merkingargallar voru á nokkrum áburðartegundum. Þeir fólust m.a. í því að letur hafði máðst af sekkjunum, upplýsingar á sekkjum voru rangar eða ófullnægjandi og í sumum tilfellum voru merkingar á erlendum tungumálum. Samkvæmt reglugerðum skulu merkingar vera skýrar, óafmáanlegar, réttar og á íslensku.

2.2.2 Innland framleiðsla

Matvælastofnun annast eftirlit með innlandri framleiðslu á áburði í samstarfi við héraðsdýralækna og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Þar sem hráefni í þessari framleiðslu er að verulegu leyti lífrænt, m.a. dýraafurðir, snýst það eftirlit fyrst og fremst að framleiðsluháttum og heilnæmi hráefna.

2.3 Fundir og fræðsla

MAST tók þátt í Fræðapingi landbúnaðarins í febrúar 2010. Valgeir Bjarnason var í undirbúningsnefnd Fræðapingsins fyrir hönd stofnunarinnar.

3. Plöntur

Undir plöntur falla verkefni er lúta að plöntuheilbrigði og gæðum sáðvöru. Af vörutegundum má nefna plöntur og plöntuafurðir s.s. afskorin blóm og greinar, jólatré, blómlauka, græðlinga, smáplöntur, pottaplöntur, garðplöntur, útsæðis- og matarkartöflur, trjávið og viðarumbúðir, mold til ræktunar og fræ. Auk þess er fylgst með innflutningi smádyra til lífrænna varna í garðyrkju.

3.1 Leyfisveitingar

3.1.1 Stofnræktarleyfi

Matvælastofnun veitir leyfi til stofnræktunar á kartöfluútsæði, sbr. reglugerð 455/2006 um kartöfluútsæði. Árið 2010 voru þrjú kartöflubændur með slíkt leyfi, tveir í Eyjafirði og einn á Hornafirði. Auk þess hefur Landbúnaðarháskóli Íslands leyfi til ræktunar úrvals- og eðalstofna samkvæmt reglugerðinni.

3.1.2 Útsæðisleyfi

Stofnunin veitir kartöflubændum leyfi til að selja útsæði til almennrar dreifingar. Forsendur fyrir leyfi eru m.a. eftirfarandi: hnúðormur má ekki finnast í garðlandi ræktanda, hringrot má ekki finnast í uppskeru og ræktandi verður að endurnýja reglulega með kaupum á stofnútsæði. Vorið 2010 voru 26 bændur með útsæðisleyfi, þar með taldir áður nefndir stofnræktendur. Af þeim voru 14 á Suðurlandi, 6 í Eyjafirði, 1 á Héraði og 5 á Hornafirði.

3.1.3 Vottun viðarumbúða

Stofnunin annast framkvæmd reglugerðar 343/2004 um viðarumbúðir vara við útflutning. Í því felst m.a. að veita fyrirtækjum sem smíða viðarumbúðir, s.s. vörubretti og trékassa, vottun til að merkja umbúðirnar með alþjóðlegu merki því til staðfestingar að umbúðirnar uppfylli skilyrði hins alþjóðlega staðals ISPM 15 um hitameðhöndlun eða svælingu. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir að plöntuskaðvaldar geti borist með umbúðunum. Í lok ársins 2010 voru 7 fyrirtæki með vottun til að útvega forhitaðan trjávið til umbúðagerðar og rúmlega 30 fyrirtæki með vottun til að hita umbúðir eða smíða umbúðir úr forhituðum við og merkja. Eru fyrirtæki þessi um allt land.

3.2 Eftirlit

3.2.1 Kartöfluútsæði

Farnar eru tvær skoðunarferðir á ári til stofnræktenda, annars vegar í ágúst mánuði þegar ræktunin er skoðuð og hins vegar í febrúar-mars þegar útsæðið er skoðað í geymslum. Samanlagt eru ræktuð tæp 100 tonn af stofnútsæði hjá þremur stofnræktarbændum af yrkjunum: Gullauga, Helgu, Premiere og Rauðum íslenskum.

Minnst þriðja hvert ár eru tekin kartöflusýni hjá öllum ræktendum með útsæðisleyfi og leitað að hringrotssmiti og minnst fjórða hvert ár eru tekin jarðvegssýni hjá þeim og leitað að hnúðormi. Hringrot greindist hjá einum ræktanda í uppskeru ársins 2010 en hann var ekki með gilt útsæðisleyfi. Hnúðormur fannst ekki hjá kartöflubændum en hann er víða að finna í heimilislögðum.

3.2.2 Innflutningur plantna og plöntuafurða

Þegar fluttar eru inn plöntur og plöntuafurðir þar sem gerð er krafa um heilbrigðisvottorð vegna plöntuheilbrigðis er toll afhending ekki heimil fyrr en framvísað er áritun frá Matvælastofnun. Í *Töflu IV.3.1* er sýnt hvernig þessi áritun dreifist á vöruflokka og árstíma. Til samanburðar eru sýnd árin 1998, 2008 og 2009. Alls voru árituð 780 vottorð árið 2010. Hafa ber í huga að þessar tölur segja einungis til um fjölda sendinga en ekki það magn sem flutt er inn.

Tafla IV.3.1: Fjöldi vottorða árituð vegna innflutnings plantna og plöntuafurða árið 2010

Mismunandi vöruflokkar þar sem áritun vottorða er áskilinn	Vottorð 1998	Vottorð 2008	Vottorð 2009	Árituð vottorð 2010 á 3 mánaða tímabilum				Vottorð 2010
				jan.–mars	apr.–júní	júlí–sept.	okt.–des.	
Græðlingar og smáplöntur	224	177	139	72	35	25	22	154
Blómlaukar og rótarhnyði	148	76	54	12	5	22	13	52
Pottaplöntur	37	54	28	4	6	22	7	39
Garðplöntur, tré og runnar	39	56	61	9	43	0	10	62
Afskorin blóm og greinar	459	243	145	36	31	27	27	121
Jólatré og barrgreinar	45	29	30	0	0	0	28	28
Útsæðiskartöflur	10	7	4	5	6	0	0	11
Matar- og verksmiðjukartöflur	171	183	147	38	62	40	13	153
Mold	36	61	40	17	20	6	5	48
Lífrænar varnir	88	109	104	28	24	26	26	104
Arinviður			4	2	3	1	2	8
Samtals	1257	995	756	223	235	169	153	780

Í **Töflum IV.3.2-6** eru hins vegar gefnar magntölur fyrir innflutning nokkurra vöruflokka fyrir árin 2006-2010. Vöruflokkarnir eru: matar- og verksmiðjukartöflur, gróðurmold, útsæðiskartöflur, jólatré og jólagreinar.

Tafla IV.3.2: Innflutt magn matar- og verksmiðjukartaflna árin 2006-2010

Ár	Innflutt magn á 3 mánaða tímabilum (tonn)				Innflutt alls (tonn)
	jan.–mars	apr.–júní	júlí–sept.	okt.–des.	
2006	151,8	637	768,9	173,3	1731
2007	171,1	493,2	796,7	246,9	1707,9
2008	293,6	1433,1	916,3	200,7	2843,8
2009	164,7	925,6	968,3	625,2	2683,8
2010	721,8	1.245,8	697,1	204,6	2869,3

Tafla IV.3.3: Innflutt magn gróðurmoldar árin 2006-2010

Ár	Innflutt magn á 3 mánaða tímabilum (tonn)				Innflutt alls (tonn)
	jan.–mars	apr.–júní	júlí–sept.	okt.–des.	
2006	267,1	413,2	130,4	99,8	910,5
2007	339,7	419,7	231,2	40,5	1031,1
2008	566,1	375,3	265,3	70	1276,7
2009	292,6	399,5	90,2	45,1	827,4
2010	337,3	421,5	117,5	54	930,3

Tafla IV.3.4: Innflutt jólatré árin 2006-2010 (fjöldi)

Ár	Fjöldi jólatrjáa fluttur inn árin 2006-2010 (stykki)			
	Nordmannspínur (<i>Abies nordmanniana</i>)	Eðalþínur (<i>Abies procera</i>)	Rauðgreni* (<i>Picea abies</i>)	Samtals (stykki)
Meðaltal 1993-2002	28.066	192	37	28.295
2006	23.157	950	12	24.119
2007	26.462	50	9	26.521
2008	19.518	41	10	19.569
2009	20.325	68	8	20.401
2010	17.880	82	8	17.970

* Innflutningur á greniættkvíslinni (*Picea*) er bannaður samkvæmt reglugerð 189/1990, en árlega er veitt undanþága fyrir nokkrum rauðgrenitrájum sem gefin eru af vinabæjum til sveitafélaga hér á landi.

Tafla IV.3.5: Innflutt jólagreni árin 2006-2010 (þyngd)

Ár	Innflutt jólagreni árin 2006-2010 (kg)							
	Nordmannspínur <i>Abies nordmanniana</i>	Eðalþínur <i>Abies procera</i>	Sýprus <i>Chamaecyparis</i>	Silkifura <i>Pinus</i>	Hindartré <i>Cryptomeria</i>	Eskiviður <i>Buxus</i>	Annað	Samtals (kg)
Meðaltal 1993-2002	41.242	13.119	9.609	2.466	807	1.164	190	68.597
2006	33.875	9.275	14.424	4.800	1.225	2.000	790	66.389
2007	38.705	11.120	9.920	4.820	588	1.350	580	67.083
2008	26.524	7.575	10.915	3.665	440	528	100	49.747
2009	27.285	4.470	9.980	2.274	764	712	200	45.685
2010	28.820	5.235	12.725	2.625	2.220	1.075	1.015	53.715

Tafla IV.3.6: Innflutt magn útsæðiskartaflna árin 2006-2010

Afrbrigði/Yrki	Innflutt magn útsæðis árin 2006-2010 (tonn)				
	2006	2007	2008	2009	2010
Actrice	0	0	0	0	0,5
Arielle	0	1,5	1	0	0
Artemis	0	0	0	0	0,5
Belana	0	1	0	0	
Erika	0	0	0	0	0,7
Esmeralda	0	0	0	0	0,2
Fontane	0	0	0	0	0,5
Inova	0	11	1	0	
Jade	0	0	0	0	0,5
Jelly	0	0	0	6,2	16
Lady Claire	0	9,8	0	0	0
Marabel	0	6,3	6,3	0	0
Maris Bard	0	0	0	0	0,5
Mariska	0	0	0	0	0,6
Metro	0	0	0	0	0,5
Milva	11	31,8	29,3	23,8	14
Mustang	0	0	0	0	0,5
Nicola	0	0	0	0	0,5
Piccolo Star	0	4,6	0	0	0
Premiere	52	31	64,5	13	27,5
Ratte	0	1	0	0	0
Salome	0	0	0	0	4,4
Tilraunayrki	0	0,8	0,2	0	0,9
Samtals	63	98,8	102,3	43	68,3

3.2.3 Innflutningur fræja

Þegar flutt eru inn fræ skal tilkynna það til Matvælastofnunar sem gefur út afhendingarheimild með helstu upplýsingum um sendinguna. Alls voru á árinu gefnar út 178 slíkar heimildir. Upplýsingar um innflutning tegunda og yrkja til landbúnaðar má sjá í **Töflum IV.3.7-9**.

Tafla IV.3.7: Innflutningur á sáðkorni árin 2008-2010

Tegund	Yrki	Innflutt magn (kg)			
		2008	2009	2010	
Bygg, 2 raða (<i>Hordeum vulgare</i>)	Barbro (SW Barbro)	19.900	0	20.000	
	Filippa	300.000	55.000	164.700	
	Kría (IsKría)	164.275	345.250	264.025	
	Kunnari	10.000	25.000	20.000	
	Minttu	0	10.800	39.960	
	Mitja (SW Mitja)	0	10.000	0	
	Rekyl	0	7.560	0	
	Skegla	62.800	23.100	0	
	Samtals:	556.975	476.710	508.685	
	Bygg, 6 raða (<i>Hordeum vulgare</i>)	Erkki	10.000	25.000	50.000
Lómur (IsLómur)		45.300	42.450	158.100	
Skúmur (IsSkúmur)		35.300	148.650	0	
Judit (SW Judit)		50.100	67.200	70.000	
Jyvä		0	16.200	30.240	
Olavi		0	0	10.000	
Olsok		68.280	118.800	101.520	
Pilvi		0	24.000	24.720	
Tiril		146.880	11.880	72.360	
Ven		0	0	16.200	
Samtals:		355.860	454.180	533.140	
Hafrar (<i>Avena sativa</i>)		Belinda	62.100	26.550	18.000
		Cilla	38.500	9.700	9.050
	Samtals:	100.600	36.250	27.050	
Hveiti (<i>Triticum aestivum</i>) - vorhv. vetrarhv.	Anniina	0	0	7.800	
	Mjølner	4.320	0	0	
	Stava	0	8.400	15.400	
	Urho	0	0	7.800	
Samtals:	4.320	8.400	31.000		
Rúghveiti (<i>Triticosecale</i>)	Dinaro	0	2.600	0	
Rúgur (vetrar) (<i>Secale cereale</i>)	Reetta	0	0	1.200	
	Riíhi	1.200	0	1.200	
	Samtals:	1.200	0	2.400	
Máis (<i>Zea mays</i>)	Justina	360	0	0	

Tafla IV.3.8: Innflutningur á grasfræi árin 2008-2010

Tegund	Yrki	Innflutt magn (kg)			
		2008	2009	2010	
<i>Dactylis glomerata</i> - axhnoðapunktur	Frisk	0	200	0	
<i>Festuca arundinaceae</i> - Tágavingull	Swaj	0	0	1000	
<i>Festuca ovina</i> - Sauðvingull	Crystal	1.000	1.500	1.500	
	Hardtop	1.925	1.500	0	
	Quatro	200	0	0	
	Samtals:	3.125	3.000	1.500	
	<i>Festuca pratensis</i> - Hávingull	Kasper	0	0	500
	Norild	500	0	0	
Samtals:	500	0	500		
<i>Festuca rubra</i> – Túnvingull	Aniset	800	0	0	
	Bargreen	1.900	0	0	
	Belleaire	300	0	0	
	Calliope	800	0	0	
	Casanova	1.000	0	0	
	Gondolin	12.740	3.000	7.038	
	Lovisa	2.000	5.000	5.000	
	Maxima 1	300	0	0	
	Reptans	2.500	0	0	
	Rosita	3.000	0	0	
	Rubin	3.000	5.020	5.000	
	Smirna	300	0	0	
	Samtals:	28.640	13.020	17.038	
<i>Lolium multiflorum</i> – Einært rýgresi	- sumaryrki (var. westerwoldicum), ssp. alternativum	Barspectra	31.225	0	18.050
		Bartigra	20	12.000	9.850
		Caramba	-	2.500	0
		Botrus	9.940	0	0
		Swale	10.000	23.225	8.000
	Samtals:	51.185	37.725	35.900	
	- vetraryrki (var. italicum), ssp. non-alternativum	Barmultra	48.825	7.000	5.000
	EF 486	0	0	9.650	
	Dasas	4.900	7.000	0	
	Fredrik	16.880	7.020	10.000	
	Malmi	0	3.000	0	
Samtals:	70.605	24.020	24.650		
<i>Lolium perenne</i> – Vallarrýgresi	Bargala	1.000	0	1.000	
	Bartwingo	1.000	0	0	
	Greenfair	200	0	0	
	Svea	2.500	0	0	
	SW Birger	3.000	4.000	4.000	
	Taya	2.000	0	0	
	Tetramax	6.500	4.600	2.020	
	Samtals:	16.200	8.600	7.020	
	<i>Phleum pratense</i> – Vallarfoxgras	Adda	6.250	0	0
Engmo		21.750	4.000	19.525	
Grindstad		14.050	7.025	8.000	
Jonatan		12.225	6.000	2.560	
Korpa		0	800	2.500	
Noreng		0	0	500	
Snorri		4.500	4.725	5.000	
Vega		24.000	27.000	28.000	
Samtals:		82.775	49.550	66.085	
<i>Poa pratensis</i> – Vallarsveifgras		Balin	5.500	1.500	5.475
	Broadway	4.000	0	0	
	Conni	1.100	675	0	
	Julius	500	0	0	
	Kupol	1.000	4.798	10.000	
	Sobra	30.020	9.000	12.300	
	Samtals:	42.120	15.973	27.775	
Grasblöndur (m.a. á íþróttavelli og grasflatar)	Ýmis	46.815	52.396	51.671	



Tafla IV.3.9: Innflutningur á fræi árin 2008-2010 – Ýmsar tegundir

Tegund	Yrki	Innflutt magn (kg)		
		2008	2009	2010
<i>Beta vulgaris</i> – Fóðursykkurrófa	Brigadier	1	0	0
	Zentaur Poly	1	0	0
	Samtals:	2	0	0
<i>Brassica napus</i> var. napobrassica – Gulrófa	Vige	5	11	37
<i>Brassica napus</i> var. oleifera – Fóðurrepja	Akela	3.000	0	0
	Barcoli	23.150	16.000	2.850
	Barsica	0	1.975	5.000
	Delta	4.010	2.000	5.000
	Galileo	0	0	500
	Goya	0	0	500
	Hobson	0	5.000	23.000
	Pluto	700	500	0
	SW Falstaff	50	290	0
	Samtals:	30.910	25.765	36.850
	<i>Brassica oleracea</i> – Fóðurmergkál	Grüner Angeliter	0	500
<i>Brassica rapa</i> – Fóðurnæpa	Snowball	0	3	0
<i>Brassica rapa</i> var. silvestris – Fóðurnepja	Largo	0	200	0
<i>Pisum sativum</i> – Grænfóðurertur	Bohatyr	0	0	4.400
	Faust	2.000	0	0
	Javlo	0	0	9.600
	Nitouche	0	2.000	0
	Rocket	0	4.320	0
	Tinker	0	0	5.000
	Samtals:	2.000	6.320	19.000
<i>Trifolium hybridum</i> – Túnsmári	Frida	500	0	0
<i>Trifolium pratense</i> – Rauðsmári	Betty	0	500	0
	Bjursele	250	1.250	500
	Rajah	0	100	0
	SW Ares	0	0	500
	Samtals:	250	1.850	1.000
<i>Trifolium repens</i> – Hvítsmári	Sonja	250	350	0
	Undrom	750	1.100	500
	Samtals:	1.000	1.450	500

3.2.4 Útflutningur plantna og plöntuafurða

Plöntueftirlit Matvælastofnunar er sá opinberi aðili hér á landi sem getur gefið út heilbrigðisvottorð vegna plöntuheilbrigðis í samræmi við alþjóðasamning um plöntuheilbrigði (IPPC). Árið 2010 voru gefin út 14 slík vottorð, þar af 9 með vörubrettum úr trjáviði er fylgdi ýmsum varningi, einkum sjávarafurðum, og 5 vottorð með plöntum.

3.2.5 Útflutningur fræja

Eini útflutningur héðan á fræjum er sá sem er á vegum Landgræðslu ríkisins. Matvælastofnun annast sýnatöku og hefur fram að þessu sent sýnin til Landbúnaðarháskóla Íslands á Möðruvöllum í Hörgárdal þar sem rannsókuð eru hreinleiki og spírunarhæfni. Þegar þær niðurstöður liggja fyrir getur Matvælastofnun gefið úr gæðavottorð í samræmi við kröfur ISTA (International Seed Testing Association). Árið 2010 voru gefin út alls 2 frævottorð með tegundunum alaskalúpínu og mel.

4. Fóður

Markmið eftirlits með fóðri er að tryggja svo sem kostur er öryggi og heilnæmi fóðurs. Fóðureftirlit fer fram samkvæmt lögum nr. 22 frá 29. mars 1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, ásamt með síðari breytingum. Íslendingar hafa skrifað undir II. kafla, I. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) sem fjallar um dýrafóður. Reglur ESB um dýrafóður, sem sameiginleg nefnd EES hefur samþykkt, taka því gildi hér á landi eftir lögformlega meðferð Alþingis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis hverju sinni. Reglugerð ESB nr. 183/2005 um kröfur er varða hollustu fóðurs (innleidd með íslenskri reglugerð nr. 107/2010), reglugerð ESB nr. 882/2004 um opinbert eftirlit (innleidd með íslenskri reglugerð nr. 106/2010) og reglugerð ESB nr. 1774/2002 sem fjallar um meðferð og notkun dýraafurða sem ekki eru ætluð til manndis en eru notuð til fóðurgerðar (innleidd með íslenskri reglugerð nr. 108/2010) voru allar innleiddar í íslenskan rétt á árinu og tóku gildi 1. mars 2010. Reglugerð nr. 340 frá 30. apríl 2001, um eftirlit með fóðri, ásamt með síðari breytingum gildir þó enn fyrir gæludýrafóður og annað fóður sem ekki er ætlað dýrum sem alin eru til matvælaframleiðslu, svo og um hrein fóðurefni, hráefni sem eru bönnuð í fóður og aukefni sem notuð eru í fóður.

Einnig eru ákvæði varðandi fóður í öðrum lögum og reglugerðum sem fjalla um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og um meðferð sláturúrgangs.

4.1 Leyfisveitingar

Innleiðing reglugerða ESB sem að ofan greinir veldur því að skilgreining á „fóðurfyrirtæki“ verður mjög víð: fyrirtæki sem starfar við framleiðslu, vinnslu, geymslu, flutning eða dreifingu fóðurs, þ.m.t. framleiðsla, vinnsla eða geymsla framleiðanda á fóðri handa dýrum á eigin bújörð, hvort sem fyrirtækið er rekið í ágóðaskyni eður ei og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki*. Þetta hefur í för með sér að allir bændur sem heyja eða rækta bygg eða fóðra skepnur til matvælaframleiðslu, allir sem flytja t.d. hey frá framleiðanda til notanda, allir sem þurrka bygg, allir sem flytja inn og selja eða nota fóður þurfa að skrá starfsemi sína hjá Matvælastofnun. Starfsleyfi þurfa þeir sem nota aukefni eða forblöndur aukefna við fóðurgerð eða nota afurðir úr dýrum til fóðurgerðar. Með nýju reglugerðunum eru jafnframt skilgreindar kröfur til mismunandi starfsemi. Skráðum og samþykktum fyrirtækjum hefur því fjölgað vegna breytinganna.

Í lok árs 2010 voru 198 fóðurfyrirtæki á skrá hjá MAST og hafði fjölgað um 48 á árinu. Innflytjendur fóðurs voru 133 og í árslok voru fóðurframleiðendur 68. Af þessum 68 fóðurframleiðendum höfðu 32 fyrirtæki samþykki MAST til að kaupa og/eða nota aukefni við fóðurframleiðslu skv. 10. gr. reglugerðar ESB nr. 183/2005 um kröfur er varða hollustu fóðurs. Þar af eru þrjár fóðurverksmiðjur sem framleiða heilfóður og fóðurbæti fyrir flestar tegundir búfjár. Ein verksmiðja framleiðir heilfóður fyrir fisk og 3 framleiða loðdýrafóður. Fjórtán starfsstöðvar svinabúa og 3 loðdýrabú framleiða fóður til eigin nota. Auk þess eru starfandi nokkur fyrirtæki hér á landi sem flytja inn og selja aukefni eða forblöndur aukefna í fóðurgerð. Ellefu fyrirtæki eru samþykkt vegna framleiðslu fóðurs úr afurðum dýra skv. reglugerð ESB nr. 1774/2002 um meðferð og notkun afurða úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manndis.

4.2 Eftirlit

Eftirlit með fóðri felst m.a. í skráningu allra nýrra fóðurtegunda, bæði innfluttra og framleiddra hér á landi. Við skráningu er innihaldslýsing og notkunarleiðbeiningar skoðaðar með tilliti til skilyrða í reglugerðum um notkun hinna ýmsu efna. Við innflutning ber fyrirtækjum að tilkynna komu fóðurs svo starfsfólki MAST gefist tækifæri til að skoða og taka sýni af vörunni. Innlend fóðurfyrirtæki eru heimsótt, innra eftirlit fyrirtækja sannreynt og sýni tekið með slembiúrtaki af framleiðslu til greiningar. Í sýnum eru fyrst og fremst greind ýmis óæskileg efni, þungmálmar og aukefni, sem sett hafa verið mörk á hversu mikið megi vera af í fóðri.

4.2.1 Niðurstöður eftirlits

Á árinu bárust 1139 tilkynningar um innflutning á 81.821 tonnum af fóðri. Er þetta nokkuð fleiri tilkynningar en árið áður (953) og heldur meira af fóðri en árið 2009 (79.500 tonn).

* Sjá 3.gr. reglugerðar ESB nr. 178/2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla, innleidd með íslenskri reglugerð nr. 102/2010 sem tók gildi 1. mars 2010.

Fyrirtæki fengu 142 nýjar fódurtegundir skráðar á árinu, sem er minna en á síðasta ári (145). Af nýskráðum tegundum voru 7 (18) frá löndum utan EES-svæðisins, 13 (34) framleiddar á Íslandi og því 122 (93) tegundir framleiddar í öðrum EES-ríkjum.

Tafla IV.4.1: Innflutningur og nýskráðar fódurtegundir eftir dýrategundum 2010

Dýrategund	Fjöldi tilkynninga um innfl.	Heildarinnfl. á fóðri (tonn)	Fjöldi nýskráðra fódurtegunda
Jórturdýr	335	4.767	53
Alifuglar	146	1.597	3
Svín	221	827	12
Fiskar	71	2.546	9
Loðdýr	29	377	3
Hross	90	219	20
Gæludýr	463	2.258	32
Óskilgreint	204	69.230	8
Hunangsflugur	2	0,011	2

Á árinu var 51 starfsstöð fódurfyrirtækja heimsótt, tekin út og skoðuð. Margar af þeim þurfti að heimsækja oft en einu sinni vegna nýrra krafna og urðu eftirlitsheimsóknir því 68. Salmonellusmit kom upp bæði í svínum og kjúklingum á árinu og var því verulegt eftirlit með þeim fyrirtækjum sem framleiða og selja fóður til svína- og kjúklingabúa. Einnig var lögð áhersla á eftirlit með annarri innlendri fódurframleiðslu, sem krefst samþykkis, vegna nýrra reglugerða sem fólu í sér breyttar kröfur til fódurfyrirtækja. Fódurframleiðendur, aðrir en frumframleiðendur (bændur), þurfa nú að gera skriflega áætlun um innra gæðakerfi sem byggir á meginreglum GÁMSS (HACCP). Það var því lögð sérstök áhersla á að sannreyna innra gæðaeftirlit fódurfyrirtækja og ganga úr skugga um að innra eftirlit virkaði eins og gert er ráð fyrir. Á árinu var tekið 81 sýni af fóðri, á móti 64 sýnum árið 2009. Af þessum 81 sýnum voru 10 greind með tilliti til salmonellu og saurgerla og reyndist ekkert sýni jákvætt. Níu sýni voru greind með tilliti til díoxíns og díoxín-líkra PCB-efna og reyndust þau öll undir heimilum mörkum. Ýmis óæskileg efni eins og arsen (10), blý (7), kvikasilfur (3), sveppaeitur (5), plágueyðar (12) og fúkkalyf (7) voru greind í fódursýnum auk smásjargreiningar á kjötmjöli í 3 sýnum. Niðurstöður voru á einn veg, allar mælingar voru undir heimilum mörkum.



4.3 Fundir og fræðsla

Starfsmenn fódureftirlits MAST tóku þátt í árlegum fundi norrænna fódureftirlitsstarfsmanna með starfssystkinum í Eystrasaltlöndum sem að þessu sinni var haldinn á Íslandi í lok ágúst. Í tengslum við þann fund var haldinn norrænn samstarfsfundur um túlkun reglugerðar um notkun aukaafurða úr dýrum, sem ekki eru ætlaðar í matvæli. Enn fremur fóru starfsmenn fódureftirlitsins á námskeið um nýja reglugerð EB varðandi notkun aukaafurða úr dýrum.

5. Fiskur og fiskafurðir

Miklar breytingar urðu á árinu 2010 í laga- og reglugerðarumhverfi fyrir fisk og fiskafurðir (lagarafurðir). Ný matvælaöggjöf um hollustuhætti og eftirlit hafði gilt í Evrópusambandsríkjunum frá 2006 og með samþykkt laga nr. 143/2009 var ákveðið að hún yrði innleidd hér með gildistöku þann 1. mars 2010 fyrir fisk og fiskafurðir (lagarafurðir). Þann 1. nóvember 2011 tekur svo löggjöfin gildi fyrir flestar búfjárafurðir og þar með gildir sama matvælaöggjöf í öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) í öllum aðalatriðum. Um lagarafurðir gilda íslensk lög nr. 93/1995 um matvæli og einnig sérlög nr. 55/1998 um sjávarafurðir.


Reglugerð EB nr. 178/2002 sem oft er nefnd hin almennu matvælaöggjöf EB, myndar þann grunn sem hin nýja matvælaöggjöf Evrópusambandsins byggir á. Markmið matvælaöggjöfanna er að vernda líf og heilsu manna og tryggja jafnframt frjálst flæði vöru á EES-svæðinu. Sömu reglur gilda um hollustuhætti, hvort sem um er að ræða framleiðslu eða dreifingu á kjöti, fiski, matjurtum eða unnum matvælum. Hagsmunir neytenda eru hafðir að leiðarljósi þar sem reglur um rekjanleika matvæla leika stórt hlutverk. Með þeim er mögulegt að rekja feril matvæla á öllum stigum framleiðslu og dreifingar. Ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila gagnvart neytendum matvæla er því mun skýrari en áður var.

Innleiðing hollustuhátta- og eftirlitsreglna Evrópusambandsins hefur haft ýmsar breytingar í för með sér. Í fyrsta lagi skal allt eftirlit, þ.m.t. viðbótareftirlit, s.s. eftirfylgni vegna frávíka, greiddast af eftirlitsþeganum sjálfum. Þá gera hinar nýju reglur ráð fyrir að tíðni eftirlits skuli ákvörðuð út frá hættumati, bæði í samanburði við aðrar greinar matvælaframleiðslu sem og innbyrðis, eftir því hve áhættusöm vinnslan er. Eftirlitstíðnin skal jafnframt taka mið af því hve vel og fljótt fyrirtækin bregðast við athugasemdum eftirlitsaðila og hve virkt innra eftirlit fyrirtækjanna er. Hinar nýju reglur gera ráð fyrir möguleika á þátttöku faggiltra skoðunarstofa í eftirliti, en þó með nokkuð breyttu sniði en hefur tíðkast hér um árabíl. Í ljósi þess að hinum nýju reglum yrði erfitt að framfylgja án umtalsverðrar íhlutunar í verkefni skoðunarstofanna voru sett ákvæði til bráðabirgða, sk. sólarlagsákvæði, í lög nr. 55/1998 um að starfsemi stofanna skyldi haldast óbreytt í eitt ár frá gildistöku, en þann 1. mars 2011 skulu allir samningar skoðunarstofanna falla úr gildi. Með brottfalli reglugerðar nr. 233/1999 um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafra og fiskafurða féllu út ýmis sérákvæði sem varða aflameðferð veiðiskipa, s.s. reglan um að slægja skuli allan fisk eigi síðar en tólf tímum eftir löndun. Þessar reglur voru íslensk sérákvæði og ekkert því til fyrirstöðu að endurvekja þau ef þörf krefur.

Með þessum breytingum færðist framleiðsla gæludýrafóðurs og loðdýrafóðurs úr fiski ásamt fiskimjöls- og lýsisframleiðslu undir fódureftirlit Matvælastofnunar, nema framleiðsla hrálýsis sem ætlað er til manneldis.

5.1 Leyfisveitingar

Matvælastofnun veitir fiskvinnslufyrirtækjum, frysti- og vinnsluskipum vinnsluleyfi til framleiðslu lagarafurða, hefur umsjón með reglubundnu eftirliti með starfs- og vinnsluleyfishöfum og áminnir eða sviptir þá vinnsluleyfum, gerist þeir brotlegir við gildandi lög og reglur.



Þegar vinnsluleyfi er veitt er gefið út sk. „samþykkisnúmer“ sem kemur í stað eldri leyfisnúmera (IS-númera). Samþykkisnúmerin eru þannig leyfisnúmer viðkomandi vinnslu og skulu sett fram með sérstökum hætti á umbúðum, í sk. auðkennismarki (sjá mynd með samþykkisnúmerinu A999). Frá 1. mars varð sú breyting að í stað sérstakra leyfisnúmera fyrir hverja fiskvinnslugrein er nú aðeins eitt samþykkisnúmer gefið út fyrir hvert fiskvinnsluhús fyrirtækis þó svo að þar fari fram mismunandi framleiðsla, s.s. frysting og söltun. Matvælastofnun annast upphafsskoðun hjá þeim aðilum sem ráðgera að hefja fiskvinnslu en skoðunarstofurnar taka síðan við reglubundnu eftirliti þegar stofnunin hefur veitt viðeigandi leyfi.

Stofnunin veitir einnig veiðiskipum, öðrum en frysti- og vinnsluskipum, starfsleyfi en þar sem fiskveiðar teljast til frumframleiðslu er þeim ekki veitt samþykkisnúmer.

Í lok árs 2010 voru 354 starfsstöðvar í fiskvinnslu og útgerð með samþykkisnúmer, þar af 307 til landvinnslu og 47 frysti- og vinnsluskip. Alls voru 15 leyfi skilyrt en ný leyfi eru gefin út skilyrt fyrstu 3-6 mánuðina. Fullgilt leyfi er gefið út þegar viðkomandi hefur lagfært þær athugasemdir sem gerðar voru í upphafsskoðun og innra eftirlit fyrirtækisins hefur verið

að fullu virkjað. Sú breyting varð með þeim lagabreytingum sem tóku gildi 1. mars 2010 að vinnsluleyfi, sem áður höfðu verið gefin út til ótiltekins tíma fyrir fiskvinnslur og skip, skyldu nú gilda í tiltekinn tíma. Því voru öll vinnsluleyfi, sem í gildi voru 1. mars, endurútgefin til 12 ára.

5.2 Eftirlit

5.2.1 Eftirlit á vettvangi

Faggiltar skoðunarstofur annast reglubundið eftirlit með hreinlæti, aðstöðu, búnaði og innra eftirliti vinnsluleyfshafa í umboði og undir eftirliti Matvælastofnunar. Faggiltar skoðunarstofur eru skoðaðar árlega af þar til bærum faggildingaraðilum og hafa starfsmenn stofnunarinnar komið að þeim úttektum sem tæknilegir ráðgjafar. Faggiltar skoðunarstofur í sjávarútvegi eru tvær, þ.e. Aðalskoðun ehf. og Frumherji hf. – Matvælasvið. Undir lok ársins var tekin sú ákvörðun að gera ekki samninga við skoðunarstofur um skoðanir í fiskvinnslufyrirtækjum og skipum þegar sólarlagsákvæðið um skoðunarstofnunar fellur úr gildi. Því munu þau eftirlitsverkefni sem áður voru hjá skoðunarstofum, flytjast til Matvælastofnunar 1. mars 2011.

Árið 2010 var hið beina eftirlit með starfsemi vinnsluáðila framkvæmt af skoðunarstofunum í umboði Matvælastofnunar. Fjöldi reglubundinna skoðana skoðunarstofanna í hverju fyrirtæki eru fjórar á ári, en hlutfallslega færri ef um árstíðabundna vinnslu er að ræða. Þann 26. apríl gaf Matvælastofnun út nýja útgáfu af skoðunarhandbók og var hún tekin í notkun í maí. Var þar tekið mið af þeim breytingum sem urðu við innleiðingu nýrra matvælalaga. Í nýrri útgáfu bókarinnar er notuð sama uppsetning og áður, en þar sem tilvísanir í kröfur skv. nýju löggjöfnni eru frekar óskýrar, var strax ljóst að gera þyrfti enn frekari breytingar á skoðunarhandbókinni. Að því hefur verið unnið á árinu og verður því ný útgáfa skoðunarhandbókarinnar tekin í notkun 2011. Heildarfjöldi úttekta skoðunarstofa hjá landvinnslum og í vinnsluskipum á árinu 2010 var 1573. Alls var 643 málum vísað til Matvælastofnunar en málum er vísað þangað þegar fram koma athugasemdir eða frávik við skoðun sem teljast alvarleg eða hafa komið áður fram og ekki verið lagfærð.

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar sóttu heim fiskvinnslufyrirtæki og vinnsluskip ríflega 500 sinnum á árinu. Um 65% þessara heimsókna var eftirfylgni vegna athugasemda sem fram komu við reglubundið eftirlit skoðunarstofanna. Alls voru gefnar út 10 aðvaranir um lokun og var tveimur fyrirtækjum lokað tímabundið.

Í lok ársins voru þrjár skoðunarmenn í fullu starfi hjá skoðunarstofunum við eftirlit en að auki sinna forstöðumenn beggja skoðunarstofanna beinu eftirliti sem hluta af sínu starfi.

Hjá Matvælastofnun er eftirfylgni, samræmingareftirlit og skoðanir vegna nýrra leyfa í höndum tveggja eftirlitsmanna, auk fagsviðsstjóra. Auk þess koma að eftirlitinu aðrir fagsviðsstjórar og sérfræðingar Matvælaöryggis- og neytendamálasviðs að meira eða minna leyti.

5.2.2 Samvinna við veiðistjórnunarsvið Fiskistofu

Þegar eftirlit með meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða var í höndum Fiskistofu var samvinna milli matvælaeftirlitssviðs og veiðieftirlitssviðs Fiskistofu um eftirlit með smærri bátum sem og um borð í vinnsluskipum. Þá mældu veiðieftirlitsmenn hitastig í lönduðum afla og fylgdust með ástandi kara og almennri aflameðferð við landanir.

Óformlegt samkomulag er enn í gildi milli stofnananna, m.a. fær Matvælastofnun upplýsingar um ástand viðhalds í vinnslurými skipa og stöðu frávíka sem varða eftirlitsskyldur Matvælastofnunar. Þær upplýsingar eru byggðar á skýrslum veiðieftirlitsmanna sem fara í veiðiferðir með skipunum. Þá hafa eftirlitsmenn Fiskistofu framkvæmt hitastigsmælingar í lönduðum afla, einkum yfir sumartímann. Viðræður um áframhaldandi formlegt samstarf milli stofnananna hófust á árinu og er vonast til að samstarfið hefjist snemma á árinu 2011.

5.2.3 Skoðanir Matvælastofnunar í umboði rússneskra matvælayfirvalda

Frá árinu 2006 hafa rússnesk matvælayfirvöld gert þær kröfur að allar fiskafurðir sem fluttar eru inn til Rússlands skuli framleiddar hjá verksmiðjum, frystiskipum eða vinnsluskipum sem hafa verið tekin út og samþykkt af rússneskum yfirvöldum.

Í nóvember 2008 varð það að samkomulagi að Matvælastofnun annaðist úttektir á íslenskum skipum í umboði rússneskra yfirvalda og mælti með samþykkt þeirra sem framleiðenda fyrir rússneskan markað að uppfylltum rússneskum kröfum. Í desember 2009 var samkomulag við rússnesk matvælayfirvöld útvíkkað til muna. Samkomulagið sem var undirritað 16. janúar 2010 felur í sér að Matvælastofnun mun bera ábyrgð á úttektum vegna samþykkis og opinberu eftirliti fyrir Rússlandsmarkað. Samkomulagið tekur nú til fiskframleiðenda og skipa, fiskimjólframleiðenda, fiskeldis- og kjötfarmleiðenda.

Í lok árs 2010 voru 30 starfsstöðvar í landvinnslu, 3 frystiskip og 26 fullvinnsluskip með framleiðsluleyfi fyrir fiskafurðir fyrir Rússland.

5.2.4 Eftirlitsheimsókn Eftirlitsstofnunar EFTA


Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) kom til Íslands í nóvember 2010 og heimsótti bæði rannsóknarstofur, fyrirtæki sem eru undir eftirliti Matvælastofnunar og fyrirtæki sem hafa verið undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Sú nýbreytni var viðhöfð í nokkrum heimsóknanna að þær voru ekki tilkynntar fyrirtækjunum fyrirfram. Ljóst er að með því fyrirkomulagi fæst réttari mynd af því ástandi sem almennt er í fyrirtækjunum. Bráðabirgðaskýrslu vegna heimsóknarinnar var skilað til Matvælastofnunar um miðjan desember og Matvælastofnun mun síðan svara með því að senda úrbótaáætlun til ESA.

Í skýrslu ESA voru m.a. gerðar athugasemdir við starfsemi skoðunarstofa, að fjöldi eftirlitsferða væri ekki í samræmi við áætlanir, takmarkaða sýnatöku af hálfu eftirlitsaðila og að frávikum frá kröfum laga og reglugerða væri ekki alltaf fylgt eftir með aðgerðum. Einnig voru gerðar athugasemdir við hreinlæti, umgengni, innra eftirlit vinnslustöðva, meðhöndlun hráefnis, afurða í vinnslu og meðhöndlun aukaafurða. Tilgangurinn með úttektum ESA er að skoða hvernig staðið er að framkvæmd þeirrar löggjafar sem Ísland innleiddi 1. mars 2011. Megináherslan var á eftirfarandi EB-reglugerðir 178/2002 (102/2010); 852/2004 (103/2010); 853/2004 (104/2010); 854/2004 (105/2010) og 882/2004 (106/2010) (íslensk númer reglugerðanna eru í svigum).

5.2.5 Samræmi í skoðunum

Þó svo að Matvælastofnun hafi haldið úti ýmsum aðgerðum sem stuðla skyldu að því að samræmi væri í störfum skoðunarmanna, er ljóst af þeim tölfræðilegu gögnum sem stofnunin hefur unnið upp úr skoðunarskýrslum skoðunarstofanna að betur má ef duga skal. Af nýlegri athugun (sjá [Mynd IV.5.1](#)), má sjá að munur milli skoðunarstofa er um 25 prósentustig varðandi alvarlegar athugasemdir í niðurstöðu skoðunar. Þessi munur er jafnvel enn meiri þegar dæmingar einstakra skoðunarmanna eru metnar á þennan hátt. Matvælastofnun telur þennan mun vera óeðlilega mikinn þó svo að hluti hans eigi vafalítið eðlilegar skýringar. Matvælastofnun hefur því gert ráð fyrir að umtalsverðum hluta af tíma sérfræðings, sem ráðgert er að ráða til starfa hjá stofnuninni í febrúar 2011, verði varið til að tryggja að samræmi verði sem mest í störfum eftirlitsmanna. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að ef óeðlilegur munur kemur fram í dæmingum, getur það leitt til mismunar í eftirlitskostnaði fyrir fyrirtækin, vegna þess hvernig eftirlitið verður upp byggt eftir 1. mars 2011.

Mynd IV.5.1: Hlutfallsleg niðurstaða skoðana eftir skoðunarstofum



5.3 Framsal eftirlits með smærri fyrirtækjum

Með lögum nr. 143/2009 komu inn nýmæli í 22. gr. laga nr. 93/1995 þess efnis að Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlitssvæðum sveitarfélaga væri heimilt að semja sín á milli um eftirlitsverkefni. Meginmarkmiðið með slíku framsali skal vera hagkvæmni og skilvirkni þannig að hagkvæmasti kosturinn hverju sinni sé valinn. Þess vegna er nauðsynlegt að meta hvort framsal sé fjárhagslega hagkvæmt fyrir hlutaðeigandi aðila, eftirlitsþola, ríki og sveitarfélög. Með vísan til þessarar heimildar lauk MAST samningum við fjögur heilbrigðiseftirlitssvæði, þ.e. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Suðurlands, Austurlands og Norðurlands eystra. Í samningunum sem eru staðlaðir, eru upptalin þau fyrirtæki sem framseld eru og inntaki eftirlitsins og forsendum fyrir framsali lýst. MAST hefur með þessum hætti framselt eftirlit með 28 matvælafyrirtækjum og er skiptingin á framseldum fyrirtækjum milli vinnslugreina með eftirfarandi hætti: 12 fiskvinnslur, 8 kjötvinnslur, 5 mjólkurvinnslur og 3 matvælavinnslur sem vinna kjöt og/eða fisk.

5.4 Fundir og fræðsla

Í febrúar og mars 2010 voru haldnir fundir til kynningar á nýrri matvælalöggjöf fyrir sjávarútvegsfyrirtæki. Fundirnir, sem alls urðu þrjár, voru haldnir í Reykjavík og á Akureyri. Matvælalöggjöfin var einnig kynnt starfsmönnum skoðunarstofa og starfsmönnum MAST á sérstökum fundum í mars 2010.

Starfsmenn skoðunarstofa sóttu í júní 2010 og október 2010 námskeið um fisk og fiskafurðir sem eru haldin af DG Sanco.

Tveir starfsmenn MAST á sviði Matvælaöryggis og neytendamála fóru í þriggja daga heimsókn til Fødevarestyrelsen í Aalborg í september 2010. Farið var með dönskum eftirlitsmönnum í þrjú fyrirtæki þar sem færi gafst á að fylgjast með störfum þeirra og ræða við stjórnendur og ábyrgðarmenn gæðamála í fyrirtækjunum. Þessi fyrirtæki eru hreinsunar- og afgreiðslustöð fyrir krækling, fyrirtæki sem pakkar frystri rækju í neytendaumbúðir og annað sem framleiðir síld, maríneraða og í sósum. Þá var fræðst um rannsóknarverkefni og -áætlanir stofnunarinnar og að lokum um eftirlitsgagnagrunn þeirra og hvernig þeir standa að birtingu eftirlitsniðurstaðna fyrir almenning.

6. Grænmeti og ávextir

Matvælastofnun annast eftirlit með varnarefnaleifum í ávöxtum og grænmeti í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Eftirlitið er í samræmi við reglugerð nr. 672/2008 um varnarefnaleifar í matvælum og fóðri og reglugerð 736/2003 um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir mælingar á aðskotaefnum í matvælum. Með reglugerð 672/2008 eru hámarksleifar varnarefna samræmdar því sem er í Evrópusambandinu og þar með á EES-svæðinu.

6.1 Leyfisveitingar

Eftirlit með matvælafyrirtækjum sem dreifa grænmeti og ávöxtum er í höndum Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Matvælastofnun veitir leyfi til stofnræktunar á kartöfluútsæði, sbr. reglugerð 455/2006 um kartöfluútsæði, og veitir kartöflubændum leyfi til að selja útsæði til almennrar dreifingar (sjá kafla IV.3).

6.2 Eftirlit

Árið 2010 voru tekin 273 sýni af ávöxtum og grænmeti, bæði af innfluttu og innlendri framleiðslu, til eftirlits með leifum varnarefna. 116 sýni voru tekin af ávöxtum, allt erlend framleiðsla og 157 af grænmeti, þar sem um helmingur var íslensk framleiðsla. Sýnatökur dreifðust á tímabilið frá byrjun febrúar fram í miðjan desember.

Flest fyrirtæki sem flytja inn ávexti og grænmeti eru staðsett á eftirlitssvæði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Matvælasvið Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tók sýni tvisvar til fjórum sinnum í mánuði hjá innflutningsaðilum og dreifingaraðilum á höfuðborgarsvæðinu, 6-12 sýni í hverri sýnatökuferð.

Árið 2010 voru ekki tekin sýni vegna mælinga á nitrati í grænu blaðgrænmeti.

6.3 Rannsóknir

MAST gerði samning við Matís ohf. um mælingar á varnarefnaleifum í ávöxtum og grænmeti. Varnarefnaleifar eru mældar á rannsóknastofu Matís ohf. á Akureyri og voru sýni send til Akureyrar á sýnatökudegi.

Skimað var fyrir leifum 61 varnarefnis á rannsóknastofu Matís ohf.

Af sýnunum 273 mældust 179 (66%) án þeirra varnarefnaleifa sem skimað var fyrir. Önnur sýni innihéldu leifar eins eða fleiri efna, en tvö sýni reyndust hvort fyrir sig innihalda leifar fjögurra mismunandi efna. Efnin sem oftast greindust voru Imasalil (16%), Tiabendazol (8%), Klórópánólil (6%), Klórpyrifos (5%) og Sýpródíníl (4%). Af þessum fimm efnum sem oftast greindust er eitt skordýraeitur (Klórpyrifos) og hin eru sveppaeýðar/sveppaeitur. Aðeins í einu sýni (mangó frá Brasilíu) mældist efni (etíon) yfir leyfilegum mörkum. Þessu var fylgt eftir með því að taka tvö viðbótarsýni af mangó frá sama framleiðanda en ekki fundust leifar af etíon í þeim sýnum. Engin varnarefni mældust í sýnum af íslensku grænmeti.

Af framangreindu má vera ljóst að ástand ávaxta og grænmetis á markaði héraðs er gott. Þó er brýn þörf á að fjölga þeim efnum sem skimað er fyrir. Krafa þar að lútandi kemur einnig fram í reglugerð EB nr. 1213/2008 um samræmda eftirlitsáætlun bandalagsins fyrir árin 2009, 2010 og 2011 til að tryggja að reglum um hámarksgildi sé fylgt og til að meta fæðutengd áhrif neytenda vegna varnarefnaleifa í og á matvælum af jurta- og dýrauppruna. Þar er einnig krafa um að skimað verði fyrir varnarefnaleifum í kornvöru og dýraafurðum. Ísland hefur fengið frest til fimm ára til að uppfylla kröfur um mælingar sem fram koma í þeirri reglugerð.

Ástæða þykir til að benda á að þau hámarksgildi sem sett eru fyrir varnarefni eru alla jafna mjög lág og magn þeirra sem finnast kann í matvælum á að vera langt undir því sem hugsanlega gæti verið varasamt heilsu manna.

Tafla IV.6.1: Sýnataka 2010

Sýnategund	Fjöldi
Sítusáavextir	40
Kjarnaáavextir	24
Steinaldin	12
Ber	17
Ýmsir ávextir	23
Kartöflur	16
Rótar- og hýðisgrænmeti	17
Grænmetisaldin	48
Blaðgrænmeti og krydd	16
Kál	31
Stilkgrænmeti	9
Laukur	15
Sveppir	5



7. Kjöt og kjötafurðir

Starfandi sláturhús voru 15 á árinu.

Tafla IV.7.1: Slátrun eftir sláturleyfishöfum 2010, fjöldi og magn

Sláturleyfishafi	Hross		Nautgripir		Sauðfé		Svín		Alifuglar	
	stk.	kg.	stk.	kg.	stk.	kg.	stk.	kg.	stk.	kg.
Sláturfélag Suðurlands	1.966	279.799	5.593	914.793	99.317	1.625.158	11.451	937.321		
Sláturhús KVH	639	69.437	1.504	302.229	84.352	1.425.997				
SAH Afurðir	2.008	199.780	1.405	276.224	93.954	1.564.632				
Kaupfélag Skagfirðinga	553	72.926	1.448	252.370	109.947	1.794.185	98	14.952		
Norðlenska / Norðl. Höfn	139	19.175	4.869	889.861	106.812	1.748.361	13.476	1.060.334		
B. Jensen	379	53.173	1.446	285.293			5.287	449.372		
Sláturhúsið Hellu	979	101.035	4.805	914.513			362	28.966		
Sláturfélag Vopnirðinga	16	3.183	273	59.661	29.725	492.009				
Fjallalamb					31.158	515.740				
Stjörnugrís							48.993	3.666.619		
Ísfugl									734.500	1.315.989
Matfugl									1.805.298	2.656.140
Reykjagarður									1.818.021	2.932.532
Samtals	6.679	798.508	21.343	3.894.944	555.265	9.166.082	79.667	6.157.564	4.357.819	6.904.661

7.1 Leyfisveitingar

Ekki voru veitt ný starfsleyfi til sláturhúsa á árinu.

7.2 Eftirlit

Daglegt eftirlit er á höndum héraðsdýralækna. Sérgrainadýralæknar fóru einnig í sláturhúsin mismunandi oft eftir eðli og umfangi starfseminnar. Framkvæmdar voru úttektir á innra eftirliti og á störfum héraðs- og eftirlitsdýralækna. Almenn er staðan góð í sauðfjárslátrun, en húsin eiga lengra í land með að standast Evrópukröfur um slátrun á öðrum búfjártegundum, nema þau sem þegar hafa leyfi til útlutnings þangað.

Þann 1. mars 2010 tók MAST við eftirliti í kjötvinnslum sem eru utan sláturhúsa og reglubundnu eftirliti með mjólkurstöðvum. Til þess að sinna þessu eftirliti var ráðinn nýr starfsmaður.

7.2.1 Yfirkjömat

Yfirkjömat Matvælastofnunar nær til kinda-, stórgripa- og svínakjöts og er fjórþætt:

- Mótun reglna um kjötmat
 - Hafa forystu um mótun á reglum um gæðamat og flokkun á kjöti og fylgjast með nýjungum.
- Skipun kjötmatsmanna og fræðsla
 - Skipuleggja námskeið fyrir kjötmatsmenn sláturhúsa.
 - Meta hæfni þeirra.
 - Leiðbeina þeim og samræma störf þeirra með reglubundnum hætti.
- Yfirmat
 - Skera úr ágreiningi um kjötmat og störf kjötmatsmanna.
- Söfnun upplýsinga
 - Sjá til þess að safnað sé upplýsingum um gæðamat á kjöti og að þær séu til reiðu á aðgengilegu formi.

Árið 2010 var haft eftirlit með kjötmati í 12 sláturhúsum á vegum 10 sláturleyfishafa. Stórgripum var sláttrað í 9 þeirra, svínum í 6 og sauðfé í 8 sláturhúsum. Í þessum húsum er alls 31 kjötmatsmaður skráður með réttindi. Sláturhúsin voru heimsótt, kjötmatið tekið út og kjötmatsmönnum leiðbeint. Framkvæmd kjötmatsins var með eðlilegum hætti en í nokkrum ágreiningsmálum fór fram yfirmat.

Við upphaf sauðfjárslátrunar í ágúst voru haldin samræmingarnámskeið fyrir kjötmatsmenn sem störfuðu í sláturtíðinni.

Kjötmatsreglugerðin frá 1998 var endurútfegin sem reglugerð nr. 882/2010. Flestar breytingar eru fólgnar í aðlögun að breytingum í stjórnkerfinu á undanförmum árum, þ.e. tilkomu Matvælastofnunar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins o.fl., auk nokkurra efnislegra breytinga (sjá frétt frá 29.11.2010 á www.mast.is).

Af niðurstöðum kjötmatsins má nefna að árið 2010 var metár hvað varðar vænleika sláturlamba, meðalvigt var 15,94 kg, 0,1 kg hærra en árið áður. Framleiðsla lambakjöts jókst um 247,2 tonn (3,1%) milli ára. Holdfyllingarmat var áfram að meðaltali mjög gott. Hlutfall skrokka í tveimur bestu flokkunum (E og U) hækkaði um 4% á milli ára í 29,5%. Fitustig lækkaði aðeins. Hlutfall feitustu flokkanna (fitufl. 3+, 4 og 5) fór úr 11,6% í 11,2%.

Framleiðsla á nautgripakjöti var 134 tonnum (3,4%) meiri en 2009, sú aukning fólst í kýrkjöti. Skipting í matsflokka var svipuð og árið áður, þó heldur lakari á ungneytaskrokkum samfara um 4 kg lækkun á meðalvigt. Árið 2010 fóru 6,9% í úrvalsflokk en 9,6% árið 2009.

Framleiðsla grísakjöts dróst saman um 157,5 tonn (2,6%) milli ára og mikill samdráttur varð í hrossakjötsframleiðsu eða 310 tonn (27,9%).

Nánari upplýsingar um skiptingu kjöttegunda í matsflokka eru birtar í töflum í viðauka 3 (VIII.3).

7.3 Rannsóknir

Aðskotaefnasýni voru tekin samkvæmt eftirlitsáætlun MAST. Þau voru greind á Keldum, hjá Matis og erlendum rannsóknarstofum. Niðurstöður voru allar fullnægjandi. Einnig voru tekin vatnssýni til eftirlits í sláturhúsunum og vinnslusölum þeirra. Þær niðurstöður voru í flestum tilfellum fullnægjandi og alltaf eftir rannsókn á aukasýni eftir að úrbætur höfðu verið gerðar.

Sýni voru einnig tekin til rannsókna á þungmálum í tengslum við rannsóknir vegna gossins í Eyjafjallajökli. Þau reyndust öll undir viðmiðunarmörkum. Nánari upplýsingar um eldgosið er að finna í kafla V.3.

7.4 Fundir og fræðsla

Sérgrainadýralæknir tók þátt í fræðslufundi MAST um lyfjagjöf og lyfjaleifar í búfé. Haldið var námskeið fyrir aðstoðarfólk í sláturhúsum á Húsavík í byrjun sláturtíðar. Sérgrainadýralæknir kom að fundum með héraðs- og eftirlitsdýralæknum sem haldnir voru á Akureyri og Reykjavík vegna nýrra reglugerða sem taka gildi í nóvember á þessu ári. Sérgrainadýralæknir kom að tveimur heimsóknum FVO vegna eftirlits með kjöti og mjólk á hausti 2010 og skipulagði heimsókn færeyskra dýralækna sem komu hingað til að kynna sér heilbrigðissskoðun á sláturgripum í sláturhúsum.

Sérgrainadýralæknir sótti fimm daga námskeið í York um hreinlæti og opinbert eftirlit í kjötvinnslum og sláturhúsum. Einnig þriggja daga námskeið í Brussel um nýja reglugerð EB nr. 1069/2009 um dýraleifar og nýtingu þeirra.

8. Mjólk og mjólkurafurðir

Mjólkurstöðvar með starfsemi á árinu voru átta. Sjö þeirra eru með útflutningsleyfi.

Tafla IV.8.1: Mjólkurstöðvar með útflutningsleyfi

Mjólkurstöð	Fjöldi kúabænda	Innvigtun 2010
MS Reykjavík	87	15.287.094
MS Búðardal	35	3.844.418
MS Ísafirði	10	1.412.455
Mjólkursamlag KS	54	11.817.361
MS Akureyri	215	37.585.246
MS Egilsstöðum	41	5.477.179
MS Selfossi	243	48.598.485
Samtals	685	124.022.238

Innvigtun minnkaði á milli ára um 1.547.000 lítra og framleiðendum fækkaði um 9. Auk þess starfar Mjólka sem mjólkurstöð, en er ekki með útflutningsleyfi. Hún tekur sína hrámjól til vinnslu frá MS.

8.1 Leyfisveitingar

Miklum skipulagsbreytingum í vinnsluþáttum milli stöðva var að mestu lokið á árinu 2010. Öll ostavinnsla færðist í lok árs 2008 til mjólkurstöðvanna frá Osta- og smjörslunni. Hver mjólkurstöð hefur því fengið ákveðin framleiðsluverkefni, sem gerir allt eftirlit einfaldara.

8.2 Eftirlit

Árleg úttekt fór fram seinni hluta árs með þeim stöðvum sem hafa útflutningsleyfi. Stöðvarnar voru heimsóttar og farið yfir búnað og eftirlitskerfi. Með í för voru gæðastjóri MS og viðkomandi héraðsdýralæknir.

Almennt voru niðurstöður mjög góðar þótt alltaf megi finna eitthvað sem betur má fara. Farið var yfir aðfinnslur á staðnum með fulltrúum hlutaðeigandi. Afrit að skýrsludrögum var skilið eftir á staðnum. Haldinn var lokafundur á hverjum stað þar sem helstu niðurstöður heimsóknarinnar voru reifaðar.

8.3 Rannsóknir

Tekin voru aðskotaefnasýni af mjólk hjá framleiðendum skv. eftirlitsáætlum Matvælastofnunar. Sýnin eru tekin í samstarfi við héraðsdýralækna í hverju umdæmi og er sýnatöku dreift um landið og stjórnað þannig að hún gefi sem gleggsta mynd af ástandinu á hverjum tíma. Sýnin eru greind bæði hvað varðar fúkkalyfjaleifar og óæskileg aðskotaefni. Sýnin eru rannsökuð bæði hjá viðurkenndum, innlendum rannsóknarstofum (Keldur og Matís) og erlendis. Niðurstöður eru oftast innan greiningarmarka og allar innan viðmiðunarmarka.

9. Vatn

Eftirlit með ástandi neysluvatns er í höndum heilbrigðisnefnda undir yfirumsjón Matvælastofnunar. Hugtakið neysluvatn er skilgreint svo í reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn:

„Neysluvatn, vatn í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna þess og hvort sem það kemur úr dreifikerfi, tönkum, flöskum eða öðrum ílátum og ætlað er til neyslu, eða matargerðar. Einnig allt vatn sem notað er í matvælafyrirtækjum, nema unnt sé að sýna fram á að gæði þess vatns sem notað er hafi ekki áhrif á heilnæmi framleiðslunnar.“

Það er mikilvægt að smærri matvælaframleiðendur eins og kúabændur geri sér grein fyrir því að ef það neysluvatn sem þeir nota kemur úr eigin vatnsbólum þarf það að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til neysluvatns. Hægt er að nálgast bækling um litlar vatnsveitur á heimasíðu Matvælastofnunar, www.mast.is.

Tafla IV.9.1: Fjöldi vatnsveitna á skrá hjá HES frá 2003

Ár	Fjöldi vatnsveitna
2003	176
2004	468
2005	661
2006	701
2007	726
2008	678
2009	693
2010	691



Um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn gildir reglugerð nr. 405/2004. Eftirlitið er í höndum heilbrigðisnefnda og hefur Matvælastofnun yfirumsjón með því. Matvælastofnun veitir umsagnir um umsóknir um nýtingu náttúrulegs ölkelduvatns til dreifingar. Engar umsóknir bárust 2010.



10. Markaðseftirlit

Opinbert eftirlit með matvælum á markaði er í höndum heilbrigðisnefnda, en heilbrigðisnefndir starfa undir yfirumsjón Matvælastofnunar skv. lögum um matvæli nr. 93/1995. Landinu er skipt upp í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði.

Mynd IV.12.1: Heilbrigðiseftirlitssvæði

Svæðaskipting	Skammstöfun	Heilbrigðiseftirlitssvæði
	HHK	Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
	HER	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar
	HKJ	Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis
	HVL	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
	HVF	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
	HNV	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
	HNE	Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
	HAUST	Heilbrigðiseftirlit Austurlands
	HSL	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
	HSN	Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

HHK annast einnig eftirlit í Garðabæ og Álftanesi. HKJ annast eftirlit í Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi og í Kjós.

Skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 106/2010 um opinbert eftirlit með því að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt hafa MAST og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) eftirlit með matvælum. HES hefur, undir yfirumsjón MAST, opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla. Landinu er skipt upp í 10 heilbrigðiseftirlitssvæði og eru þau óbreytt milli ára. Árið 2010 voru 21,9 stöðugildi sem sinntu matvælaeftirliti hjá HES.

Í lok hvers árs gerir HES eftirlitsáætlun fyrir komandi ár þar sem gerð er grein fyrir eðli og tíðni eftirlits. MAST tekur saman eftirlitsáætlun HES, samræmir og birtir. Þá þarf HES að skila inn niðurstöðum eftirlits frá árinu áður til MAST. Þar eiga að koma fram upplýsingar um fjölda eftirlitsstaða, fjölda eftirlitsferða og tegund og eðli staðfesta brota. MAST sér um að safna saman og vinna úr niðurstöðunum.

Tafla IV.12.1: Eftirlit með vatnsveitum; framleiðslu og þökkun; og heilðsölu, innflutningi og flutningi

Svæði	Vatnsveitur		Framleiðsla og þökkun		Heilðsala, innflutningur, flutningur	
	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir
HHK	7	100%	47	92%	31	68%
HER	1	100%	44	100%	83	52%
HKJ	11	73%	6	100%	3	33%
HVL	108	46%	15	100%	4	50%
HVF	40	98%	8	75%	6	83%
HNV	106	68%	10	100%	5	100%
HNE	169	59%	46	91%	8	100%
HAUST	111	55%	20	85%	9	100%
HSL	131	85%	67	75%	11	64%
HSN	7	100%	11	91%	3	100%
Samtals	691	66%	274	85%	163	64%

* Fjöldi eftirlitsstaða um áramót.

12.1 Vatnsveitur

HES hefur eftirlit með öllum neysluvatnsveitum að undanskildum þeim sem þjóna færri en 50 manns eða minna en 20 íbúðum eða sumarbústöðum. Allar vatnsveitur sem þjóna matvælaframleiðslu eru undir eftirliti. Þannig eru m.a. allar vatnsveitur sem þjóna býlum sem framleiða afurðir til manndis undir eftirliti, enda slík býli skilgreind sem matvælaframleiðsla. Árið 2010 voru vatnsveitur 691 og skiptust á heilbrigðiseftirlitssvæði, sbr. [Töflu IV.12.1](#).

12.2 Framleiðsla og þökkun

Fyrirtæki sem flokkast „Framleiðsla og þökkun“ og eru undir eftirliti heilbrigðissvæða eru kjötvinnslur með/án reykingar, grænmeti/ávextir, mjólkurstöðvar, ostagerð, drykkjarvöru-framleiðsla, brauð- og kókugerð, súkkulaði- og sælgætisframleiðsla, krydd-, aukefna- og bragðefnavinnsla, salat- og samlokugerð, sósu- / sultu- / grautafarmleiðsla og aðrar matvælaferksmiðjur sem eru undir eftirliti heilbrigðissvæðanna. Alls eru 277 fyrirtæki í þessum flokki (sjá [Töflu IV.12.1](#)).

12.3 Heilðsala, innflutningur og flutningur

Heilðsala, innflutningur og flutningur þar með talin dreifing matvæla, vörugymslur / vöruhótel og vöruflytningamiðstöðvar voru í allt 181 á landinu öllu. Vakin er athygli á að sum fyrirtæki eru með starfsstöðvar á fleiri en einum stað á landinu, og hver starfsstöð er undir eftirliti á því heilbrigðissvæði sem hún tilheyrir. Fyrirtæki sem flytja inn fæðubótarefni eru einnig í þessum flokki (sjá [Töflu IV.12.1](#)).

Tafla IV.12.2: Eftirlit með smásölu, stórelldhúsum og öðrum eftirlitsþegum

Svæði	Smásalar		Stórelldhús		Aðrir eftirlitsþegar	
	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir	Eftirlitsstaðir*	Heimsóttir
HHK	93	86%	284	93%	0	-
HER	257	100%	704	94%	28	100%
HKJ	17	94%	30	83%	8	50%
HVL	30	83%	141	87%	68	54%
HVF	24	54%	110	45%	101	0%
HNV	35	100%	127	100%	46	100%
HNE	65	92%	184	87%	0	-
HAUST	36	75%	135	93%	55	56%
HSL	68	88%	254	92%	91	88%
HSN	44	96%	113	89%	0	-
Samtals	669	92%	2082	90%	397	57%

* Fjöldi eftirlitsstaða um áramót.

12.4 Smásalar

Til smásala teljast meðal annars allar matvöruverslanir og stórmarkaðir með og án vinnslu matvæla, söluturnar með eða án meðhöndlunar á óvörðum matvælum, matsöluvagnar, fiskbúðir með og án vinnslu matvæla, brauðbúðir með og án bakaría sem og önnur smásala á matvöru og drykkjum í sérvöruverslunum, lyfjabúðum, heilsuræktarstöðvum og bensínstöðvum. Alls eru 669 fyrirtæki í þessum flokki og heimsótti HES 91,8% þeirra á árinu 2010 (sjá [Töflu IV.12.2](#)).

12.5 Stórelldhús

Stórelldhús eru allir matsöluastaðir, skyndibitastaðir, mótuneyti og móttökueldhús (s.s. hótél, dvalarheimili, skólar, leikskólar, sjúkrahús og vinnustaðir), mótuneyti með útseldan mat, sala á tilbúnum mat, krár og kaffihús með matsölu. Alls eru 2082 fyrirtæki í þessum flokki og heimsótti HES 89,7% þeirra á árinu 2010 (sjá [Töflu IV.12.2](#)).

12.6 Aðrir eftirlitsþegar

Önnur fyrirtæki sem falla undir matvælaeftirliti HES eru t.d. fyrirtæki með tímabundna starfsemi, s.s. bændagisting, félagsheimili, samkomusalir og önnur starfsemi þar sem matvælum er dreift hvort sem er í ábataskyni eður ei. Alls eru 397 fyrirtæki í þessum flokki og heimsótti HES 56,9% þeirra á árinu 2010 (sjá [Töflu IV.12.2](#)).

12.7 Samantekt og greining brota


Alls hafði HES eftirlit með 4031 matvælaþyrtingum eða vatnsveitum í byrjun árs 2010 og voru 87,1% þeirra heimsótt af HES á árinu, sem er töluverð aukning frá árinu 2009. Af þeim fyrirtækjum sem HES heimsótti voru skráð reglugerðarbrot á 5,61% þeirra. Er það örlítið færkun á brotum frá árinu 2009. Á *Mynd V.12.1* sést hvernig brotin voru flokkuð og tíðni hvers brotaflokks. Brot á ákvæðum reglugerða varðandi merkingar matvæla er þar langstærsti þátturinn eða 55,81% allra brota.

12.8 Önnur verkefni

Auk reglubundins eftirlits sér HES einnig um að taka sýni af matvælum til rannsókna. Árið 2010 tók HES 2732 sýni sem voru skoðuð með tilliti til örvera, aðskotahluta, efnasamsetningar, umbúðamerkinga o.fl. Þar af voru 1310 sýnatök vegna neysluvatns eða 47,95% af öllum sýnatökum. 8,5% neysluvatnssýna voru yfir viðmiðunarmörkum.

Í *Töflu IV.12.3* sést að tíðni brotlegra sýna af heildarfjölda sýna er 25,1% sem telst vera há tíðni brota. Séu sýnatök vegna umbúðamerkinga teknar út úr heildartölum horfir þetta þó öðruvísi við en þá er tíðni brota 13,2% (sjá *Töflu IV.12.3*). Skýrist þetta af því að sýni af umbúðamerkingum eru tekin þegar grunur leikur á að um brot sé að ræða. Þetta leiðir af sér að brotlegr sýni vegna merkinga matvæla er 85,9% af heildarfjölda sýna vegna umbúðamerkinga.

Mynd IV.12.1: Tíðni reglugerðabrota eftir brotaflokki



Tafla IV.12.3: Sýnatök HES af matvælum til rannsókna 2010

Sýni	Fjöldi sýna	Heildarfjöldi brota	Tíðni brota
Öll sýni	2732	686	25,1%
...þar af neysluvatn	1310	111	8,5%
...umbúðamerkingar	447	384	85,9%
Öll sýni að frátöldum umbúðamerkingum	2285	302	13,2%

Eins og þessi kafli gefur til kynna er markaðseftirlit HES afar viðamikil og tekur á mörgum þáttum. Þá er ljóst að auk fjölda eftirlitsþega verður einnig að horfa til stærðar heilbrigðissvæðanna, en þau spanna sum gríðarlega víðfeðm svæði sem geta verið erfið yfirferðar stóran hluta ársins.

11. Nefndarstörf

11.1 Samstarf við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

Matvælastofnun hefur yfirumsjón með matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES). MAST hefur beint eftirlit með frumframleiðslu á matvælum og inn- og útflutningi en markaðseftirlit er í höndum sveitarfélaga.

Matvælahópur Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar hélt fimm fundi á árinu. Í hópnum eru nú 10 fulltrúar, 6 frá HES og 4 frá MAST. Jafnframt eru kallaðir til sérfræðingar í þeim málum sem um er rætt hverju sinni. Hlutverk hópsins er að fjalla um málefni er hæst bera á hverjum tíma og varða skipulag, samræmingu og framkvæmd matvælaeftirlits á Íslandi. Hópnum er ætlað að undirbúa, framkvæma og/eða deila út verkefnum er stuðlað geta að framþróun matvælaeftirlits. Hann er einn helsti samstarfsvettvangur MAST og Heilbrigðiseftirlitsins, auk vofundar með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæðanna tíu, haustfundar með öllum heilbrigðisfulltrúum og annarra samskipta vegna sameiginlegra verkefna. Jafnframt sækja verðandi heilbrigðisfulltrúar námskeið hjá Matvælastofnun, í samvinnu við Umhverfisstofnun. Eftirlitsverkefni eru unnin í samvinnu Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Verkefni eru mikilvægur samstarfsvettvangur MAST og allra heilbrigðiseftirlitssvæðanna, þar sem kastljósi er beint að ákveðnum þáttum í matvælaeftirliti á öllu landinu á sama tíma eða unnið er að samræmingu eftirlits s.s. með gerð viðmiðunarreglna.

Árið 2010 var farið í eftirfarandi verkefni:

- Ís úr vél, örveruástand
- Fæðubótarefni (stendur fram á 2011)

Nánari upplýsingar um þessi verkefni og niðurstöður þeirra er að finna á heimasíðu MAST.

11.2 Samráðshópur MAST / UST / SHÍ

Forstöðumenn matvælaöryggis- og neytendamálasviðs og stjórnsýslusviðs Matvælastofnunar voru fulltrúar stofnunarinnar í samráðshópi Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar og Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi. Matvælastofnun hóf þátttöku í starfi hópsins á síðari hluta ársins en honum er ætlað að fjalla um ýmis sameiginleg málefni þessara aðila, t.d. skipulagningu á vofundum og haustfundum.

11.3 Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir

Forstöðumaður matvælaöryggis- og neytendamálasviðs á sæti í hópnum. Sjá V.13.1.

11.4 Önnur nefndarstörf

Sérfræðingar matvælaöryggis- og neytendamálasviðs sátu í norrænum fastanefndum um eftirlit og löggjöf og um aðskotaefni, og auk þess í ýmsum vinnuhópum sem varða starfsemi sviðsins. Sumir þessara hópa funduðu hér á landi á árinu.

Sérfræðingur stofnunarinnar sótti fund hjá EFSA um eftirlit með varnarefnum í grænmeti og ávöxtum.

Forstöðumaður matvælaöryggis- og neytendamálasviðs tók þátt í rýnivinnu vegna 11. kafla ESB-löggjafar um landbúnað og sótti rýnifund vegna þessa kafla í Brussel í desember. Forstöðumaður sótti í lok september fund hjá ESA í Brussel um ráðgert eftirlit stofnunarinnar á árinu 2011. Forstöðumaður matvælaöryggis- og neytendamálasviðs starfaði í vinnuhópi sem SLR skipaði vegna eldgossins í Eyjafjallajökli.

Norræn matvælaeftirlitsráðstefna var haldin á Íslandi í febrúar og norræn fóðureftirlitsráðstefna í ágúst.



1. Um heilbrigði og velferð dýra

Megintilgangur sviðsins er að koma í veg fyrir að nýir sjúkdómar berist til landsins, stuðla að útrýmingu riðuveiki og garnaveiki og halda öðrum dýrasjúkdómum í skefjum og hindra útbreiðslu þeirra. Hin góða staða dýrasjúkdóma er landbúnaðinum og fiskeldinu ómetanleg auðlind.

Sérgrainadýralæknar sviðsins eru sérfræðingar í sjúkdómum alifugla, fiska, hrossa, loðdýra, nautgripa, sauðfjár og svína. Auk þess eru sérfræðingar í skeldýrarækt, dýralflyfjum, tilraunadýrum og faraldsfræði starfandi á sviðinu.

Til að hindra að nýir sjúkdómar berist til landsins er yfirumsjón höfð með innflutningi á dýraafurðum og á lifandi dýrum, svo sem gæludýrum, svínum og erfðæfni þeirra, loðdýrum og frjóeggjum til endurnýjunar á varpstofnum vegna eggja- og kjötframleiðslu.

Sérfræðingar sviðsins veita héraðsdýralæknum og öðrum eftirlitsaðilum sérfræðiaðstoð vegna dýravelferðarmála.

Sérfræðingar sviðsins hafa mikilvægu hlutverki að gegna varðandi matvælaöryggi. Ábyrg notkun dýralflyfa er mikilvæg til að koma í veg fyrir að lyfjaleifar berist í fólk með matvælum af afurðagefandi dýrum. Mjög aukins eftirlits er nú krafist í nýlegri matvælaöryggisátt til að tryggja þetta. Útflutningur á kjöti byggist m.a. á því að þetta eftirlit sé í góðu lagi. Sérfræðingur í skeldýrum hefur yfirumsjón með töku sýna vegna hættulegs þörungaeiturs sem finnst í skeldýrum á vissum árstímum og náði eftirlit verður að vera með, til dæmis vegna útflutnings.

Náð samstarf er við sérfræðinga í dýrasjúkdómarannsóknum á Keldum og við sóttvarnalækni vegna sjúkdóma sem geta borist milli manna og dýra, svo sem salmonellu, kampylóbakter, svínaflensu, fuglaflensu og hringskyrfis. Einnig er samstarf við sérfræðinga annarra stofnana vegna förgunar á sóttmenguðum úrgangi svo sem vegna salmonellu og miltisbrands.

Tekist var á við fjölda verkefna á árinu 2010. Fræðslufundir voru haldnir víða, m.a. vegna umfangsmikilla breytinga á varnarhólfum og varnarlinum með útkomu auglýsingar nr. 739/2009 um varnarlinur vegna sauðfjársjúkdóma.

Varðandi A-sjúkdóma greindist riða aðeins einu sinni á bæ í Flóahreppi í Árnessýslu og er sá sjúkdómur nú greinilega á undanhaldi. Af B-sjúkdómum greindust salmonellusýkingar og garnaveiki á nokkrum búum. Nýr B-sjúkdómur, þ.e.a.s. nýtt afbrigði af svínainflúensu H1N1 greindist fyrst árið 2009 á tveimur svínabúum, en 2010 á einu búi, sennilega vegna þess að starfsmenn hafi smitað svínin. Talsverð aukning varð á greiningum á salmonellu í alifuglum og svínum, en sem betur fer tókst með umfangsmiklu eftirlitskerfi með eldisdýrum og afurðum að koma í veg fyrir aukningu á sýkingum í fólk. Alvarlegur smitsjúkdómur kom upp í hestum af völdum afbrigðis af bakteríu sem ekki hafði greinst áður hér á landi. Sjúkdómurinn lýsti sér með hósta og nefrennsli og dæmi var um að hestar væru veikir í nokkrar vikur og olli þetta miklu tjóni í hestamenskunni. Nokkur aukning varð á greiningum á lungnapest í sauðfé, m.a. undir Eyjafjöllum og í Myrdal, hugsanlega vegna áhrifa af eldgosinu í Eyjafjallajökli. Talsverð vinna var lögð í að sinna fyrirbyggjandi starfi varðandi dýraheilbrigði og dýravelferð á áhrifsvæði gossins, auk þess sem skipulagðar voru rannsóknir á áhrifum eldgossins á dýraheilbrigði til skemmri og lengri tíma.


Sérfræðingar sviðsins voru leiðandi í vinnu um gerð kerfa fyrir rafræna skráningu á sjúkdómum og lyfjameðhöndlun á búfé. Þetta mun auðvelda eftirlit með því að meðhöndlaðir gripir séu ekki sendir til slátrunar eða mjólk seld, fyrr en að loknum útskolunartíma lyfjanna. Einnig var unnið að gerð landupplýsingakerfis, sem mun t.d. hafa verulega þýðingu vegna skjótra viðbragða við smitsjúkdómum.

Vinna vegna erlendra samskipta var umfangsmikil, m.a. í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Sérfræðingar sviðsins rýndu í 200 Evrópugerðir á sviði dýraheilbrigðis, verslunar með lifandi dýr, dýravelferðar og búfjárræktar, en Ísland hefur nú undanþágur frá þessum gerðum í EES-samningnum. Í fiskeldinu jókst útflutningur á hrognum og seiðum, sem krefst mikils öryggis varðandi sjúkdómavöktun og vottorð. Árlegur fundur yfirdýralækna á Norðurlöndum var haldinn á Íslandi um mánaðarmótin ágúst-september og tók yfirdýralæknir Færeyja nú í fyrsta sinni formlega þátt í slíkum fundi, en samstarf þetta hefur staðið í yfir 40 ár. Næsti fundur yfirdýralækna verður í Færeyjum í lok ágúst 2011.

2. Umdæmi

Landinu er skipt í 14 umdæmi. Í hverju umdæmi er umdæmisskrifstofa MAST þar sem héraðsdýralæknir sinnir opinberu eftirliti með heilbrigði og velferð dýra og framleiðslu búfjárafurða á svæðinu.

Mynd VI.2.1: Umdæmi



2.1 Héraðsdýralæknar

Héraðsdýralæknar hafa eftirlit með sláturdýrum, sláturafurðum og afurðastöðvum hver í sínu umdæmi, ásamt eftirliti með heilbrigði, hirðingu, aðbúnaði og aðstöðu nautgripa á búum þar sem framleidd er mjólk til sölu. Héraðsdýralæknar sinna framkvæmd sóttvarnaaðgerða og fylgjast með viðhaldi varnargirðinga í umdæminu. Þeir hafa eftirlit með búfé og öðrum dýrum eftir því sem lög ákveða. Einnig halda þeir skrá yfir alla eftirlitsskylda aðila í sínu umdæmi og sinna eftirliti með þeim samkvæmt sérstakri eftirlitsáætlun, sem er endurskoðuð um hver áramót. Héraðsdýralæknar vinna einnig önnur störf sem MAST felur þeim á hverjum tíma. Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993 eru smitsjúkdómar flokkaðir í þrjá flokka A, B og C. Flokkunin byggir á alvarleika sjúkdómanna. Skyllt er að tilkynna um grun eða greiningu á A- og B-sjúkdómum til Matvælastofnunar en fá dýralæknir grun um C-sjúkdóm skal hann hlutast til um að framkvæmdar séu frekari rannsóknir og tilkynna um málið að því marki sem nauðsynlegt er.

Í Gullbringu- og Kjósarumdæmi, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi og Suðurlandsumdæmi sinna héraðsdýralæknar eingöngu eftirlitsstörfum, en í öðrum umdæmum annast þeir einnig almenna dýralæknaþjónustu, þ.m.t. vaktþjónustu. Ávallt skal aðskilja eftirlitsstörf dýralækna og almenna dýralæknaþjónustu eins og kostur er.

2.2 Eftirlitsdýralæknar

Eftirlitsdýralæknar hafa starfsaðstöðu á skrifstofu héraðsdýralækna og starfa undir stjórn viðkomandi héraðsdýralækna við lögboðin eftirlitsstörf, m.a. kjótskoðun, eftirlit með mjólkurframleiðslu og eldi sláturdýra. Í Gullbringu- og Kjósarumdæmi, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi og Suðurlandsumdæmi eru starfandi eftirlitsdýralæknar allt árið. Jafnframt ræður Matvælastofnun eftirlitsdýralækna til starfa í öðrum umdæmum þar sem þess er þörf, t.d. við sauðfjárlátrun á haustin.

2.3 Forðagæsluskýrsla

Þann 1. september 2010 var umsjón forðagæslu færð frá Bændasamtökum Íslands til Matvælastofnunar. Á fundi með búfjárefirlitsmönnum þann 4. nóvember 2010 opnaði MAST vefforritið BÚSTOFN fyrir rafræn skil á forðagæsluskýrslum.

Tafla VI.2.1: Umdæmisskipting bóa og búfjár á Íslandi

Umdæmi	Fjöldi:	alifuglabúa	alifugla	hrossa	kúabúa	mjólkurkúa	annarra nautgripabænda	nautgripa*
Gullbringu- og Kjósarumdæmi	18	392.268	8.742	10	385	4	920	
Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi	8	204.510	6.525	62	2.414	12	3.628	
Snæfellsnesumdæmi	1	1.247	1.992	25	752	8	1.311	
Dalaumdæmi	0	152	1.688	21	715	11	1.428	
Vestfjarðarumdæmi	0	137	644	18	544	12	995	
Vestur-Húnaþingsumdæmi	1	28.203	4.570	22	626	16	1.669	
Austur-Húnaþingsumdæmi	2	2.927	6.115	30	899	12	1.838	
Skaga- og Eyjafjarðarumdæmi	4	76.000	14.003	162	7.277	59	12.342	
Þingeyjarumdæmi	0	481	1.834	53	1.403	23	2.643	
Austurlandsumdæmi nyrðra	1	749	2.255	22	938	22	1.694	
Austurlandsumdæmi syðra	0	73	223	6	171	9	499	
Austur-Skaftafellsumdæmi	3	6.299	894	14	474	10	966	
Vestur-Skaftafellsumdæmi	0	53	630	25	606	6	1.298	
Suðurlandsumdæmi	22	343.134	27.132	219	9.285	70	15.785	
Samtals á landsvísu	60	1.056.233	77.247	689	26.489	274	47.016	

* Fjöldi nautgripa annarra en mjólkurkúa.

Umdæmi	Fjöldi:	loðdýrabúa	loðdýra	sauðfjárbúa	sauðfjár	geita	sláturhúsa	svínabúa	svína
Gullbringu- og Kjósarumdæmi	2	2.587	81	4.700	30	3	4	36.637	
Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi	0	12	205	36.654	199	0	3	12.420	
Snæfellsnesumdæmi	0	14	122	14.450	0	0	0	0	
Dalaumdæmi	0	0	133	36.116	42	0	0	0	
Vestfjarðarumdæmi	0	3	155	30.940	0	0	0	0	
Vestur-Húnaþingsumdæmi	0	1	122	36.984	0	1	0	0	
Austur-Húnaþingsumdæmi	0	2	126	35.528	22	1	1	600	
Skaga- og Eyjafjarðarumdæmi	10	15.892	469	65.910	202	3	3	7.313	
Þingeyjarumdæmi	0	22	224	48.679	55	2	1	4.118	
Austurlandsumdæmi nyrðra	3	3.831	202	49.071	34	1	0	0	
Austurlandsumdæmi syðra	0	10	54	12.918	13	0	0	0	
Austur-Skaftafellsumdæmi	1	2.423	74	18.358	26	2	1	221	
Vestur-Skaftafellsumdæmi	0	0	76	20.147	4	0	0	0	
Suðurlandsumdæmi	6	14.644	519	59.030	28	3	7	22.163	
Samtals á landsvísu	22	39.441	2.562	469.485	655	16	20	83.472	

Ath. Tölur eru teknar saman fyrir hvert sveitarfélag og dæmi eru um að sveitarfélög skiptist milli umdæma. Í slíkum tilfellum getur myndast skekkja í tölfræði milli umdæma.

2.4 Gullbringu- og Kjósarumdæmi

Ekki voru miklar breytingar á starfsemi í Gullbringu- og Kjósarumdæmi á árinu 2010. Helstu áherslur í umdæminu eru þær sömu og fyrr, eftirlit sem lýtur að matvælaöryggi, dýravernd, inn- og útflutningi dýra og útflutningi matvæla, ásamt viðbrögðum við smitsjúkdómum. Árið var sérstakt að því leyti að upp kom smitandi hósti í íslenska hestastofninum af völdum streptokokkasýkingar, sem hafði mikil áhrif á útflutning hrossa. Innflutningur gæludýra minnkaði, líklega vegna efnahagsástandsins, en nánar er fjallað um inn- og útflutning dýra í kafla VI. Eftirlit hefur verið hefðbundið með starfsemi sláturhúsa, mjólkurframleiðslu í héraðinu og framleiðslubúum í búvöruframleiðslunni líkt og svínabú, nautakjötsbú, kjúklingabú og varphænobú. Í umdæminu starfa auk héraðsdýralæknis, þrjú eftirlitsdýralæknar í 2,8 stöðugildum.

Dýraverndarmál hafa alla tíð tekið drjúgan hluta af störfum dýralæknanna og var það einnig svo á árinu 2010. Farið var í um það bil 20 dýraverndarmál sem tengdust gæludýrum, en hvert mál getur krafist nokkurra heimsóknna og skýrslugerðar. Því varð sú breyting á að frá og með haustmánuðum að hætt var að sinna útköllum vegna gæludýra, nema þar sem greinilegt var að um brot á dýraverndarlögum væri að ræða. Ástæðan er sú að málaflókurinn heyrir undir Umhverfisstofnun, auk þess sem mannskapur stofnunarinnar er ónógur til að sinna þessum þætti. Nokkuð var

um athugasemdir sem tengdust eldi og meðferð alifugla, aðallega vegna dritbruna á fótum og flutningi fuglanna. Eitt af þessum fuglamálum var kært til lögreglu og er það mál enn í vinnslu. Sex dýraverndarmál voru á árinu, sem tengdust búfé. Dýralæknar tóku út og gáfu út umsagnir um hundaskóla, hundahótel og gæludýraverlanir.

Heilmikil vinna tengdist eftirliti með hvalaafurðum, en eftirlit er haft með skurði og frágangi hrefnukjöts og langreyðarkjöts. Munur á þessu tvennu er að hrefnurnar eru skornar úti á sjó og koma hlutaðar að landi í ísuðum körum og felst eftirlitið fyrst og fremst í eftirliti með hitastigi, frágangi og heilbrigðiseftirliti á skurðarstað. Um langreyðarnar gildir annað þar sem hvalurinn er dreginn heill að landi og skurðurinn fer fram á skurðarplani. Felst eftirlitið þar fyrst og fremst í almennu heilbrigðis- og þrifaftirliti á vinnustaðnum. Á síðasta ári voru veiddar um það bil 50 hrefnur, en alls voru 148 langreyðar skotnar. Kjötið af hrefnum fór allt á innanlandsmarkað, en langreyðarkjötið fer allt á Japansmarkað. Beinagrindum og innfli hrefnanna er sókk í sjó þar sem þær eru veiddar, en allt annað en kjöt, rengi og spik af langreyðunum er unnið í mjól. Lýsið er notað sem eldsneyti á hvalbátana í hlutföllunum 1:3 á móti svartolíu.

Enginn A-sjúkdómur greindist í umdæminu á árinu, en B-sjúkdómur greindust, má þar nefna salmonellusýkingar í alifuglum og svínum, og fuglakólera í einu varphænobú. Af C-sjúkdómum má nefna þarmabólgu hjá svínum, Porcine Proliferative Enteritis, einnig nefnd Porcine Intestinal Adenomatosis, af völdum smits með *Lawsonia intracellularis*, sem er sjúkdómur sem greinst hefur á svínabúum í héraðinu, en auk þess hefur greinst svokölluð fráfrægisaveiki, Postweaning Multisystemic Wasting Syndrome, PMWS eða PCV2, sem ekki er skráningarskyldur sjúkdómur, en þar er orsakavaldurinn Porcine circovirus type 2. Þess má líka geta að engar upplýsingar hafa borist frá dýralæknum í héraðinu nema frá einum um smitandi sjúkdóma. Í febrúar 2010 greindist í fyrsta skipti hér á landi smitandi eitilfrumuæxli í hömstrum í hamstrastofni á Stór-Reykjavíkursvæðinu, en um er að ræða smitandi veirusjúkdóm af völdum Hamster polyoma virus (HAPV). Tekið skal fram að veiran sem slík greindist ekki, en klínísk einkenni og meinafræðilegar breytingar bæði stórsjár og smásjár taka af allan vafa.

Héraðsdýralæknir sótti fimm daga námskeið í október 2010 á vegum framkvæmdastjórnar ESB, DG SANCO, sem skipulagt var og haldið af Campden BRI. Fór námskeiðið fram í Bonn í Þýskalandi og hét Training on Auditing HACCP Systems. Námskeiðið var mjög skilvirkt og öflugt. Telur héraðsdýralæknir að hann hafi hlotið mjög góða þjálfun og fræðslu þessa daga í notkun HACCP-gæðakerfisins. Það er líka mikil hvatning að taka þátt í svona námskeiði og það leiðir ekki síður til þess að sambönd skapast við sérfræðinga á svipuðu sviði erlendis, sem unnt er að leita til síðar.

Héraðsdýralæknir starfaði á vegum Matvælastofnunar í tveimur nefndum við vinnu á breytingu á lögum og reglugerðum. Í fyrsta lagi starfaði hann í ráðgjafanefnd um útflutning hrossa á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins (SLR), en unnið var að tillögum um breytingar á lögum um útflutning hrossa og reglugerð þeim tengdum. Hins vegar tók hann þátt í vinnu um samningu reglugerðar um aflifun búfjár.

2.5 Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi

Auk opinberra eftirlitsstarfa sinnir héraðsdýralæknir í þessu umdæmi almennum útköllum varðandi dýralækningar. Opinberu verkefni eru helst þessi: árlegar úttektir á fjósum vegna mjólkur- og kjótfarmleiðslu, svínabúum, alifuglabúum, Nautastöð Bændasamtaka Íslands á Hesti og Sauðfjarsæðingastöð Búnaðarsamtaka Vesturlands í Borgarnesi, framkvæmd og eftirlit garnaveikibólusetninga, dýravelferð, útivist nautgripa að sumri til og skipulagning vakta um kvöld, nætur og helgar.

Fjósaskoðanir standa að mestum hluta yfir frá september til desember ár hvert. Mjólkurframleiðendur voru 60 og fækkaði um 4 á árinu. Stærsta búíð er með 5 mjaltaþjóna og hefði auðveldlega framleitt vel yfir milljón lítra, hefði það haft kvóta. Skráðir nautakjötsframleiðendur eru 7, þ.e. þeir sem héraðsdýralæknir hafði afskipti af og stunda ekki heimaslátrun til eigin nota. Eitt fjós fékk tímabundið leyfi til mjólkurframleiðslu, en ágallarnir voru lagaðir innan fjögurra vikna. Í umdæminu er 31 fyrirmyndarfjós. Þremur fjósum var mikið breytt og þau stækkuð. Stefnan með breytingunum er að gera fjósin að lausagöngufjósum. Tekin voru mjólkur-, blóð- og saursýni í 10 fjósum á árinu samkvæmt sjúkdómaskimun MAST.

Brot á reglugerð um einstaklingsmerkingar dýra fyrir sauðfé, hross og nautgripi fyrirfinnast enn. Dýrin eru einfaldlega ekki merkt eða rangt merkt. Þessum brotum fer þó ört fækkandi. Það hefur ítrekað gerst að gagnagrunnurinn fyrir einstaklingsmerkingarnar er ekki eins góður og hann ætti að vera og mikið er um innsláttarvillur frá eigendum til sláturhúss.

Ný Nautastöð Bændasamtaka Íslands var opnuð á s.l. ári á Hesti, en áratugum saman var hún við Hvanneyri. Þangað koma í hverjum mánuði ekki færri en 10 nýir kálfar víðs vegar að af landinu og fara þeir beint í einangrun og dvelja þar í fjórar vikur. Þessa kálfa þarf að skoða við komuna í einangrun og eftir hana. Nautastöðin hefur gengið mjög vel og stefnt er að því að geta flutt út sæði í framtíðinni.

Í héraðinu voru 4 svínabú, en fækkaði um eitt vegna salmonelluvandamála. Í einu búinu voru aðstæður fyrir svínahald ekki lengur nógu góðar og lokaðu héraðsdýralæknir og sérgreinadýralæknir svínasjúkdóma búinu. Annars kom salmonella upp á 3 af þessum búum en alltaf er fylgst með sláturfurðum m.t.t salmonellu og tvisvar á árinu voru tekin saursýni á hverju þessara búna. Svínainflúensa H1N1 kom upp á einu bú sem var sett í sóttkví í kjölfarið. Engin svín fóru þaðan í sláturhús nema héraðsdýralæknir hefði farið þar fyrst, skoðað og hitamælt meginþorra þeirra gripa sem fara áttu í sláturhús þá vikuna.

Alifuglabúin eru 6 á vegum þriggja fyrirtækja sem eru undir eftirliti héraðsdýralæknis. Auk þeirra eru tvö bú sem flokkast sem einangrunarbú á vegum Stofnunga sf. og hefur sérgreinadýralæknir alifuglasjúkdóma eftirlit með þeim. Frá janúar og út árið var mikið um smit af völdum salmonellu og voru hátt í 100.000 fuglar deyddir út af því. Notaður er koltvísýringur, sem dælt er inn í húsin, eftir að reynt hefur verið af fremsta megni að þétta þau. Kjúklingarnir ásamt undirburði eru síðan urðaðir að Fíflholtum á Mýrum.

Sérgreinadýralæknir fiskisjúkdóma hefur alfarið séð um og framkvæmt árlegar skoðanir í laxeldisstöðinni á Húsafelli og á Laxeyri í Hálsasveit í samráði við héraðsdýralækni undanfarin 4 ár og sent afrit af þeim úttektum til héraðsdýralæknis.

Hrútasköðin við Borgarnes eða Sauðfjarsæðingastöð Búnaðarsamtaka Vesturlands hýsir 22 hrúta, 4 ær og 2 lömb. Þetta er önnur tveggja hrútasköðva á landinu, hin er á Suðurlandi. Sæðistaka fer þar fram alla virka daga frá 1. desember og fram að 21. desember ár hvert undir eftirliti héraðsdýralæknis. Síðan er ferskt sæði sent um allt land eftir pöntunum. Á þessu svæði eru þrjár aðilar sem sjá um garnaveikibólusetningar. Garnaveiki greindist ekki í héraðinu þriðja árið í röð. Á síðasta ári var varnarhólfum fækkað úr 36 í 23 og mörg hólf í umdæminu lögð niður og gerð að einu. Ólöglegur flutningur hefur fæst í vöxt, einkum á sauðfé, þar sem menn taka ekki tillit til þess hvort um garnaveikibæ er að ræða.

Dýraverndarmál voru nokkur. Farið var á tvo bæi með forðagæslumönnum þar sem um var að ræða sauðfé og hross. Á öðrum bænum, sem héraðsdýralæknir hefur þurft að hafa afskipti af árum saman, hefur viðkomandi hætt með hross og sauðfé og þar með var málið leyst. Á hinum hefur héraðsdýralæknir þurft að hafa afskipti vegna dýraverndarmála frá 1994. Lyktir málsins urðu þær að kindur voru sendar í sláturhús.

Bóndi með mjaltþjónafjós, sem ekki hafði sett út kýrnar á síðasta ári, gerði það nú á um 15 fermetra svæði út af fjósinu. Sumir bændur með básafjós setja kýrnar út mjög seint og taka seint inn og uppfylla þar með 8 vikna lágmarks útiveru. Reynt var eftir fremsta megni að sjá til þess, að bændur settu kýrnar sínar út og bar það líka árangur.

Alltaf er verið að tala um að opna stórgripasláturhúsið í Borgarnesi (Brákarey) einn góðan veðurdag, en ekkert orðið af því ennþá. Einn hefur alvarlega rætt um þessi mál við yfirvöld. Frá því í haust hefur verið unnið að því hörðum höndum að setja á stofn fyrirtækið Vesturmjólk í húsnæði nýlegrar kjötiðnaðarstöðvar sem varð gjaldþrota. Áætlað er að framleiðsla hefjist af fullum krafti í mars-apríl á næsta ári.

Ekki greindust svokallaðir A-sjúkdómar á árinu. Af svokölluðum B-sjúkdómum greindist salmonella á tveimur svínabúum og þremur alifuglabúum eins og minnst var á hér framfar. Af C-sjúkdómum greindist kjálkabris í nautgrip en honum var ekki fargað. Clostridia-sýkingar, hníslasótt, Hvanneyrarveiki, lungnapest og smitandi munnangur greindust í sauðfé.

Héraðsdýralæknir sótti tvo fundi á vegum MAST. Á aðalskrifstofunni á Selfossi var fundað í maí vegna salmonellu í alifuglum og fjósaskoðunarmál voru til umfjöllunar í mars á umdæmisskrifstofunni í Reykjavík.

2.6 Snæfellsnesumdæmi

Helstu verkefni í umdæminu voru almenn dýralæknisþjónusta, vaktþjónusta, eftirlit með tilkynningarskyldum sjúkdómum og dýravelferð, garnaveikibólusetning og fjósaskoðanir.

Gefin voru út framleiðsluleyfi til mjólkurframleiðslu á 24 bæjum, framleiðslu var hætt á einum bæ. Ekkert bráðabirgðaleyfi var gefið út. Sumarið 2010 fylgdist héraðsdýralæknir sérstaklega með því að reglum um útivist nautgripa væri framfylgt.

Bóluset er við garnaveiki í öllu umdæminu og sér héraðsdýralæknir um skipulagningu og framkvæmd bólusetningar. Héraðsdýralæknir annaðist sýnatökur fyrir Matvælastofnun á kúabúum vegna sjúkdómaskimunar.

Hvorki greindust A- né B-sjúkdómar í umdæminu en af C-sjúkdómum greindust Hvanneyrarveiki, smitandi munnangur (Orf), hníslasótt og clostridia-sýkingar.

Héraðsdýralækni bærust tvær ábendingar vegna dýraverndar á árinu. Haft var samband við dýraeigendur og úrbætur fengnar. Að beiðni yfirdýralæknis fór héraðsdýralæknir ásamt héraðsdýralækni Vestfjarða og kannaði aðstæður á kúabúum á Barðaströnd. Samkomulag var gert við ábúanda um að hætta búrekstri.

Á undanförmum árum hefur héraðsdýralæknir ítrekað átt samskipti við sveitarstjórnir og bændur vegna sauðfjársmölunar, afréttarmála og vaxandi útigangs sauðfjár að vetri til. Síðustu tvö ár hefur framkvæmd fjallskila gengið mun betur en árin á undan.

Héraðsdýralæknir sótti tvo fundi á vegum Matvælastofnunar á árinu. Í mars var haldinn tveggja daga fræðslufundur. Fyrri daginn var fjallað um nýja matvælalöggjöf, innra eftirlit matvælafyrirtækja og merkingar matvæla, en seinni daginn fjósaskoðanir, breytingar á eftirliti og leyfisveitingar. Almenn fræðsla var veitt dýraeigendum eftir því sem tilefni voru til.

2.7 Dalaumdæmi

Helstu opinberu verkefni héraðsdýralæknis Dalaumdæmis árið 2010 sneru að matvælaöryggi, dýravernd og eftirliti með smitsjúkdómum. Undir þessa liði falla verk eins og fjósaskoðanir með tilheyrandi skýrslugerð, sýnataka, gerð hleðslustaðfestinga, umsjón og eftirlit með garnaveikibólusetningu, eftirlit með umferð gripa, fóðurs og landbúnaðtækja yfir varnarlinur, og upplýsingagjöf varðandi smitsjúkdóma, svo sem hestapest og lungnapest í sauðfé. Auk þess sinnti héraðsdýralæknir almennri dýralæknaþjónustu í umdæminu og tók þátt í að prufukeyra og þróa áfram gagnagrunn MAST fyrir sjúkdómaskráningu búfjár.

Þann 1. mars tók héraðsdýralæknir við heilbrigðiseftirliti í mjólkurbúum svæðisins, MS-Búðardal og Erpsstöðum. Á árinu voru gefin út 20 leyfi til mjólkur- og kjötfraðslu auk eins bráðabirgðaleyfis. Einnig voru gefin út 3 leyfi til nautakjötsframleiðslu. Tvær undanþágur frá lágmarkskröfum um mjólkurgæði (frumutölu) voru veittar á árinu.

Mikil umræða var á svæðinu um að hætta að bólusetja við garnaveiki í Dalahólfi nyrðra en formleg umsókn þess efnis barst stofnuninni ekki á árinu.

Engir A- eða B- sjúkdómar komu upp á árinu. Af C-sjúkdómum er helst að nefna að lungnapest í sauðfé (*Mannheimia haemolytica*) greindist á einum stað í Reykhólasveit í byrjun árs. Smitandi munnangur (Orf) í gemlingum sást víða í umdæminu í haust eins og verið hefur undanfarin ár. Tveir stórbændur á svæðinu meðhöndluðu í tilraunaskyni öll sín smálömb við hníslasótt í vor og gafst það vel, en hníslasótt í lömbum hefur til þessa einkum verið haustvandamál hérlendis. Allmörg óstaðfest tilfelli af hvanneyrarveiki (Listeriosis) og nokkur tilfelli af bráðapest (*Cl. septicum*) í sauðfé komu upp á árinu.

Í apríl hafði héraðsdýralæknir afskipti af vanfóðrun sauðfjár á einum stað eftir tilkynningu frá forðagæslumanni. Málið leystist án kærómála með samvinnu búfjareiganda, héraðsdýralæknis og sveitarfélagsins. Þrjár tilkynningar bærust um meint vatnsleysi og vanfóðrun hrossa en þær reyndust ekki á rökum reistar. Einnig hafði héraðsdýralæknir afskipti af búfjárefnilegum tveim eyjum á Breiðafirði. Átaki varðandi útivist mjólkurkúna var fram haldið frá fyrra ári, eitt mál var kært til lögreglu í því sambandi.

Héraðsdýralæknir hélt í mars fræðslufundi um lungapest fyrir bændur á Reykhólum og Hólmavík, auk þess að taka þátt í fræðslufundi LBHÍ (Sheep skills) fyrir sauðfjárbændur sem haldinn var á Snæfellsnesi í apríl. Einnig var haldinn fundur með sauðfjárbændum í Búðardal þar sem farið var yfir kosti og galla þess að leggja af garnaveikibólusetningu í Dalahólfi-nyrðra. Í október sótti héraðsdýralæknir vikunámskeið á vegum ESB í Brescia á Ítalíu um eftirlit í mjólkurstöðvum (Training course on food hygiene and controls on milk and milk products).

2.8 Vestfjarðaumdæmi

Í umdæminu er dýralæknisþjónusta höfð við bændur, hestamenn og smádyraeigendur. Símaþjónusta er mikil, þar sem svæðið er stórt og oft ófært á veturna. Farnar eru ferðir í Arnarfjörð, Djúp og Barðaströnd. Sinna þarf neyðarhjálp og annarri dýralæknisþjónustu. Staðin er vakt allan sólarhringinn, alla daga ársins. Það er einn dýralæknir sem sinnir því, þar sem ekki eru aðrir dýralæknar á svæðinu. Í sumarfríinu voru fengnir tveir dýralæknar til að leysa af.

Héraðsdýralæknir fékk eina ábendingu vegna dýraverndar á árinu. Farið var í skoðun á bænum og úrbætur gerðar í kjölfarið. Það var lokið við að smala Tálknann á sunnanverðum Vestfjörðum snemma árs, sem hafist var handa við árið áður, en þar hafði sauðfé verið á lausagöngu í marga áratugi.

Gefin út leyfi til mjólkurframleiðslu. Á Vestfjörðum eru nú 14 mjólkurframleiðendur. Fjórir bæir hafa mjaltþjónu og þrjár eru með mjaltargryfju og þar með lausagöngu fyrir kýrnar. Hin eru hefðbundin básafjós. Tveir bæjir hafa ekki 8 vikna útvist fyrir kýrnar sínar og báðir eru þeir með mjaltarþjónu. Tveir framleiðendur fengu bráðabirgðaleyfi og einn fékk framleiðslustopp vegna díoxínmengunar í mjólk. Díoxín greindist í mjólk frá bæ í Skutulsfirði. Framleiðslustopp var sett á mjólk og kjöt frá bænum þar sem mengunin fannst.

Þann 1. mars tók héraðsdýralæknir við heilbrigðiseftirliti í mjólkurbúi MS á Ísafirði.

Um tilkynningarskylda sjúkdómar er það að segja að engir sjúkdómar greindust í A- og B-flokki. Í C-flokki greinast Hvanneyrarveiki og Hníslasótt öðru hvoru. Smitandi munnangur fannst á einstaka gemling á nokkrum bæjum. Eyrnamaur greindist í fimm köttum og voru þeir meðhöndlaðir.

Hestapestin kom til Vestfjarða í apríl. Einkennin voru glært slím frá nefi og vægur hósti. Það var misjafnt hvenær sjúkdómurinn greindist á svæðinu. Suma hesta þurfti að meðhöndla en flestir fengu væg pestareinkenni. Um sumarið virtist þetta í rénun en þegar leið á haustið kom aftur upp einkenni hjá nokkrum hestum. Eftir að hross voru tekin á hús rétt fyrir áramót hefur ekki borið á veikinni.

Í haust komu fyrirspurnir um hósta í kindum, frá Ströndum og sauðfjárbændur höfðu áhyggjur af lungnasjúkdómi í fé sínu. Bændur á Ströndum bólusettu féð með lungnapestarboluefninu (Pasturellasýklar) frá Keldum. Bændur völdu að kaupa sitt boluefni í Búðardal og hefur héraðsdýralæknir ekki tölu yfir fé sem var bólusett á svæðinu en líklegt þykir að flestir bændur á Strandasvæði frá Hólmavík að Birtu hafi bólusett.

Á Vestfjörðum er ekki garnaveiki. Í dag eru garnaveikibólusetningar í Bitrunni á bæjunum Þambárvöllum, Þórustöðum og Snartartungu. Annað sauðfé í Vestfjarðarumdæmi er ekki bólusett fyrir garnaveiki.

2.9 Vestur-Húnaþingsumdæmi

Helstu opinberu verkefni héraðsdýralæknis Vestur-Húnavatnssýslu árið 2010 sneru að matvælaöryggi, dýravernd og eftirliti með smitsjúkdómum. Í því felst eftirlit í sláturhúsi, fjósaskoðanir, garnaveikibólusetningar, sýnataka, eftirlit með fôðrun, meðferð og aðbúnaði dýra svo og að sinna dýralæknisþjónustu í umdæminu.

Ekki greindust A- eða B-sjúkdómar í umdæminu en af C-sjúkdómum varð vart við lungnapest og lungnakregðu í sýslunni. Hefur það aukist á milli ára. Einnig varð vart við Clostridia-sýkingar, hníslasótt, Hvanneyrarveiki og kýlapest.

Á árinu 2010 voru veitt 22 leyfi til mjólkurframleiðslu.

Dýraverndarmál voru nokkur á árinu og voru leyst í samvinnu við ráðunauta/forðagæslu og dyraeigendur. Einn aðili var kærður vegna brota á dýraverndunarlögum, um var að ræða slæma umhirðu á hrossum.

2.10 Austur-Húnaþingsumdæmi

Ásamt almennri dýralæknisþjónustu við bændur og gæludýraeigendur sinnir héraðsdýralæknir opinberu eftirliti.

Sláturhús SAH-Afurða telst vera stærsti eftirlitsþeginn í þessu héraði. Sauðfjárslátrun fór fram í september og október. Við það störfuðu ásamt héraðsdýralækni einn til tveir kjötskoðunarmenn og einn aðstoðardýralæknir. Jafnframt var talsverð folaldaslátrun um haustið og vel fram yfir áramót. Nautgripaslátrun er svo í gangi allt árið, a.m.k. einn sláturdag í viku.

Mjólkureftirlit var einnig framkvæmt að haustinu sem og garnaveikibólusetning.

Eftirlit með aðbúnaði og fôðrun búfjár var unnið í samvinnu með ráðunautasþjónustu í sýslunni. Upp komu fáein ágreiningsmál milli bænda og eftirlitsaðila sem voru í flestum tilfellum leyst í sátt og samlyndi. Af skráningarskyldum sjúkdómum greindist á einum bæ sérstakir gerlar í mjólk (*Streptococcus agalactie*). Gekk fljótt og vel að ná tókum á því og hefur sýkingin ekki verið greind aftur. A- og C-sjúkdómar greindust ekki í umdæminu.

2.11 Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi

Helstu breytingar er urðu á umfangi verkefna í umdæminu sneru að yfirtöku verkefna frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra varðandi eftirlit með mjólkursamlögum og stærri kjötvinnslum. Ráðinn var nýr eftirlitsdýralæknir við embættið frá 1. ágúst vegna aukinna verkefna, en síðan fór annar eftirlitsdýralæknir í hálf starf frá 1. desember að eigin ósk.

Salmonella greindist tvisvar sinnum í eldihúsum og einu sinni í sláturhópi á kjúklingabúi í umdæminu og af þeim sökum þurfti í tvígang að farga fuglum eða samtals um 16.000 fuglum. Eftirlit með salmonellu við slátrun svína er einnig tímafrekt, en sýnataka og verklag er með sama hætti og undanfarin ár.

Þá hafa komið inn verkefni í samvinnu við sérfræðinga MAST er snúa að fôðurframleiðslu bænda, s.s. kornþurrkun, en slíka starfsemi þarf að skrá hjá Matvælastofnun og fá sérstaka heimild (viðurkenningu). Þetta á eins við um þá bændur sem nota aukefni eða forblöndur aukefna í fôðurlöndur.

Önnur viðskipti með gróffóður sem hefur ekki eða í litlum mæli fengið tæknilega meðhöndlun eru ekki háð eftirliti MAST að öðru leyti en því að flutningur á heyi, heykögglum og hálmi milli bæja innan riðusýkra svæða og áhættusvæða er háður leyfi héraðsdýralæknis.

Þá er nokkur vinna tilkomin vegna innleiðingar reglna varðandi flokkun sláturúrgangs sem annað hvort fer til moltugerðar, útflutnings eða förgunar.

Með nýrri löggjöf hefur vægi vottunar og eftirlits með rekjanleika og upprunamerkinga aukist mikið. Vinna eftirlitsdýralækna varðandi þessi atriði hefur því aukist, s.s. við gerð hleðslustaðfestinga með vörum til útflutnings og eftirlit með merkingum sláturgripa. Þá er undirbúningur hafinn við innleiðingu ákvæða um frumframleiðslu búfjár og þær sérkröfur er taka til búfjárafurða og koma til framkvæmda 1. nóvember 2011, sbr. reglugerð nr. 853/2004/EB um hollustuhætti varðandi matvæli úr dýraríkinu.

Gefin voru út 160 mjólkurframleiðsluleyfi í umdæminu á árinu. Eitt nýtt minkabú fékk starfsleyfi á árinu og reglulegt eftirlit var haft með einangrunarstöðvum fyrir svín og gæludýr í Hrisey. Auk þess var sett upp ný einangrunarstöð fyrir minka í Skagafirði.

Mótshaldarar landsmóts Landssambands hestamannafélaga á Vindheimamelum ákváðu í byrjun sumars að fresta mótinu vegna hestapestarinnar. Sömu aðilar héldu síðan mót á Vindheimamelum um verslunarmannahelgina þar sem eftirlitsdýralæknir frá embættinu var viðstaddur.

Að öðru leyti er vísað til ársskýrslu fyrir sl. ár varðandi almennar upplýsingar um starfsvið umdæmisins. Enginn A-sjúkdómur greindist í umdæminu á árinu. Skráningar á C-sjúkdómum eru takmarkaðar þar sem enn er ekki búið að koma á sérstöku sjúkdómaskráningarkerfi, en héraðsdýralæknir berast þó upplýsingar um dýr sem eru krufin á Tilraunastöðinni á Keldum og einnig yfirlit frá dýralæknum í umdæminu um einstök tilvik.

Að öðru leyti eru hér að neðan nefnd nokkur tilvik sem héraðsdýralæknir hafði sérstaka aðkomu að:

- Í Hesthúsaáverfi á Sauðárkróki kom upp grunur um sveppasýkingar í hrossum. Ekkert ræktaðist.
- Kúabú í Skagafirði: 5 kýr með einkenni í augum sem vakti grun um Infectious Bovine Rhinotracheitis Virus (IBRV/IPV) (BHV-1). Einnig var prófað fyrir parainfluenza-3. Öll sýni neikvæð.
- Ítrekuð sýnataka fyrir panInfA, Sw InfA og Sw H1 á svínabúi sem greinst hafði jákvætt haustið 2010 leiddi í ljós að sýking var afstaðin í mars og einangrun því aflétt af búinu.
- Veiruskita í kúm kom upp í apríl á einum bæ í Skagafirði. Fór ekki um sem faraldur en stakk sér niður á bæjum fram eftir sumri beggja vegna Tröllaskaga. Í byrjun voru sendar út leiðbeiningar til þjónustuaðila þar sem smitgát var ítrekuð.
- Hósti í hrossum á Hólábúinu og nokkrum nágrannabæjum í byrjun apríl. Tekin strax sýni og skoðað fyrir Rhino og Herpes 4, sem fundust ekki.
- Tekin stroksýni úr nösnum á sauðfé með hósta og hor á einu búi á sauðburði og ræktað fyrir *Streptococcus zooepidemicus* og voru öll sýni neikvæð.
- *Salmonella* Infantis í einni kind við krufningu og var stofninn sem greindist settur í stofnagreiningu (PFGE-aðferð). Ekki lá fyrir grunur um salmonellu. Tekin voru fleiri sýni, m.a. af hænsnfuglum á bænum. Ekkert ræktaðist úr þeim sýnum.
- Universal tarmblöðning í svínum á einu svínabúi og afföll um 8% á árinu.

Mikil áhersla var lögð á að 8 vikna lágmarks útivist nautgripa væri tryggð og mörg kúabúa í umdæminu voru heimsótt sérstaklega af þeim sökum. Í þremur tilvikum brugðust bændur við athugasemdum og settu kýrnar út, en eftir stóðu 5 kúabú í umdæminu þar sem kýr eða ungneyti fengu ekki lögboðna útivist og voru því kærð til sýslumanns. Alls voru skráð 24 tilvik þar sem gerðar voru alvarlegar athugasemdir við aðbúnað nautgripa, s.s. að ekki væri skjól á útigangi að vetri, bundin geldneyti og kálfar, nægt legurými, nægt átþláss og óhreinir gripir. Í nokkrum tilvikum er ekki komin lausn í þessum málum og eru þau því í ákveðnu ferli þar sem málin geta endað með kæru.

Í tveimur tilvikum þurfti að koma til vörslusviptingar, í öðru tilvikinu var um hross að ræða, en sauðfé í hinu. Í einu tilviki þurfti að lóga strax hrossi vegna vanfóðrunar og var það mál sent sýslumanni. Fjöldi annarra mála komu inn á borð umdæmisins, sem uppgötvuðust við reglulegt eftirlit eða eftir ábendingar, en töldust ekki alvarleg og leystust eftir að gerðar höfðu verið athugasemdir við atriði sem betur máttu fara.

Haldnir voru tveir fundir með sauðfjárbændum í Eyjafirði og einn með bændum í Fjallabyggð og Fljótum þar sem rætt var um sauðfjárveikivarnir og breytingar varnarhólfum. Dýralæknar hjá embættinu sátu samráðsfund sem haldinn var af MS-Akureyri og samráðfund MAST í Reykjavík, báðir haldnir um sumarmál og lokafund vegna FVO-úttektar. Einn fundur var haldinn með sveitarstjórnarmönnum og heilbrigðiseftirliti varðandi förgun á sláturúrgangi sem fellur til heima á býlum. Dýralæknar hjá umdæminu sóttu þrjú ESB SANCO-námskeið sem fjölluðu um aflfufun sláturdýra, mjólkurafurðir og nýtingu aukaafurða úr sláturúrgangi. Í byrjun júní voru tvær úttektir frá Directorate General for Health & Consumers FVO frá ESB í öðru tilvikinu hjá matvælafyrirtækjum með útflutningsleyfi til ESB og í hinu tilvikinu hjá fyrirtækjum sem ekki hafa slíkt leyfi. Héraðsdýralæknir sat í nefnd um endurskoðun á reglugerð um flutning dýra.

2.12 Þingeyjarumdæmi

Árið 2010 var starfsemi héraðsdýralæknis í Þingeyjarumdæmi með hefðbundnu sniði. Í Þingeyjarumdæmi eru tvö sauðfjársláturhús, bæði með útflutningsleyfi og umfangsmikla vinnslu sláturafurða. Í þessum sláturhúsum er slátrað ca 100.000 kindum á ári. Eftirlitsdýralæknar voru ráðnir til að sinna daglegu eftirliti í sauðfjárslátrun.

Í Þingeyjarumdæmi er 51 mjólkurframleiðandi og u.þ.b. 20 aðrir nautgripabændur. 51 framleiðsluleyfi vegna mjólkursölu var gefið út á árinu. Mikil áhersla er lögð á að sinna lögboðnu eftirliti hjá mjólkurframleiðendum og voru þeir allir heimsóttir á árinu. Einn mjólkurframleiðandi hætti starfsemi á árinu. Aðrir nautgripabændur hafa setið á hakanum hvað eftirlit varðar og ekkert framleiðsluleyfi til slíkrar starfsemi hefur verið gefið út. Margir af þessum aðilum eru einungis með mjög fáa gripa (1-5) og þar af leiðandi litla framleiðslu, oft einungis til eigin neyslu.

Eitt svínabú er í umdæminu. Auk reglubundins eftirlits eru tekin þar sýni til skimunar á salmonellu.

Sýnataka úr eldis- og klakfiski er töluvert umfangsmikil, en 3 fiskeldisstöðvar eru í umdæminu og auk þess klakstöð sem

tekur við klakfiski víða að af landinu með tilheyrandi sýnatökum. Reglubundið eftirlit með fiskeldisstöðvum er í höndum dýralæknis fisksjúkdóma í samráði við héraðsdýralækni.

Í Þingeyjarumdæmi er mjög umfangsmikil sauðfjárrækt og líflambasala með tilheyrandi eftirliti. Í samræmi við 8 gr. rg. um flutning líflamba milli landsvæða nr. 550/2008 skulu öll líflömb sem flutt eru af þessu svæði, þ.e. úr Norður-Þingeyjarsýslu, meðhöndluð með langvirkandi sníkjudýralyfi. Sauðfjárrækt er umfangsmikil í umdæminu, sérstaklega í N-Þingeyjarsýslu.

Umdæmið skiptist af tveimur aðalvarnarlinum í þrjú varnarhólf sem hafa mismunandi sjúkdómastöðu og því er töluvert mikið um erindi vegna flutninga á landbúnaðartækjum, heyi og lifandi búfé, aðallega nautgripum, yfir varnarlinur. Mikil áhersla er lögð á að verja líflambasölusvæði og önnur svæði þar sem garnaveikibólusetningu er hætt, fyrir smitsjúkdómum.

Garnaveikibólusetning ásetningslamba er framkvæmd í einu af þessum varnarhólfum og er skipulag og umsjón með henni í höndum héraðsdýralæknis og framkvæmdin einnig að töluverðu leyti.

Hvorki greindust A- né B-sjúkdómar í umdæminu. Af C-sjúkdómum verður árlega vart við Hvanneyrarveiki, hníslasótt, clostridia-sýkingar, smitandi munnangur og kýlapest.

Nokkur dýraverndarmál komu upp á árinu, þar á meðal eitt sem varðaði rostung. Öll leystust þau farsælega með tiltali og ráðgjöf.

Síðast en ekki síst hefur héraðsdýralæknir í Þingeyjarumdæmi vakt skyldu allan sólahringinn, alla daga ársins og þjónustuskyldu við búfjáreigendur og aðra dýraeigendur í umdæminu, og er sú starfsemi nokkuð jöfn allt árið.

2.13 Austurlandsumdæmi nyrðra

Smitandi hósti í hrossum var kominn í Austurlandsumdæmi nyrðra í byrun maí og dreifðist um allt svæðið í sumar. Veiruskita kom upp á 3 kúabúum á svæðinu í apríl, en ekki náðist að rekja smitleið sjúkdómsins.

Bólusetning gegn garnaveiki var tekin upp aftur á syðrihluta svæðisins, þar sem sjúkdómsins varð vart í nágrannahéraði og fé frá svæðunum gengur saman á sumrin. Bólusetningin er valkvæð en langflestir fjárbændur á áhættusvæðinu taka þátt í henni. Vegna þessa var einnig endurreist sauðfjárveikivarnarlína sem hafði verið nýlögð niður, en það er línan frá Reyðarfjarðarbotni í gegnum Skriðdal yfir Hallormsstaðaháls, að Lagarflijóti.

Þó nokkrar ábendingar bárust vegna hugsanlegra brota á dýravernd. Farið var í eina skoðun vegna ábendingar um slæma meðferð á hrossum og tvær vegna slæmrar meðferðar á hundum. Þá var farið í nokkrar skoðanir vegna slæms aðbúnaðar og meðferðar á sauðfé. Einu eldra máli af því tagi lauk með fjársekt og aðbúnaðarbreytingu.

Árið 2010 var átak í riðuskimun á heimaslátruðu fé þar sem rúmlega 200 sýni voru tekin heima á bæjum fyrir utan hefðbundna sýnatöku á sláturhúsum. Sýnin eru nú til rannsóknar.

Umdæminu tilheyra tvö sláturhús þar sem annað er eingöngu fyrir hreindýr. Í öðru sláturhúsinu var slátrað um 28.000 fjár í haustslátrun og rúmlega 200 nautgripum yfir árið, á hreindýraverkunarstöðinni (51) voru móttækin til kjótskoðunar aðeins 184 af 1239 veiddum dýrum eða 14%, sem er áhyggjuefni. Athuga þarf hvort ástæða sé til að rýna í sölu hreindýrakjöts á veitingastöðum og kanna uppruna þess.

Sex hross voru flutt með m/s Norröna frá Seyðisfirði til Færeyja. Hrossin komu úr einangrun og flutningurinn gekk farsælega að sögn. Innflutningur þriggja hestakerra frá Danmörku til Seyðisfjarðar með m/s Norröna til Seyðisfjarðar gekk án athugasemda.

Minkasóttkví að Teigi, Vopnafirði, var lögð niður og flutt í Skagafjörð.

Við fjósaskoðun ársins voru 3 bæir (af 22) með alvarlegar athugasemdir, sem lagað var eftir skoðun. Engin hreindýr voru svæfð fyrir radióhálband á árinu, en enn er leyfi fyrir 6-7 st. Áhyggjuefni er „frí“ lyfjanotkun sauðfjábænda, og skyldunámskeið í notkun og gjöf lyfja er nauðsynleg.

2.14 Austurlandsumdæmi syðra

Héraðsdýralæknir sinnir allri dýralæknisþjónustu á svæðinu frá Eystra Horni að botni Reyðarfjarðar, einnig sinnir hann vaktþjónustu, en svæðið er eitt vaktsvæði. Því til viðbótar koma opinber eftirlitsstörf, eftirlit með tilkynningarskyldum sjúkdómum, allt eftirlit er snertir dýravelferð og sinnt er öllum kvörtunum sem berast vegna þessa málaflökks. Héraðsdýralæknir annast einnig fjósaskoðanir og eftirlit með heilbrigði mjólkurkúa og bólusetningu við garnaveiki á svæðinu.

Gefin voru út framleiðsluleyfi til mjólkurframleiðslu á 6 bæjum, einn nýr bær bættist við á árinu.

Í lok árs 2009 greindist garnaveiki á bæ í Fáskrúðsfirði og í upphafi árs 2010 tók héraðsdýralæknir blóðsýni úr öllu óbólusettu fé á umræddum bæ, alls um 60 sýni og 11 sýni úr mjólkurkúm. Tekin voru garnasýni og saursýni úr öllum dýrum sem sýndu jákvæða svörin á blóðprófi, vegna rannsóknarverkefnis sem Tilraunastöðin að Keldum vannur að. Við nánara eftirlit í Fáskrúðsfirði greindist nýtt tilfelli á öðrum bæ í sveitinni. Í framhaldi af þessu var fé bólusett á öllum bæjum í Fáskrúðsfirði og einnig á nokkrum bæjum í Breiðdal, sem hafa mikinn samgang við fé í Fáskrúðsfirði. Haustið 2010 var ákveðið að ráðast í bólusetningu við garnaveiki á stærstum hluta umdæmisins. Héraðsdýralæknir annaðist alla bólusetningu.

Engir A-sjúkdómar greindust í umdæminu á árinu, en einn B-sjúkdómur greindist á árinu eins og að framan er getið, garnaveiki, 13 ær og ein kýr reyndust jákvæðar á einum bæ og veturgamall hrútur á öðrum bæ. Af C-sjúkdómum greindust Hvanneyrarveiki og kylapest í nokkrum tilvikum í sauðfé. Einnig ber mikið á smitandi munnangri, fyrst og fremst í ásetningslömbum á haustin. Tannlos virðist í rénum, einnig ber minna á kylapest en fyrir nokkrum árum. Hníslasótt í haustlömbum hefur lengi verið vandamál á nokkrum bæjum.

Nokkur mál er varða velferð dýra komu upp á árinu, þar af eitt alvarlegt sem tók mikinn tíma. Þar er átt við málefni Stórhóls í Álftafirði, en árum saman hafa verið gerðar alvarlegar athugasemdir við aðbúnað og fóðrun fjár á bænum. Kærumáli frá árinu 2009 lauk með dómssátt og greiðslu sektar, en á árinu 2010 voru enn gerðar athugasemdir við aðbúnað, því fé var allt of margt og ekki til húspláss fyrir það allt. Eigendur jarðarinnar tóku það þá til bragðs að flytja á annað hundrað fjár á bæi í Hornafirði, en ljóst virðist að það fé komi allt til baka á árinu 2011. Fylgt var eftir athugasemdum frá búfjárefnismönnum og einnig málum þegar ábendingar bárust frá almenningi um slæman aðbúnað dýra. Einnig voru mál könnuð að frumkvæði héraðsdýralæknis.

Í nóvember sótti héraðsdýralæknir fimm daga námskeið á vegum ESB um heilbrigðisskoðun á kjöti og eftirlit með kjötvinnslum. Námskeiðið var haldið í Búdapest í Ungverjalandi. Að auki sótti héraðsdýralæknir vinnufundi og fræðslufundi á vegum Matvælastofnunar og fræðslufund Dýralæknafélags Íslands. Í febrúar hélt héraðsdýralæknir fundi með sauðfjábændum vegna garnaveikismits, einnig var haldinn fræðslufundur, sk. stofufundur með bændum, þar sem rætt var um sjúkdóma í sauðfé. Einnig voru bændum send nokkur dreifibréf á árinu, einkum er varðar sjúkdómavarnir. Héraðsdýralæknir átti einnig ítrekað samskipti við sveitarstjórnir á svæðinu vegna sauðfjársmölunar og afréttarmála en erfiðleikar við smalamennsku eru vaxandi með fækkun fólks í sveitum.

2.15 Austur-Skaftafellsumdæmi

Helstu áherslur í umdæminu á árinu 2010 voru að sinna opinberu eftirliti og almennri þjónustu við dýraeigendur. Eftirlitsverkefni í umdæminu eru mikilvæg, en helstu verkefni eru eftirfarandi: dýravernd, heilbrigðisskoðun dýra og eftirlit með verkun í sláturhúsum ásamt tilheyrandi daglegu eftirliti, sýnatökum og árlegum úttektum. Á Höfn slátrar Norðlenska stórgripum, hrossum, svínnum og sauðfé. Ísen er með aliandaslátrun. Norðlenska flytur dýraafurðir til útlanda, fylgst er með verkun og þökkun vörunnar og gerð hleðslustaðfestinga.

Í umdæminu er framleidd mjólk, hrossakjöt, nautakjöt, svínakjöt, andakjöt, lambakjöt, egg, ís og bleikja, auk þess er loðdýrabú í sýslunni. Árlegar úttekir eru á alifuglabúi, varphænbúi, mjólkurbúum, kjötrframleiðslubúum og svínabúi.

Aðbúnaður á býlum er misjafn, en ágætur víðast hvar. Á sumum bæjum þarf þó að fylgjast betur með en öðrum. Þau fjós sem skoðuð voru fengu öll leyfi. Ástand fjósa var almennt gott, en bæta má skráningar og skipulag í sumum þeirra.

Á lögbýlum er enn lítið um sóttvarnir. Garnaveikibólusetning ásetningslamba er framkvæmd í einu af tveim varnahólfum og er skipulag og umsjón með henni í höndum héraðsdýralæknis.

Héraðsdýralæknir í Austur-Skaftafellsumdæmi hefur vaktskyldu allan sólarhringinn alla daga ársins og þjónustuskýldu við dýraeigendur og er sú starfsemi jöfn allt árið.

Enginn A-sjúkdómur greindist í umdæminu á árinu. Af B-sjúkdómum var grunur um veiruskitu hjá kúm, en það var ekki staðfest. Af C-sjúkdómum í sauðfé fundust lungnapest, Hvanneyrarveiki, kylapest og smitandi munnangur. Hjá svíni var grunur um rauðsýki.

Nokkur dýraverndamál komu upp á svæðinu en voru öll leyst óformlega með tiltali.

Héraðsdýralæknir tók þátt í árlegum skoðunum á sláturhúsum ásamt sérgreinadýralækni MAST.

2.16 Vestur-Skaftafellsumdæmi

Fjósaskoðun var framkvæmd á öllum 25 fjósum á svæðinu og aðstaða tekin út ásamt aðbúnaði gripa og merkingum nautgripa, hreinlætisaðstöðu o.fl. Farið var fram á úrbætur þar sem þess var þörf. 25 fullnaðarleyfi voru veitt og ekki var þörf á útgáfu bráðabirgðaleyfa. Hundahreinsun var framkvæmd svo sem venja er á ári hverju.

Sjö athuganir vegna lyfjaleifa í mjólk, þrjár þeirra reyndust jákvæðar og þeirri mjólk því fargað.

Sjúkdómar á svæðinu skráðir eftir föngum. Engir A- eða B-sjúkdómar greindust á árinu, af C-sjúkdómum greindust hníslasótt, listeriosis og clostridia-sýkingar í sauðfé.

Eitt dæmi var um afskipti vegna meintra dýraverndunarmála, og nægði að tala við eigandann. Fjórar ábendingar vegna útigangs búfénaðar. Úrbætur fengust án vandræða. Afskipti af nautpeningi á útigangi, þar sem eftirlitslausir hundar nágrenns lögðu kálfa í einelti og bitu þá. Talað við eigendur og lauk málinu í sátt, en einum hundi var lógað.

Héraðsdýralæknir tók þátt í fræðslufundum á vegum MAST. Almenn fræðsla var veitt dýraeigendum, eftir því sem tilefni voru til. Almennir fræðslufundir ekki haldnir með bændum, utan fundur með dýralækni sauðfjársjúkdóma, yfirdýralækni og bændum vegna niðurlagninga á gömlum varnarlinum vegna sauðfjársjúkdóma. En með bættri sjúkdómaskráningu er unnt að sýna fram á, að þeirra er ekki þörf í sama mæli og áður. Skoðanir heimamanna á þessu voru skiptar.

Vegna eldgoss í Eyjafjallalökli á fyrri hluta ársins, með tilheyrandi öskufalli og öskufjúki, voru haldnir nokkrir fræðslufundir með bændum, sveitarstjórn, löggæslu og björgunarsveit um hugsanlega skaðsemi og áhættu húsdýra vegna efnainnihalds í öskunni, og forvarnir til að koma í veg fyrir veikindi í búfé. Ekki er annað vitað en að búsmali á svæðinu hafi sloppið óskaddaður vegna þessara hamfara, enda gætti öskufalls ekki að neinu marki á svæðinu, nema í Meðallandi og Álftaveri. Öskufall varð þó mun minna en í Mýrdal og undir Austur-Eyjafjöllum, en búsmali af þessum svæðum var í talsverðum mæli fluttur austur í Skaftárhrepp til sumardvalar, og kýr af einum bæ undan Eyjafjöllum voru hýstar út árið á tveimur bæjum á svæðinu.

Ýmis tilfelli og ábendingar bárust á árinu um hluti sem betur mættu fara, varðandi dýrahald og dýravernd. Engin þessara tilfella þurftu skráningar við, og nóg var að ræða við eigendur, sem allir sem einn tóku ábendingum vel.

2.17 Suðurlandsumdæmi

Helstu verkefni í héraði eru eftirlit með aðbúnaði og umhirðu framleiðsludýra, eftirlit með mjólkurframleiðslu og sláturhúsum, dýravelferð og smitsjúkdómum. Náttúruhamfarir eru auk þessa nánast árlegur viðburður. Eldgosið í Eyjafjallalökli skipaði veigamikinn sess í störfum héraðsdýralæknis Suðurlands, en greint er frá eldgosinu í næsta kafla.

Suðurland er enn umfangsmesta héraðið hvað varðar fjölda bóna, búfjár og búfjárafurða. Slátrun er mjög mikil, eitt alifuglaslátruhús, tvö stórgripaslátruhús og eitt sauðfjárslátruhús. Um 44% hrossa, 49% nautgripa, 18% sauðfjár, 15% svína og 48% alifugla á landsvísi er slátrað í umdæminu. Í umdæminu er einnig stærsta mjólkurbú landsins og stærsta kjötvinnslan auk tveggja minni kjötvinnsla, en Matvælastofnun tók á árinu við eftirliti með mjólkurbúum og kjötvinnslum.

Flutt er út ferskt hrossakjöt til Sviss, lambakjöt, slög, garnir, gærur og húðir til Evrópu og lambakjöt til Bandaríkjanna. Umtalsverður útflutningur er á mjólkurafurðum, skyr og ostar fara til Bandaríkjanna og Finnlands, smjörið og undanrennuduft fer um víða veröld. Einnig er flutt út kjötmjöl. Dýralæknar skoða hverja sendingu sem út fer og skrifa hleðslustaðfestingar.

Tvær sendinefndir komu hér á vegum ESB-FVO og tóku út slátruhús og kjötvinnslur, bæði á Suðurlandi og á öllu landinu. Þessi úttekt var gerð til að taka stöðuna fyrir innleiðingu búfjárafurðahluta nýju matvælalöggjafarinnar um hollustuhætti og eftirlit, en sá hluti gengur í gildi þann 1. nóvember 2011.

Riða greindist á sauðfjábúi í Flóanum. Allt féð var skorið og því eytt með bruna í Kólku. Vonandi er þar með fundinn framtíðarfarvegur fyrir eyðingu dýrahæja sem ekki má fyrirkomna á annan hátt vegna dýrasjúkdóma.

Lungnapest greindist í lok árs í sauðfé undir Fjöllum og í Mýrdal. Við krufningu kom einnig í ljós kregða. Talið var að þetta landsvæði væri laust við þessa sjúkdóma þannig að greiningin var nokkurt áfall fyrir bændur. Ekki er hægt að útiloka að áreiti frá öskufjúki hafi veikt mótstöðu einhverra kinda og gert lungun viðkvæmari fyrir lungapestarsýklum.

Salmonella hefur valdið miklu tjóni í kjúklingaeldi. Lóga þurfti salmonellumenguðum kjúklingum úr 11 eldihúsum og innkallaðir voru kjúklingar af markaði þar sem salmonella greindist í slátursýnum.

Mikil hreyfing hefur verið í kjötsafasýnum úr svínaslátrun og mörg bú farið í flokk 2 og 3. Þetta útheimtir mikla varúð í slátrun og kostnaðarsama sýnatöku, en sem betur fer greindist aldrei salmonella í stroksýnum af sláturskrokkum. Þetta sýnir hvað öguð vinnubrögð í slátruhúsi eru mikilvæg fyrir öryggi afurðanna.

Hrossahóstinn fór um allt Suðurland en virðist nú að mestu genginn yfir. Hann hafði mjög mikil áhrif á hina miklu hestamennsku sem þar er, að ekki sé minnst á að útflutningur stöðvaðist. Hins vegar er ekki hægt að merkja nein varanleg áhrif í slátruhrossum. Garnaveiki greindist hvergi á árinu. Bóluset er víðast í héraðinu, margir dýralæknar koma að því verki og utanumhald því töluvert.

Breytingar voru gerðar 2009 á nokkrum varnarlinum innan héraðsins, töluverðar deilur urðu vegna þessa og fundarhöld. Nú virðast flestir vera komnir á þá skoðun að breytingarnar séu skynsamlegar og af hinu góða.

Dýravelferðarmál voru allnokkur á árinu, einu var vísað áfram til sýslumanns. Mál vegna gæludýra verða æ algengari, oft er hægt að leysa þau með aðstoð dýragæslumanna sveitarfélaganna.

Eftirlit var haft á landsvísi með útivist nautgripa. Sem betur fer sinnti aðeins einn bóndi ekki tilmælum um útivist og fór það mál í farveg með öðrum útivistarmálum.

Héraðsdýralæknir skrifaði nokkra pistla á árinu, m.a um útivist nautgripa, hrossahóstant og súnuna sláturbólu/orf. Þessir pistlar birtust í Morgunblaðinu og Bændablaðinu, auk heimasíðu MAST. Allmargir fyrirlestrar voru haldnir, flestir vegna eldgossins, m.a. fyrir norrænu yfirdýralæknana, sænska sendinefnd dýralækna sem hér var að kynna sér gosið og afleiðingar þess, búnaðarþingsfulltrúa og almenning.

Héraðsdýralæknir sótti marga fræðslufundi og aðra fundi sem haldnir voru á vegum MAST, m.a. samráðsþing MAST, starfsmannafund MAST og fund um erfiða viðskiptavini. Einnig Nordic-Baltic Seminar on Risk Based Animal Health Surveillance and Contingency Planning sem haldið var í Reykjavík og viku námskeið um mjólk og mjólkurafurðir, og ESB — Better Training for Safer Food sem haldið var á Ítalíu.

3. Eldgos í Eyjafjallajökli

Eldgosið í Eyjafjallajökli hófst aðfaranótt 14. apríl 2010. Matvælastofnun tók strax þátt í aðgerðum til að draga úr tjóni vegna gossins. Dýralæknum sem fóru um öskufallssvæðið fyrstu tvo dagana var verulega brugðið og óttuðust að hross og annar búfénaður sem var úti mundi falla eða veikjast á næstu dögum. Sá ótti reyndist ástæðulaus og bárust ekki neinar fréttir af dýrum sem drápust vegna gossins á fyrstu dögum þess. Bændur voru hvattir til þess að taka inn skepnur sem voru á útigangi og tryggja þeim aðgang að hreinu vatni og fóðri eða flytja þær af svæðinu.

3.1 Eldgos í Eyjafjallajökli (og Kötlu)

Eitt af jarðfræðilegum einkennum Íslands eru eldgos undir jökulum. Ísbráðnun í slíkum gosum veldur jökulhlaupum og hafa sum þeirra verið með stórkostlegustu flóðum sem verða á jörðinni. Þegar Katla gýs má búast við miklu hlaupi.

Því hefur verið unnið hættumat og áhættugreining vegna eldgosa og meðfylgjandi jökulhlaupa í Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli. Almannavarna-æfingin „Bergisinn“ var haldin árið 2006, og reynslan sem þar fékkst kom að miklu gagni í gosinu núna.

Áður en farið var að hemja Markarfljót gat það flæmst yfir mestallan neðri hluta Rangárpings. Það átti til að renna með Vestur-Eyjafjöllum og leita útrásar í Holtsósi. Það leitaði líka í vestur, braut land í Fljótshlíð, og rann í Þverá sem varð að stórflyjóti sem rann í Þjórsá. Þá var Þykkvibærinn eyland og allar samgöngur erfiðar og hættulegar.

Þótt ekki hafi orðið stórskaðaflóð í þessu gosi varð töluvert flóð í Markarfljóti eins og við mátti búast, vegurinn við nýju brúna fór í sundur og mjólkurflutningar stöðvuðust tímabundið. Séð var til þess að lækna og dýralæknar kæmust á milli um gömlu brúna og þyrta var tiltæk til þeirra flutninga þótt aldrei reyndi á það.

Flest sem sneri að mannfólkinu gekk vel fyrir sig, en sumir höfðu áhyggjur af búum sínum og vildu ekki yfirgefa búsmala sinn. Sýslumaður sýndi þeim hluta hins vegar skilning og öll mál leystust farsælega.

Brýnt er að Almannavarnir, í samvinnu við Bændasamtökin og Matvælastofnun, hefji gerð viðbragðáætlana vegna búfjár og náttúruhamfara.

3.2 Fyrstu viðbrögð

Í upphafi goss héldu Almannavarnir níu upplýsingafundi með heimamönnum. Þar höfðu framsögu ríkislögreglustjóri, sýslumaður og héraðsdýralæknir, auk fulltrúa frá Almannavörnum, Veðurstofnunni, Rauða krossinum, Bjargráðasjóði og Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga (vatn). Fundirnir voru haldnir í Gunnarshólma, Heimalandi, Laugalandi, Fljótshlíð, Hellu, Vík, Kirkjubæjarklaustri og Vestmannaeyjum. Á síðasta fundinn sem haldinn var á Hvolsvelli mættu flestir þingmenn Suðurlands auk nokkurra ráðherra. Auk fræðslu og leiðbeininga hefur Matvælastofnun fylgst með heilbrigði búfjár og hollustu afurða.

3.3 Eftirlit með heilsufari gripa

Bændur og dýralæknar voru beðnir um að tilkynna grunsamleg veikindi og dauðsföll, og tekið var á móti gripum til krufninga á Keldum, bændum að kostnaðarlausu. Ekki bar á doða á gossvæðinu. Ýmsar sögur gengu um klums í hryssum, en ekki fékkst þetta staðfest. Áhrif af eldgosinu á heilsufar dýra virðast því lítil sem engin — enn sem komið er. Eftirlitsdýralæknar hafa fylgst náið með gripum sem koma í slátruhús, þá sérstaklega lungum. Ekkert grunsamlegt hefur fundist, engin stórsæ ummerki um ösku í lungum jafnvel þótt dýrin væru að koma beint úr mekkinum.



3.4 Eftirlit með heilnæmi afurða

Sýni voru tekin úr tankmjólk á fyrstu dögum, en engin mengun var mælanleg. Fleiri mjólkursýni voru tekin um haustið og allar niðurstöður reyndust innan viðmiðunarmarka.

Sýni (haus, lungu og lifur) hafa verið tekin í sláturhúsi úr folöldum og lömbum frá völdum bæjum, þar sem einnig er fylgst með efnainnihaldi heyja og heilsufari fólks. Tilraunastöð Háskólans að Keldum annast úrvinnslu sýna og niðurstöður úr þessari sýnatöku hafa einnig reynst innan viðmiðunarmarka.

Fylgst verður áfram með mögulegum áhrifum, s.s. tönnum og beinum vegna mögulegrar flúoreitrunar.

3.5 Flutningar á búfé

Svæðið austan Markarfljóts er sk. hreint svæði, þar er ekki bólusett við garnaveiki og heimamenn standa vörð um gott heilbrigði búfjár. Töluverðar hömlur eru á flutningi nautgripa, sauðfjár og heys inn á svæðið. Vegna þess að búíð var að leggja niður varnarlinur vegna sauðfjársjúkdóma milli Markarfljóts og Skeiðarársands þurfti ekki að fá sérstakt leyfi til þess að flytja sauðfé undan Eyjafjöllum og úr Mýrdal austur á Klaustursvæðið og heim aftur.

Mjólkurkúr voru fluttar frá tveim bæjum, annars vegar á Snæfellsnes og hins vegar í Skaftártunguna. Mjög mörg hross voru flutt burt, þau dreifðust víða. Landeyjar voru ekki taldar öruggur kostur þar sem örli til breyting á vindátt hefði getað borið mikla ösku þangað.

Búnaðarsamband Suðurlands hafði forgöngu um flutning á sauðfé og Landgræðslan lagði til girðingar á Klaustursvæðinu. U.þ.b. 2.000 lambær voru fluttar frá 20 bæjum og féð skilaði sér vel framgengið.

3.6 Fóðuröflun

Illla leit út með heyskap víða og gerðar voru ráðstafanir til heyöflunar inn á gossvæðið.

Heyfengur reyndist hins vegar drjúgur og ekki var flutt mikið af heyi. Sérstakur „heybankastjóri“ hefur haft yfirumsjón með þessum flutningum og þess er gætt í samráði við MAST að sjúkdómavarnir séu hafðar í hávegum.

3.7 Efnainnihald í fóðri

Algengasta heilsuvá búfjár í eldgosum á Íslandi er flúormengun. Alvarlegast er þegar aska fellur yfir búfé í sumarhögum. Fénaður var heima við eða í húsum þegar gosið hófst. Fyrstu mælingar í sýnum, tekin 15. apríl úr gjósku, sýndu mjög lág gildi flúors, 23-35 mg/kg. Sýni tekin 19. apríl sýndu 850 mg/kg sem er u.þ.b. tveir þriðju þess sem finnst í gjósku frá Heklu. Fyrsta gjóskan fór í gegnum meiri gufubólstra en gjóskan gerði síðar. Þriðja maí voru tekin grassýni á fjórum bæjum undir Eyjafjöllum til mælingar á flúor. Í þeim mældust frá 113 mg/kg til 2396 mg/kg þurrefnis. Á tímabilinu 10.-13. maí voru tekin grassýni á 9 bæjum undir Eyjafjöllum í Mýrdal og Áltaveri til mælingar á flúor. Flúorstyrkur var í öllum tilfellum hærri en þolmörk nautgripa og hrossa og helmingur þeirra var yfir þolmörkum sauðfjár. Tvennt vekur athygli í þessum sýnum. Þar sem flúor hafði mælst 2396 mg/kg 3. maí mældist hann 957 mg/kg þurrefnis 11. maí. Gildið hefur líklega lækkað í kjölfar útþynningar vegna grassprettu því lítil úrkoma var á tímabilinu. Einnig vekur athygli að 12 klst. rigning lækkaði gildin verulega. Í sýnum teknum 20.-21. maí staðfestist það að rigning þynnir verulega styrk flúors bæði af yfirborði sem og í gróðri. Flúor í neysluvatni mældist alltaf langt undir leyfilegum mörkum.

Tekin voru gróðursýni 8. júní til steinefnamælinga. Kalsíum, magnesíum, natríum, fosfór og brennisteinn voru nærri viðmiðunarmörkum, kalí var í hærra lagi, en það verður að hafa í huga að sýnin voru tekin snemma á þroskaferli grasanna. Járn var frekar hátt.

Efnamælingar í heysýnum teknum 3.-7. september úr heyi sem verkað var í rúllum að mestu leyti í júní sýndu steinefnainnihald sem í flestum aðalatriðum er sambærilegt við steinefnainnihald í heyi veruðu annars staðar á Íslandi. Það sem helst er afbrigðilegt er að járninnihaldið er hátt og koparinnihaldið er lágt. Í heysýnunum var kalíinnihaldið innan viðmiðunarmarka.

3.8 Heilsufar búfjár

Bændur á svæðinu voru beðnir um að senda inn sýni úr dýrum eða hræ af dýrum sem var lógað strax á fyrstu dögum gossins og sem dræpast að því er virtist af völdum gossins. Sýnin voru send á Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Frá því í apríl og fram í október bárust að Keldum 15 hræ af kindum, 2 ær, 10 lömb og 3 fóstur. Ekki var hægt að tengja dauða þessara dýra við gosið nema ef til vill þriggja lamba frá tveimur bæjum. Í þessum lömbum var mikil teppa í görnum og er ekki hægt að útiloka að aska í meltingarvegi hafi verið meðvirkandi þáttur teppunnar.

Lungu úr 37 gripum (20 nautgripum, 9 hrossum og 8 kindum) sem slátrað var í upphafi eldgossins voru send til rannsóknar á Tilraunastöðina. Ekki voru stórsæjar breytingar í lungunum sem rekja má til eldgossins.

Í sláurtíð voru tekin sýni úr 64 lömbum frá 13 bæjum á áhrifsvæði eldgossins og stendur til að taka sýni úr 9 folöldum frá 3 bæjum. Lungun úr lömbunum hafa verið skoðuð með tilliti til stórsærra breytinga án þess að finna mætti breytingar sem tengja má eldgosinu. Tennur verða skoðaðar m.t.t. breytinga í glerungi og flúor mældur í kjálkabeinum.



Hvít ær, ný borin að Ásólfsskála
Mynd: KBV

Rannsókn á vefjasýnum úr lungum sem tekin voru í sláturhúsi í vor og í haust stendur yfir og er áætlað að þeirri rannsókn verði lokið vorið 2011.

Bæta má við hræjum af 4 lömbum á tveimur bæjum sem hægt er að skilgreina að séu á áhrifsvæði eldgossins og voru krufin á Keldum. Þar var ekki heldur hægt að sjá nein áhrif af eldgosinu á dánarorsök.

Nokkrar kindur hafa drepist úr lungnapest í vetur undir Eyjafjöllum og í Mýrdal. Lungnapestarsýklarnir finnast oft í efri öndunarfærum sauðfjár. Ekki er hægt að útiloka að áreiti frá öskunni hafi veikt mótstöðu einhverra kinda og gert lungun viðkvæmari fyrir lungnapestarsýklum.

3.9 Áhrif af járn í fóðri

Vegna þess hve járninnihaldið er mikið í heyjum á áhrifsvæði gossins var gerð sérstök rannsókn á því hvort járn væri að hækka í blóði búfjár á svæðinu. Farið var í desember og tekið blóð úr þremur kúm, tveimur fengnum kvígum, þremur ám og tveimur gemlingum og nokkrum hrossum á fjórum bæjum á öskusvæðinu. Til samanburðar voru tekin blóðsýni úr nautgripum, sauðfé og hrossum á einum bæ í Kjós og úr kúm og kvígum á Hvanneyri og kindum á Hesti. Tekin voru sýni úr því heyi sem verið var að gefa á öllum þessum bæjum nema á Hvanneyri og Hesti. Samanteknar niðurstöður úr járnsmælingum í sermi eru í *Töflu V.3.1*.

Járnið í öskunni er járnóxíð FeO sem að mjög litlu leyti nýtanlegt. Um 60% járn er í blóðinu, 10% er í vöðvum auk þess sem járn er í ensímum.

Tafla V.3.1: Járn í sermi búfjár á gossvæðinu borið saman við búfé á Vesturlandi og erlendar tölur

Svæði	Járn í sermi $\mu\text{mol/l}$				
	Kýr	Kvígur	Ær	Gemsar	Hross
Gossvæði	34,4	41,8	41,1	45,6	35,4
Vesturland	33,0	40,1	37,8	38,1	21,1
CBDA*	17,4 ± 5,19		34,5 ± 1,25		19,9 ± 1,97

* Clinical biochemistry of domestic animals, 1997 ed. J. Jerry Kaneko, Harwey, J.W. & Bruss, M.L.

Tekin voru sýni á öllum bæjunum nema á Hesti og Hvanneyri úr því heyi sem verið var að gefa þegar blóðsýnin voru tekin. Allir bændurnir á gossvæðinu sögðu að heyið ætist vel þó að það væri öskublandað og þeir töldu gripi fóðrast vel á því og kýr mjólka eðlilega. Á gossvæðinu var járninnihaldið í heyinu frá 410-2.352 mg/kg þ.e. Það er athyglisvert að fóðrið sem kúnum var gefið í Kjós sem var blanda af byggi og rýgresi inniheldur 1.015 mg/kg þ.e. Fe. Þar var járninnihald kindaheysins sem var þurrhey í rúllum aðeins 175 mg/kg þ.e. Þegar rýnt var í járninnihald heys og sermis kom í ljós að þar sem heyið sem nautgripirnir fengu var járnrikast á gossvæðinu var meðalgildi járns í sermi 33,2 µmol/l í kúm og kvígum, þar sem járn í heyi var minnst í nautgripaheyi var járn í sermi í kúm og kvígum 31,2 µmol/l. Þar sem járninnihaldið í sauðfjárheynu var mest var járninnihaldið í sermi einnig hæst eða 62,3 µmol/l. Þar sem járninnihaldið var lægst í sauðfjárheynu, 410 mg/kg þ.e. var blóðgildið ívið lægst 34,3 µmol/l.

Ekki er hægt að draga víðtækar ályktanir af þessum rannsóknum af áhrifum járnsins í fóðrinu vegna þess hve efnivíðurinn er takmarkaður, en fljótt á lítið er ekki að sjá að það stefni í nein vandræði vegna upptöku járns í búfé á svæðinu. Vissulega er járnildið í blóði hrossanna hærra á gossvæðinu en í þremur hrossum í Kjós, en breytileikinn er svipaður. Á gossvæðinu mældist járn í sermi í 4 til 24 vetra hrossum frá 21, 9 til 46,8 µmol/l, en í Kjós voru gildin úr þremur hrossum 5, 8 og 17 vetra 20,3, 19,3 og 23,8 µmol/l. Aldur hrossanna er nefndur vegna þess að viss fylgni virtist vera milli aldurs og magns járns í blóði hrossanna. Það er athyglisvert að sermisgildin fyrir járn eru heldur hærri en gefin eru upp í bandarískri handbók fyrir allar dýrategundir.

Helst er ástæða til þess að óttast að hækkað innihald af járn geti valdið lélegri nýtingu á selen, E-vítamíni og kopar. Selen- og E-vítamínskortur þekkist í folöldum í Landeyjum og hefur valdið bráðadæða og er „brún fita“ í sláturfólöldum talin tengjast selen- og E-vítamínskorti. Þessa hefur þó ekki orðið sérstaklega vart á gossvæðinu að þessu sinni.

3.10 Niðurstöður

Enn er mjög lítið sem bendir til þess að öskufallið frá Eyjafjallajökli hafi haft veruleg áhrif á heilsufar búfjár. Ekki er ástæða til að óttast mikil áhrif af flúor í fóðrinu og ekki virðist vera alvarleg uppsöfnun af járn í sermi í búfé. Þó er full ástæða til þess að hafa sérstaka vöktun á heilsufari búfjár á stóru svæði á Suðurlandi og fylgjast með hvort einhver langtímaáhrif verða af öskufalli og öskufoki.

4. Smitsjúkdómar

4.1 Varnir

Einnliður í vörnum gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins er að fylgjast með stöðu varðandi smitsjúkdóma í heiminum. Þegar upp koma alvarlegir smitsjúkdómar í öðrum löndum fær Matvælastofnun tilkynningu um þá á margvíslegan hátt, m.a. í gegnum tengslanet yfirdýralækna, frá Evrópusambandinu og Alþjóða dýraheilbrigðisstofnuninni (OIE). Þegar slíkar tilkynningar berast er fylgst betur með innflutningi og hann jafnvel stöðvaður ef þurfa þykir. Upplýsingar um sjúkdómastöðu í öllum aðildarlöndum OIE má nálgast á vefslóðinni: <http://web.oie.int/wahis/public.php?page=home>.

Með ströngum reglum um innflutning lifandi dýra, dýraafurða og annars sem borið getur smit, hefur Ísland náð að verjast alvarlegum smitsjúkdómum. Á árinu 2010 kom upp öndunarfærasmít í hestum sem greint er frá annars staðar í þessari skýrslu. Um var að ræða afbrigði af bakteríu sem er vel þekkt erlendis, en íslensk hross höfðu ekki mótstöðu gegn og hafði sjúkdómurinn alvarlegar afleiðingar fyrir hestamenn á árinu, þótt flest hrossin hafi spjarað sig vel að lokum. Þessi upþákoma ætti að minna alla á hversu mikilvægt er að fylgja reglum og gæta fyllstu varúðar. Matvælastofnun brást við með margvíslegum hætti, m.a. var bæklingum og veggspjöldum um smitvarnir dreift víða og fjölmargir fræðslufundir haldnir.

4.2 Vöktun

Smitsjúkdómar eru flokkaðir í þrjá flokka A, B og C, samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993. Flokkunin byggir á alvarleika sjúkdómanna. Eftirliti með sjúkdómunum má skipta í tvær gerðir. Annars vegar er um að ræða vakandi augu dýraeigenda, dýralækna og annarra sem umgangast dýr. Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993 ber hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi sem lögin ná yfir, eða áður óþekktan sjúkdóm, að tilkynna það hverjum þeim dýralækni sem til næst eða lögreglu. Þessi gerð vöktunar byggir á því að sjúkdómseinkenni komi fram, sem er ekki alltaf raunin og þá reynir á hina gerð vöktunar, sem eru sýnatökur. Matvælastofnun skimar fyrir

þeim sjúkdómum sem ástæða þykir til að vakta með sýnatökum. Þegar ákveðið er hvaða sjúkdóma þurfi að vakta með þessum hætti er m.a. tekið mið af reglum Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE), kröfum viðskiptalanda, mögulegum smitleiðum og sjúkdómastöðu í nágrannalöndum og viðskiptalöndum.

Eini sjúkdómurinn í flokki alvarlegustu sjúkdóma (A-sjúkdóma) sem greindist á árinu var riðuveiki í sauðfé á einum bæ á Suðurlandi. Af B-sjúkdómum greindust salmonellusýkingar og garnaveiki á nokkrum búum og H1N1-afbrigði af influensu í svínunum. Algengustu C-sjúkdómar eru Hvanneyrarveiki (listeríusýking), smitandi munnangur, hníslasótt, clostridia-sýkingar, kylapest og lungnapest.

Í **Töflu V.4.1** má sjá fjölda skimunarsýna og niðurstöður rannsókna á þeim á árinu 2010. Yfirlit yfir sýnatökur og niðurstöður rannsókna undanfarinna ára er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar undir heitinu eftirlitsniðurstöður, á vinstri væng síðunnar.

Tafla V.4.1: Yfirlit yfir skimun vegna smitsjúkdóma í búfé 2010

Dýrategund	Sjúkdómur	Gerð sýna	Fjöldi sýna			Fjöldi jákvæðra búa
			í heild	neikvæð	jákvæð	
Nautgripir	Smitandi hvítblæði (EBL)	Mjólki	87	87	0	0
	Smitandi barkabólga/ smitandi fósturlát (IBR/IPV)	Mjólki	87	87	0	0
	Smitandi slímhúðarpest (BVD)	Mjólki	87	87	0	0
	Kúariða (BSE)	Heili	101	101	0	0
	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Blóð	111	-	-	1 jákv. bú
Sauðfé	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Garnir	14	-	-	1 jákv. bú
	Smitandi fósturlát (Bovine Brucellosis)	Blóð	90	90	0	0
	Riða (Scrapie)	Heili	3666	3661	5	1 jákv. bú
	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Blóð	170	-	-	3 jákv. bú
	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Garnir	22	-	-	3 jákv. bú
Geitur	Smitandi fósturlát (Ovine Brucellosis)	Blóð	100	100	0	0
	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Blóð	13	-	0	0
	Garnaveiki (Paratuberculosis)	Garnir	22	-	-	3 jákv. bú
Svín	Smitandi fósturlát (Ovine Brucellosis)	Blóð	100	100	0	0
	PRRS-veiki EU og USA stofn	Blóð	210	210	0	0
	Svínainflúensa H3N2	Blóð	210	210	0	0
Hross	Svínainflúensa H1N1	Blóð	210	171	39	1 jákv. bú
	Smitandi blóðleysi	Blóð	50	50	0	0
	Hestainflúensa	Blóð	50	50	0	0
	Smitandi háls- og lungnakvef/fósturlát (EHV-1)	Blóð	50	50	0	0
	Smitandi háls- og lungnakvef/fósturlát (EHV-1)	Blóð	50	50	0	0
Alifuglar	Newcastleveiki (ND)	Blóð	180	180	0	0
	Fuglakregða (Mycoplasma synoviae)	Blóð	180	180	0	0
	Smitandi berkjubólga (IB)	Blóð	180	180	0	0
Fiskar	Fuglaflensa	Blóð	180	180	0	0
	Veirublæði (VHS)	Líffæri	2148	2148	0	0
	Iðradrep (IHN)	Líffæri	2148	2148	0	0
	Brisdrep (IPN)	Líffæri	2148	2148	0	0
	Taugadrep (VNN)	Líffæri	32	32	0	0
	Blóðþorri (ISA)	Líffæri	4644	4644	0	0
	Brisveiki (PD)	Líffæri	4504	4504	0	0
Nýrnaveiki (BKD)	Líffæri	2839	2839	378	-	
Villtur lax	Nýrnaveiki (BKD)	Líffæri	905	818	87	-

4.3 Viðbrögð

Matvælastofnun vinnur eftir sérstakri viðbragðsáætlun þegar alvarlegir smitsjúkdómar koma upp. Í áætluninni er að finna skilgreiningu á boðleiðum, gátlista fyrir þá sem stjórna aðgerðum, ýmis eyðublöð, leiðbeiningar, upplýsingar um nokkra sjúkdóma, almennt yfirlit yfir viðbrögðin o.fl. Hluta viðbragðsáætlunarinnar er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar. Áætlunin er í stöðugri endurskoðun og vinnslu.

4.4 Sjúkdóma- og lyfjaskráning

Á árinu var áfram unnið að þróun sjúkdóma- og lyfjaskráningarkerfis fyrir búfé.

4.5 Landupplýsingakerfi

Á ársfundi stofnunarinnar var starfsfólki veittur aðgangur að landupplýsingavefsjá sem gerir því kleift að kalla fram eftirlitsstaði á kortagrunni. Samsýn ehf. sá um uppsetningu og hönnun kerfisins.

4.6 Fræðsla og fundir

Ráðstefna var haldin í Reykjavík á vegum Norræns-baltnesks samstarfshóps um viðbrögð við smitsjúkdómum í dýrum. Yfirskrift ráðstefnunnar var Nordic-Baltic Seminar on Risk Based Animal Health Surveillance and Contingency Planning. Þátttakendur voru 74 frá 11 löndum.

5. Alifuglar

Samkvæmt forðagæsluskýrslum voru alls 1.056.233 alifuglar á 60 búum hérlendis árið 2010. Framleiðsla á alifuglum á landinu árið 2010 var sem hér segir:

- Kjúklingaframleiðsla: Í 83 eldishúsum á 27 búum voru aldir til slátrunar 616 eldishópar.
- Kalkúnaframleiðsla: 28 eldishópar voru framleiddir hjá einum framleiðanda.
- Andaframleiðsla: 14 eldishópar voru framleiddir hjá einum framleiðanda.
- Eggjaframleiðsla: Hjá 12 framleiðendum með yfir 100 hænum voru framleidd neysluegg í 22 húsum með búrhænum og í 13 húsum með gólfhænum.

Mynd V.5.1: Stærð kjúklingabúa á Íslandi (fjöldi fugla per bú)

5.1 Sjúkdómar

5.1.1 Innflutningur

Á landinu eru starfræktar sjö einangrunarstöðvar fyrir útungun og uppeldi á innfluttum frjóeggjum alifugla, sex fyrir holda- og varphænsastofn, ein fyrir kalkúnastofn og ein fyrir andastofn.

Á árinu 2010 voru flutt inn sjö sinnum frjóegg fyrir holdahænsastofninn (Ross) og tvisvar fyrir kalkúnastofninn (BUT).

Tveir hópar voru fluttir inn fyrir varphænsastofninn (Lohman LSL og Lohman LB). Farga þurfti einum hópi í sóttkví vegna þess að vart var við einkenni smitsjúkdóms í tveggja vikna gömlum fuglum og mænubólga (AEV) var staðfest með sýnatöku.

Allur annar innflutningur gekk mjög vel, lítið var um vanhöld og engar grunsemdir um að sjúkdómar kæmu upp í þeim hópum.

Umsókn framleiðanda til SLR um innflutning á dagsömlum ungum (Ross holdafugl) frá Svíþjóð var afgreidd hjá MAST um haustið 2010 með jákvæða umsögn, en ekki er búið að flytja inn dagsamla unga.

5.1.2 Bólusetningar

Eins og áður eru stofnfuglar hænsnugla bólusettir gegn hænsnalömun, blávængjaveiki og hníslasótt. Einnig eru varphænnar bólusettar gegn hænsnalömun. Kalkúnaforeldrafuglarnir eru ekki bólusettir. Heilbrigði alifugla á Íslandi er hér með því besta sem þekktist.

5.1.3 Tilkyningaskyldir sjúkdómar

Í febrúar 2010 varð varphænsabóndi var við aukin dauðsföll í einum hópi. Krufning og sýklaræktun leiddi í ljós að um fuglakregðu af völdum *Pasteurella multocida* var að ræða. Á yfir hálfu ári breiddi hún sér út í þrjú hús til viðbótar hjá sama bónda. Veikir fuglar sýndu augljóslega einkenni fuglakregðunnar: bólgur og bjúg á höfði og fótum.



Varphæna með bólgur og bjúg á höfði og fótum

Líklegt er að fuglarnir hafi veikst í gegnum mýs. Músagangur hefur árum saman verið stórt vandamál á búinu. Flutningsbann var sett á alla lifandi fugla frá bænum nema í slátruhúsið og er bannið enn í gildi.

5.2 Dýravelferð

Endurtekið bærust tilkyningar frá eftirlitsdýralæknum í slátruhúsum vegna misdjúpra dritbruna á fótunum kjúklinga.

Einnig hafa borist aftur og aftur tilkyningar um illa meðferð fugla við tínslu og í flutningi. Við óvarkára höndlun geta fuglar vængbrotnað eða fótbrotnað og vængir og fætur geta klemmst á milli flutningskassa.

Engin regluleg skráning er til vegna slíkra breytinga og er þörf á að hefja markvissa skráningu sem hjálpar að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja velferð alifugla. Þess vegna er þörf fyrir endurskoðun á gildandi reglugerð um aðbúnað alifugla nr. 251/1995.

Upp komu vandamál með kropp í kalkúnastofnhænum.

32 alifuglahópa þurfti að aflífa vegna salmonellusmits. Notaðar aðferðir eru gösun á heilum hópum í húsi með innstreymi af CO₂ beint úr flutningabil í gegnum gat á hurð eldihússins. Einnig hafa fuglar verið aflífaðir með gösun með CO₂ í stórum gámum sem þeir voru tindir í. Aðferðin er vandasöm og krefst reynslu og vandaðra vinnubragða.

Hin aðferðin sem hefur verið notuð er að snúa fuglana úr hálslið. Ef um stóra fuglahópa er að ræða er aðferðin mann- og tímafek.

5.3 Rannsóknir

5.3.1 Krufningar

14 sinnum á árinu voru hræ send til krufningar á Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum. Í einum kjúklinga- og einum varphænsastofnfuglahópi fannst kólísmit og er sá sýkill helsta ógn ungra alifuglahópa. Var síðari hópurinn meðhöndlaður með fúkkalyfjum.

Hræ úr nokkrum kjúklingahópum voru send í krufningu vegna lappavandamála og heltis. Það greindist liðabólga, sínasliðurbólga og beinmergsbólga í fuglunum.

Einn kjúklingahópur greindist með blávængjaveiki af völdum circoveiru.

5.3.2 Sjúkdómaskimun

180 blóðsýni voru tekin á sex búum, á tveimur holdahænsna- og tveimur varphænsnabúum og á tveimur varphænsnabúum. Öll sýnin voru rannsökuð vegna mótagna gegn Newcastle-veiki (ND), smitandi berkjubólgu (IB), Mycoplasma synoviae og fuglaflensu (AI H5 og H7). Öll sýni voru neikvæð.

Ekki voru tekin sýni úr villtum fuglum vegna skimunar á fuglaflensu árið 2010 vegna sparnaðaraðgerða. Hins vegar voru á vegum bandarísku stofnunarinnar US Geological Survey, National Wildlife Health Center í Madison, Wisconsin tekin sýni úr villtum fuglum á Íslandi um vorið og aftur um haustið, samtals 520 stroksýni úr endaparmi. Sýnin voru tekin í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands. Bandaríska verkefnið rannsakar erfðafræðileg tengsl vægra fuglaflensuveira í villtum fuglum í austur- og vestur-jarðarhveli, og hafði stofnunin áhuga á að taka sýni á Íslandi vegna hagstæðrar staðsetningar í Norður-Atlantshafi. Ekki hafa borist endanlegar niðurstöður.

5.3.3 Salmonella

Árið 2010 var mjög erfitt fyrir alifuglaframleiðendur vegna hárrar tíðni salmonellusmits í kjúklingahópum og einnig einum kalkúnahópi. Það greindist salmonella í 32 eldshópum, og var þeim öllum fargað í eldshúsinu. Einnig greindist salmonella í 24 sláturhópum, og þurftu framleiðendur að innkalla afurðir úr þeim hópum. Þeir voru hitameðhöndlaðir fyrir frekari dreifingu. Tíðni salmonella í eldshópum á árinu hefur ekki verið jafnhá síðan 1995.

Eftir þriggja ára hlé greindist salmonella aftur í 6 kjúklingahópum árið 2008. Þróunin hélt áfram, salmonella greindist einnig 2009, þá í 5 hópum, en árið 2010 kom upp faraldur. Á stórum búum tókst ekki að hreinsa salmonellu út úr húsum og í sumum tilfellum breiddist hún út í önnur hús á sama búi og einnig á önnur bú. 25 hús samtals á 10 búum menguðust af salmonellu á árinu. 16 fuglahópar menguðust eftir ófullnægjandi þrif og viðgerðir í menguðum eldshúsum.

Staðan var misjöfn milli fyrirtækja. Hjá einu fyrirtæki greindist eingöngu *Salmonella* Agona og einu sinni *Salmonella* Typhimurium, fyrst árið 2008. Sama árið greindist *S. Agona* í húsinu við hliðina og í einu húsi hjá öðrum framleiðenda. 2009 breiddist *S. Agona* áfram út í tvö ný hús á einu búi. Um sumarið 2010 breiddist *S. Agona* áfram út hjá sama fyrirtæki og mengaði 10 hús til viðbótar. Hópar smituðust aftur í menguðum húsum eftir ófullnægjandi þrif. Ekki er vitað hvernig *S. Agona* barst upprunalega í fyrirtækið árið 2008.

Í öðru fyrirtæki greindust 6 mismundandi sermisgerðir milli 2008-2010. 2008 greindist *S. Agona* í eldshópi og *S. Hardford* í sláturhópi. Sterkur grunur er að hann hafi smitast seint í eldi. Í lok 2009 greindist *S. Kentucky* í einum eldshópi. Á sama bæ hélt *S. Kentucky* áfram að breiðast út og barst 2010 í öll húsin og hélt áfram að smita nýja hópa á búinu þrátt fyrir umfangsmiklar viðgerðir og þrif. Á árinu 2010 greindist líka *S. Worthington*, *S. Livingstone* og *S. Infantis* í eldshópum á mismunandi búum. Einungis *S. Infantis* tókst að ná fótfestu á búinu og endaði það með því að öll húsin á sama búi voru smituð, og einnig hér reyndist mjög erfitt að sóttgreinsa húsin og menguðust nýir hópar aftur. Í sumum tilfellum greindist salmonellusmit ekki í eldissýni en kom svo fram í slátursýni, sem leiddi til þess að um 17 sláturhópar krossmengduðust í sláturhúsinu og þurftu að innkalla afurðirnar þeirra.


Hjá þriðja framleiðenda greindist *S. Worthington* í einum kjúklingahópi í sláturunum og einum kalkúnahópi í eldi. Báðir þessir stofnar eru óaðgreinalegir frá stofninum úr hinu fyrirtækinu (rannsókn með PFGE).

Með því að skoða nánar búin sem greinast endurtekið með salmonellu kemur í ljós að vandmálið virðist tengjast stórum framleiðslueiningum.

Undantekningalaust hefur tekist að hreinsa eldshús á litlum búum (stök tilfelli), en á stórum búum getur salmonella fjölgað sér svo mjög að erfitt verður að hreinsa húsin og umhverfið nægilega og nýir kjúklingahópar smitast aftur.



Mynd V.5.2: Hlutfall salmonellujákvæðra búa samanborið við bústærð (fjöldi fugla per bú)



Tjónið á árinu var gríðarlegt. Samtals var 288.000 fuglum fargað (samsvarar 432 tonnum afurða, hefði þeim verið slátrað) og 268 tonn þurftu að innkalla.

Ísland er eina landið í Evrópu og sennilega víðar sem bannar slátrun á salmonellumenguðum eldshópum vegna hættu á krossmengun í sláturhúsi. Framleiðendur hafa endurtekið sótt um leyfi fyrir slátrun á menguðum kjúklingaeldshópum en MAST hefur hafnað þeim umsóknum.

Við opinbera sýnatöku fannst *Salmonella* Rissen í ryksýni í einu varphúsi. Ákveðið var að taka 3.000 egg frá búinu í salmonelluræktun og fannst ekki salmonella í þeim sýnum, einnig voru öll saursýni tekin úr öllum varphúsum á búinu neikvæð. *S. Rissen* hefur ekki fundist áður á Íslandi og er óljóst hvernig hún barst inn á búnið.

5.3.4 Kampýlóbakter

Fjölpjódlega rannsóknarverkefnið, sem samanstendur af kjúklingaframleiðendum á Íslandi, Ruff Lowman et al., Kanada, sýkladeild Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum og MAST stendur enn yfir. Í verkefninu er gerð tilraun með því að hindra að flugur að komist inn í kjúklingahús og lækka þannig tíðni kampýlóbaktters í kjúklingum. Flugur bera yfirleitt kampýlóbakttersmit í sér. Ruff Lowman hélt áfram að próa festingu nets yfir strompana, þar sem netið skemmist gjarnan í roki undir klemmunum sem festa netið við þakið.

Árið 2010 voru sett flugnanet á öll hús á 9 búum frá maí til september. Eftirlit með flugnanetum var sett í skugga vegna salmonellusmits, sem krafðist athygli framleiðenda. Árangurinn var þess vegna misjafn. Sum bú innan verkefnisins voru kampýlóbakterlaus á tilraunátímanum, á öðrum búum greindist kampýlóbakter í eldshópum þrátt fyrir fuglanetin.

5.4 Fundir og fræðsla

Dýralæknir alifuglasjúkdómasitur í starfshópi um eflingu á alifuglarækt á Íslandi, sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði. Nefndin hóf störf í febrúar 2010 og er vinnu ólokið.

Samnorrænn fundur um súnur var haldinn í Reykjavík dagana 9. og 10. júní 2010. Dýralæknir alifuglasjúkdóma hélt erindi með yfirskriftinni „Is it possible to reduce *Campylobacter* on farms with flynets“. Að beiðni alifuglaframleiðenda buðu Bændasamtök Íslands tveimur sérfræðingum frá norski ráðgjafabjónustu, „Animalia“, til Íslands til að veita aðstoð vegna salmonellufaraldurs í kjúklingaframleiðslu. Dýralæknir alifuglasjúkdóma var beðinn um að halda erindi á opunarfundi til að lýsa stöðunni í landinu.

Opið málþing um Campy-on-Ice verkefnið og baráttuna gegn kampýlóbakter var haldið fimmtudaginn 27. maí í Reykjavík. Á málþinginu var fjallað um þær aðgerðir sem gripið var til í kjölfar kampýlóbakterfaraldursins í fólki árið 1999 og þann mikla árangur sem náðist með þessum aðgerðum. Jafnframt var Ruff Lowman heiðraður fyrir sitt ómetanlega framlag til verkefnisins.

Nýrnasýki (PKD) sem frumdýrið *Tetracapsuloides bryosalmonae* veldur var í fyrsta sinn staðfest hér á landi í bleikju í Elliðaavatni sumarið 2008. Síðan hafa rannsóknir staðið yfir undir forystu Árna Kristmundssonar á Keldum sem m.a. staðfesta að nær allur bleikju- og urriðastofn Elliða- og Vífilstaðavatns er smitaður og hátt hlutfall sýnir klínísk einkenni. Á liðnu sumri kom í ljós vægt smit í laxaseiðum úr Elliðaáam og Hólmsá en þau báru engin sjúkdómseinkenni. Í Mývatni reyndist tíðni sýkingar vera um 40% og í Mjóavatni á Auðkúluheiði um 10% en enginn fiskanna var með sýnileg einkenni. Sýnatökur úr öðrum vötnum hafa ekki gefið vísbendingar um smit en sníkjudýrið krefst ákveðinna umhverfisaðstæðna til æxlunar og dreifingar. Sníkjudýrið er þekkt í nágrannalöndum okkar og hefur valdið miklu tjóni, bæði í eldi og villtum stofnum.

Blóðagöðan *Gyrodactylus* sp., sem greindist í fyrsta sinn í eldisporski hér á landi vorið 2006, hefur reynst viðvarandi í sjókvíældi hér við land og var staðfest í þremur tilfellum árið 2010. Þá eru önnur sníkjudýr í þorskeldi sem stöðugt þarf að vakta. Frumdýrin *Loma* sp. og *Ichthyophonus hoferi* geta verið áberandi í tálknum og innri líffærum og krabbadýrið *Lernaecera branchialis* (illa) og einfrumungur sem veldur **æxli í gervitálknum** (X-cell disease) koma einnig við sögu.

Alvarlegur faraldur af völdum sníkjudýrsins *Ichthyophonus hoferi* (hnyð) kom upp í íslensku sumargotssíldinni haustið 2008 og af heimildum að dæma er þetta í fyrsta sinn sem slík farsótt er skráð á spjöld sögunnar hér við land. Sýkingin ætlar að verða þrálát og rannsóknaleiðangrar í Breiðafirði sl. haust leiddu í ljós að sýkingarhlutfall var enn verulega hátt og síst minna en árin á undan, eða 35-45%. Sérfræðingar velta því nú fyrir sér hvort þessi faraldur geti tekið lengri tíma hér í kaldari sjó en áður hefur þekkt, en fyrri faraldrar í Norðursjó hafa að öllu jöfnu staðið í 3-5 ár. Það sem gefur okkur góða vísbendingu um að sýking sé heldur í rénun (og jafnvel búin að ná hámarki) er að hlutfall nýsmits er lágt. Mestur hluti sýktu síldarinnar er með sýkingu sem er langt gengin og eru þær niðurstöður ólíkar því sem sést hefur undanfarin tvö ár.

Á liðnu ári voru **sveppasýkingar** fátíð vandamál ef undan er skilinn **hrognasveppur** (*Saprolegnia parasitica*) sem er víðast til staðar þar sem fiskeldi er stundað.

Umhverfistengd afföll voru óvenju tíð árið 2010 þar sem svokölluð **loftbólueiki** (gasyfirmettun) var í fararbroddi og olli umtalsverðu tjóni hjá sjó eldisstöðvum. Alls voru staðfest 8 tilfelli; þrjú í laxeldi, tvö í bleikjueldi, tvö í þorskeldi og eitt í lúðueldi. Þess má einnig geta að vorið 2010 varð vart fiskidauða í Garðsaukalæk við Hvolsvöll sem að öllum líkindum má skrifa á **klórmengunarslys**.

Engar sjúkdómsvaldandi **veirur** greindust í þeim 5.028 fiskasýnum sem tekin voru til rannsókna í 14 eldisstöðvum árið 2010. Veirugreining sýna fór að mestu leyti fram í Færeyjum (4.524), en auk þess á Keldum (1.741 sýni á Rannsóknadeild fisksjúkdóma og 217 sýni á nýrri greiningardeild sem sérhæfir sig í Real-time RT-PCR greiningaraðferð) og Noregi (152).

Áhersla er lögð á að lágmarka notkun sýklalyfja í fiskeldi og hefur vel tekist til. Árið 1999 hófst skipulagt og árlegt eftirlit með leifum sýklalyfja í eldisfiski og hafa öll sýni reynst hrein frá þeim tíma.

6.2 Dýravelferð

Árið 2010 kom ekkert mál tengt meintum brotum á velferð fiska til kasta dýralæknis fisksjúkdóma.

6.3 Fundir og fræðsla

Eins og undanfarin ár hefur töluverðum tíma verið varið í fundahöld, fræðslu og skýrslugerðir fyrir ýmsa aðila, bæði innlenda og erlenda. Dýralæknir fisksjúkdóma hélt m.a. fyrirlestur um fisksjúkdóma og skyld málefni fyrir stóran hóp norskra fiskeldismanna og eftirlitsaðila, nemendur Sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna og aðalfund Landssambands fiskeldisstöðva sem haldinn var á Hólum í Hjaltadal. Í haust tók dýralæknir fisksjúkdóma þátt í vinnufundi hjá Alþjóða dýraheilbrigðisstofnuninni (OIE) undir nafninu „Workshop for OIE National Focal Points for Aquatic Animals“. Þessi þriggja daga fundur var haldinn í Dubrovnik í Króatíu í boði OIE og var gagnlegur, ekki síst í viðleitni til að samræma eftirlitsstörf dýralækna með sjúkdómum í lagardýrum á heimsvísu. Þá var dýralæknum, fisksjúkdómafræðingum og fiskeldismönnum sem heimsóttu Matvælastofnun frá Chile (alls 4 hópar), Kanada, Noregi, Japan og Færeyjum einnig flutt fræðsla um íslenskt fiskeldi með áherslu á sjúkdómamál og eftirlit.

7. Hross

Hrossaræktin hefur þá sérstöðu í íslenskum landbúnaði að skapa miklar gjaldeyristekjur með útflutningi á lifandi hestum auk þess sem útflutningur á hrossakjöti er umtalsverður. Mikið er í húfi að viðhalda heilbrigði íslenska hrossastofnsins enda er hann einhver dýrmætasta erfðaaúðind landsins. Samkvæmt forðagæsluskýrslum voru alls 77.247 hross á landinu árið 2010.

Á árinu voru 1.158 hross flutt út á fæti, flest til Þýskalands, 401 hross. Til Svíþjóðar fóru 211 hross, 167 til Danmerkur, 85 til Noregs, 62 til Finnlands en færri til annarra landa. Hrossakjötsframleiðslan var um 800 tonn á árinu, þar af um 300 tonn til útflutnings.

7.1 Sjúkdómar

7.1.1 Smitandi hósti


Faraldur smitandi hósta gekk yfir hrossastofninn á árinu. Um var að ræða tiltölulega væga sýkingu í efri hluta öndunarvegjar og undantekningalítið náðu hrossin fullum bata. Engu að síður olli faraldurinn miklu fjárhagslegu tjóni í íslensku hrossarækt og skyldum greinum. Þar sem smitið hafði náð mikilli útbreiðslu áður en sjúkdómurinn uppgötvaðist, var viðbragðsáætlun ekki virkjuð.

Orsök sjúkdómsins reyndist vera baktería af tegundinni *Streptococcus zooepidemicus*. Sá stofn bakteríunnar sem olli faraldrinum, ST209, er nýr hér á landi en hefur greinst í svipuðum sjúkdómstilfellum erlendis. Þar sem allan hrossastofninn skorti sértæk mótefni gegn þessu smitefni sköpuðust forsendur fyrir víðtækum faraldri. Umhverfisaðstæður voru bakteríunni hagstæðar og þar sem sjúkdómurinn var vægur, einkum í byrjun, uppgötvaðist hann ekki fyrr en hann hafði breiðst út um mestallt land. Fyrsta tilkynning um sjúkdóminn barst Matvælastofnun 7. apríl en fljótlega varð ljóst að smitið var þá þegar orðið útbreitt. Faraldsfræðilegar rannsóknir hafa nú sýnt að smitið magnaðist upp á tiltekinni þjálfunarmiðstöð í febrúar og mars og breiddist hratt þaðan út, fyrst og fremst með smituðum hestum en einnig með reiðtygjum. Ekki er ljóst hvenær eða hvernig smitefnið barst til landsins en spjótin beinast m.a. að ólöglegum innflutningi notaðra reiðtygja. Það virðist hafa færst í vöxt að hestamenn taki ýmsan búnað með sér milli landa, einkum mál, en öllum ætti nú að vera ljós sú mikla áhætta sem slíkum innflutningi fylgir.

Þann 16. apríl lágu fyrir rannsóknaniðurstöður sem sýndu að ekki var um að ræða sjúkdóm sem væri tilkynningaskyldur til Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunarinnar. Sjúkdómurinn var þá af óþekktum orsökum en ekki talinn svo alvarlegur heilsu hrossa að hann væri tilkynningaskyldur sem slíkur. Þá þegar var talið líklegast að um væri að ræða smitefni sem

Helstu verkefni dýralæknis hrossasjúkdóma eru:

- Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn hrossasjúkdómum
 - Rannsóknir
 - Fræðsla, auglýsingar
 - Greiningar
- Viðbrögð gegn smitsjúkdómum
- Skimanir fyrir smitsjúkdómum
- Dýravernd
 - Stefnumótun
 - Viðbrögð
- Sjúkdóma- og lyfjaskráningar í hrossum
 - Eftirlit
 - Úrvinnsla
- Önnur stjórnsýsluverkefni varðandi hross og afurðir þeirra



hefði borist frá nágrannalöndunum og væri hrossum þar að mestu meinlaust en ylli faraldri hér á landi vegna skorts á sértækum mótefnum í okkar einangraða hrossastofni. Dýraheilbrigðisvöld Evrópusambandsins voru upplýst um sjúkdóminn á fundi og þeirri kynningu fylgt eftir með skriflegum upplýsingum. Útflutningur hrossa var því ekki stöðvaður formlega en var þess í stað frestað tímabundið frá 10. maí enda var á þeim tíma orðið ógerlegt að uppfylla það grundvallarskilyrði að útflutningshross kæmu úr ósýktum hjörðum. Þessi tilhögun varð til þess að hægt var að hefja útflutning hrossa aftur um miðjan september þó svo að faraldurinn væri ekki með öllu genginn yfir og var það mikilvægur liður í að takmarka tjónið af völdum sjúkdómsins. Alls voru 1.158 hross flutt út á árinu sem er fækkun um 430 hesta frá árinu 2009.

Hestatengd starfsemi var að miklu leyti lömuð á fram á sumar og Landsmóti hestamanna sem halda átti um mánaðarmótin júní-júlí var frestað um eitt ár. Til að draga úr áhrifum sjúkdómsins á heilsu hrossanna og tryggja velferð þeirra voru ítrekað gefnar út leiðbeiningar til hestamanna um að rýmka á hrossunum og draga úr smítalagi. Alls ekki var ráðlagt að loka hross inni. Því miður eru aðstæður víða þannig að hestamenn fengu lítið gert til að draga úr smítalagi fyrr en komið var fram á vorið. Þetta gerði það að verkum að starfsemi tamningastöðva raskaðist í lengri tíma en nauðsynlegt hefði verið. Starfsemi hestaleiga raskaðist hins vegar ekki mjög alvarlega.

Hestamönnum var ráðlagt að gæta að almennu hreinlæti og forðast þannig að bera smit á milli hesthúsa og að bera smitið í sjálfa sig en um er að ræða smitefni sem getur borist í menn. Þeir voru og hvattir til að draga úr sýningum og keppni þó svo að þær væru ekki bannaðar, svo lengi sem aðeins heilbrigð hross tækju þátt. Reiðhallarsýningar og reiðkennsla féllu því að miklu leyti niður. Hins vegar var hægt að sýna meirihluta þeirra kynbótahrossa sem reiknað hafði verið með að kæmu til dóms á árinu. Það dró verulega úr tjóni þeirra sem höfðu þegar lagt mikinn kostnað í að undirbúa sýningarnar. Sömuleiðis tókst að halda nokkur stærri mót þegar leið á sumarið, t.d. um hina áætluðu landsmótshelgi, sem áttu mikinn þátt í að koma viðskiptum með hesta í gang að nýju.

Aukið eftirlit var með hrossum sem tóku þátt í sýningum og keppni á árinu og sömuleiðis var fylgst vel með hestaleigum og reiðskólum. Hestamönnum var ráðlagt að hvíla hesta um leið og vart yrði við einkenni sjúkdómsins.

Hvatt var til aukins eftirlits með öllum hrossum og meðhöndlunar ef einkenni voru alvarleg. Víða voru hryssurnar veikar þegar þær köstuðu en það kom alla jafna ekki að sök. Folöldin reyndust viðkvæmust eftir tveggja til þriggja mánaða aldurrinn. Krufningar á 17 folöldum sem drápu um sumarið bentu ekki til að mikil hættu væri á að þessi bakteríusýking drægi folöld til dauða.

Upplýsingar um gang sjúkdómsins, stöðu rannsókna og ráðleggingar til hestamanna voru gefnar út reglulega og sendar á vefmiðla hestamanna og til annarra fjölmiðla. Allar þær greinar (á þriðja tug) eru aðgengilegar á heimasíðu Matvælastofnunar þar sem komið var upp sérstökum upplýsingaborða á forsiðu. Á ensku síðu stofnunarinnar hafa einnig legið fyrir upplýsingar (e. fact sheet) um sjúkdóminn. Þá er ótalinn fjöldi viðtala í útvarpi og sjónvarpi auk viðtalsgreina í dagblöðum og hestamiðlum. Fjöldi funda var haldinn með hagsmunaaðilum hestamennskunnar og náðist breið samstaða um þær aðgerðir sem að framan eru raktar. Auk þess var farin fundaður um landið og staða mála kynnt fyrir hestamönnum.

Því miður var frá upphafi mikið um ófaglegan hræðsluáróður þar sem fullyrt var að um afar alvarlegan og ólæknandi sjúkdóm væri að ræða og að hrossastofninn yrði aldrei samur. Sú umræða hafði lamandi áhrif á hestamennskuna umfram það sem nauðsynlegt var vegna heilsu hestanna. Einnig dró hún úr trúverðugleika þeirra ráðlegginga sem voru gefnar og leiddi til þess að hestamenn fylgdu þeim ekki sem skyldi. Áróður þessi barst úr fyrir landsteinana og hefur verið áberandi framundir þetta einkum á þýskumælandi svæðum.

Til að draga úr tjóni af þeim völdum hafa greinar á ensku og þýsku með réttum upplýsingum um sjúkdóminn verið sendar Alþjóðasamtökum íslenska hestsins, FEIF, til dreifingar til aðildarlanda. Þá hefur verið gefin út yfirlýsing um stöðu smitsjúkdóma í hrossum í landinu og að óhætt sé að flytja hross frá Íslandi inn til annarra landa. Nokkrar viðtalsgreinar hafa birst í erlendum tímaritum og vefsíðum og hefur þeim verið fylgt eftir með fræðslufundum í nokkrum löndum. Unnið er að ritun vísindagreina um sjúkdóminn og orsakir hans.

Faraldur smitandi hósta reyndist enn ein birtingarmynd þess hversu viðkvæmur íslenski hrossstofninn getur verið fyrir nýjum smitefnum, jafnvel þeim sem ekki eru þekkt fyrir að valda alvarlegum sjúkdómum þar sem þau eru landlæg. Því verða allir að leggja á eitt um að efla smitvarnir landsins og verja hrossin frekari áföllum. **Lokaskýrslu um orsök og uppruna faraldursins er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar.**

7.1.2 Varnir gegn því að nýir smitsjúkdómar berist til landsins

Mikil áhersla er lögð á fræðslu um smitvarnir og hættuna á að hingað berist nýir smitsjúkdómar.

Reglur um bann við innflutningi á notuðum reiðtygjum og óhreinum reiðfatnaði fengu mikla umfjöllun á árinu. Áfram verður unnið að því að fræða hestamenn um smitvarnir og kynna gildandi reglur til varnar því að nýir smitsjúkdómar berist til landsins:

- Stór auglýsingaborði um smitvarnir hefur verið settur upp í Leifsstöð.
- Veggspjöld með reglum um smitvarnir á ensku og íslensku hafa verið gefin út og þeim dreift til hestamanna. Veggspjöldin á að hengja upp sem víðast í hesthúsum landsins og reiðhöllum.
- Bæklingar um smitvarnir á ensku og þýsku hafa verið sendir til aðila í hestatengdri ferðaþjónustu og er sá bæklingur ævinlega tiltækur á MAST.
- Fræðslufundur hafa verið haldnir víða um landið og erlendis og verður þeirri fræðslu haldið áfram auk greinaskrifa um þetta mikilvæga málefni.
- Rafrænar auglýsingar hafa verið útbúnaðar og allir sem halda úti hestatengdum heimasíðum hafa verið hvattir til að hafa þær á áberandi stað. Þær er m.a. að finna á heimasíðum félagsasamtaka hestamennskunnar.
- Reglur um smitvarnir hafa einnig verið og verða auglýstar í prentmiðlum, einkum í tengslum við stór alþjóðleg hestamót.

Eftirlit tollvarða með innflutningi á notuðum reiðtygjum, óhreinum hestafatnaði og öðru sem getur borið með sér smit er stöðugt í gangi. Hvers kyns tilraunir til smygls á slíkum varningi eru og verða kærð til lögreglu.

Unnið er að því að koma upp netfangalista hestastarfseminnar í landinu til að auðvelda öflun faraldsfræðilegra gagna og til miðlun upplýsinga. Sá póstlisti var notaður í sumar og fengust með þeim hætti góðar og gagnlegar upplýsingar.

7.1.3 Skimanir

Tilgangur skimana er að afla reglubundið gagna sem eru lýsandi fyrir stöðu smitsjúkdóma í íslenska hrossastofninum. Sýnatökuáætlun var gerð vegna skimunar fyrir þremur smitsjúkdómum í hrossastofninum: hestainflúensu (HI), herpes týpu 1 (EHV-1) og smitandi blóðleysi. Skoðuð voru sýni úr 50 stóðhestum víðsvegar að af landinu, sem hver um sig hafði sannanlega haft nán samskipti við a.m.k. 100 hross mánuðina fyrir sýnatökuna. Sýnin voru valin úr lífsýnabanka íslenska hestsins. Öll sýnin reyndust neikvæð fyrir HI, EHV-1 og smitandi blóðleysi.

7.1.4 Salmonella

Grunur um salmonellusýkingu í hrossum kom upp á þremur stöðum og voru hömlur settar tímabundið á flutning hrossa frá viðkomandi hrossaræktarbúum/tamningastöðvum á meðan rannsókn stóð yfir. Ekki var staðfest salmonellusýking í neinum þessara tilfella.

7.1.5 Eitranir

Á einum bæ var grunur um kannabiseitrun í þremur hrossum sem voru með alvarleg einkenni frá miðtaugakerfinu. Ekki lék grunur á að hrossin hefðu fengið í sig kannabisefni af ásetningi.

Ekki varð séð að flúormengun frá eldgosinu í Eyjafjallajökli hefði áhrif á heilsu hrossa á áhrifasvæði gossins. Hins vegar komu fram vísbendingar um að ofgnótt járns í kjölfar öskufalls gæti verið folöldum hættuleg.

7.1.6 Spatt

Dýralæknir hrossasjúkdóma vinnur í samvinnu við Bændasamtök Íslands að fyrirbyggjandi aðgerðum gegn spatti í íslenska hrossastofninum. Sýnt hefur verið fram á að lækka megi tíðni sjúkdómsins með því að forðast að rækta undan hestum sem sjálfir greinast ungir með spatt. Frá árinu 2005 hefur verið gerð sú krafa til allra stóðhesta sem koma til kynbótadóms 5 vetra og eldri að þeir hafi verið röntgenmyndaðir m.t.t. sjúkdómsins og niðurstaða þeirrar greiningar gerð opinber í gagnabankanum Veraldarfeng (WF). Dýralæknir hrossasjúkdóma sér um samræmdan aflestur

röntgenmyndanna og skráningu niðurstaðna í WF og hefur auk þess yfirumsjón með aflestri og skráningu sjúkdómsins í öðrum aðildarlöndum alþjóðasamtaka íslenska hestsins (FEIF).

Árlega berast myndir af um 150-200 stóðhestum til aflestrar í þessum tilgangi.

7.2 Dýravelferð

Eftirlit með fódun og aðbúnaði hrossa fór fram skv. lögum um búfjárhald. Héraðsdýralækna fylgdu málum eftir hver í sínu héraði. DH átti tók beinan þátt í rannsókn eins máls.

Önnur áhersluatriði á sviði dýravelferðar voru: heilbrigði og meðferð keppnishesta og munnur hestsins.

Áfram var unnið er að fræðsluáttaki um særindi í munnni hesta m.t.t. beislisbúnaðar og vandamála tengdum tönnum. Formleg opnun vefsíðu með fræðsluefni átti að verða á Landsmóti hestamanna 2010 en var frestað um eitt ár.

7.3 Rannsóknir

7.3.1 Sumarexem

Dýralæknir hrossasjúkdóma situr í verkefnisstjórn sumarexemsrannsókna. Rannsóknirnar eru unnar í samstarfi við fjölda erlendra rannsóknahópa og hafa skilað umtalsverðum árangri. Á árinu var fram haldið þróun aðferða til afnæmingar og/eða bólusetningar gegn sjúkdómnum. Dýralæknir hrossasjúkdóma á einnig aðild að nýju verkefni á þessu sviði sem unnið er í samvinnu við Cornell-háskólann í Bandaríkjunum og Tilraunastöðina á Keldum. Í því verkefni verður prófuð kenningin um að mótefni í broddmjólk hryssna, sem þegar hafa verið stungnar af smámýi *Culicoides* spp., verji afkvæmi þeirra gegn sumarexemi.

7.3.2 Spatt

Spatt er slitgigt í flötu liðum hækilsins sem leitt getur til langvinnrar helti og komið niður á ganglagi hrossa. Sjúkdómurinn dregur úr endingu reiðhesta og rýrir þar með verðmæti þeirra. Greining sjúkdómsins byggir á röntgenmyndatöku og er tíðni slitgigtarbreytinga, s.s. kölkunar og upplausnar í aðlægum beinvef, háð aldri hrossanna. Rannsóknir benda til að helstu orsakabættir sjúkdómsins séu arfgengir en álag og aðrir umhverfisþættir hafi minna að segja. Brjóskeyðing, sem er fyrsta stig sjúkdómsins, byrjar alla jafna fyrir tamningaraldur.

Áframhaldandi rannsóknir á spatti hafa það að markmiði að auka skilning á orsökum sjúkdómsins og flýta erfðaframskrifum. Sú kenning hefur verið sett fram að sjúkdómurinn erfist í gegnum óheppilega fótstöðu og/eða byggingu hækilsins sem leiði til þess að álagið dreifist ekki jafnt um liðina og þeir verði óstöðugir. Þannig verði þrýstingur eða núningur á tiltekin svæði í liðunum of mikill og leiði til brjóskeyðingar. Ætla má að slíka byggingargalla sé hægt að greina strax frá unga aldri. Rannsóknin er unni í samvinnu við dýralæknadeild Landbúnaðarháskóla Svíþjóðar og Dýralæknaskólann í Alfort í Frakklandi.

7.3.3 Önnur rannsóknaverkefni

Tvær doktorsnefndir við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

- Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir. Uppruni íslenska hrossastofnsins. 2006 –
- Þorvaldur Kristjánsson. Samband byggingar og hæfileika hjá íslenskum hrossum. 2007-

Aðstoðarleiðbeinandi í doktorsverkefni við Dýralæknadeild Landbúnaðarháskólans í Uppsölum, Svíþjóð.

- Charles Ley. Three dimensional morphometric parameters of the young Icelandic horse as indicators of cartilage degeneration in the distal tarsal joints. 2008-

7.4 Fundir og fræðsla

7.4.1 Fræðslugreinar

- Sigríður Björnsdóttir. Neytendavernd. Aukin eftirfylgni með lögum sem eiga að tryggja að ekki séu lyfjaleyfar í hrossakjöti. Bændablaðið 14.02.2010 og www.mast.is 03.02.2010
- Sigríður Björnsdóttir. Veraldarfengurinn viðurkenndur af ESB sem rafrænn hestapassi. Morgunblaðið, 10.02.2010, bls, 15 og www.mast.is
- Fræðsluefni í tveimur sjónvarpspáttum í þáttaröðinni „Tekið til kostanna“ sem sýndir voru á RÚV á útmánuðum 2010.
- Sigríður Björnsdóttir. „Smitandi hósti í hrossum“. Greinaröð 2010. www.mast.is/upplýsingar/hestamenn/smitandihostihrossum
- Fjöldi viðtala um smitandi hósta sem birtust í ljósvakamiðlum, vefmiðlum og í ýmsum tímaritum.
- Fjöldi fræðslufunda með og á vegum samtaka hestamenskunnar vegna smitandi hósta.

7.4.2. Skýrslur

- Sigríður Björnsdóttir, Vilhjálmur Svansson, Ólöf Sigurðardóttir og Eggert Gunnarsson. Outbreak of Upper Respiratory Tract Infection in Icelandic Horses.

7.4.3. Erindi

Fyrirlestarnir „Breeding of healthy horses“ og „Keeping the horse healthy“ voru fluttir á fræðslufundum íslandshestafélaga í eftirtöldum löndum:

- Bandaríkjunum: 16.01.2010
- Þýskalandi: 27.05.2010
- Svíþjóð: 05.11.2010
- Noregi: 13.11.2010

7.4.4 Önnur stjórnsýsluverkefni

Dýralæknir hrossasjúkdóma fór fyrir starfshópi MAST um aukna eftirfylgni með lögum og reglugerðum sem tryggja eiga að ekki séu lyfjaleyfar í hrossakjöti.

- Skráning lyfjameðhöndlana í hross í gagnagrunninn www.worldfengur.com (WF).
- Aukið eftirlit með einstaklingsmerkingum.
- Upplýsingagjöf til dýralækna og hrossaeigenda.

Dýralæknir hrossasjúkdóma kom einnig að eftirfarandi verkefnum:

- Í starfshópi um skráningu sjúkdómsgreininga og lyfjanotkunar í búfé, www.heilsa.is.
- Þýðing á heilsufarskafla hestapassans í samvinnu við Bændasamtök Íslands.
- Gagnagrunnurinn WorldFengur (WF), með innbyggðri lyfjaskráningu, var viðurkenndur af Evrópusambandinu sem rafrænn hestapassi. Til framtíðar mun það styrkja útflutning bæði á lifandi hrossum og hrossakjöti.
- Rýnivinna. ESB gerðir, kafli 12 – hross.
- Tilraunadýranefnd.
- Í undirbúningsnefnd fyrir norræna ráðstefnu í hestadýralækningum sem fyrirhuguð er á árinu 2011.
- Í ritstjórn Acta Veterinaria Scandinavica.

8. Loðdýr

Árið 2010 voru starfrækt 21 minkabú í landinu með um 33.260 paraðar læður. Tíu minkabú eru í Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi sem er einu færri en á síðasta ári. Í umdæminu voru lögð niður tvö minkabú en hafin ræktun á einu bú á árinu. Annars staðar á landinu hélst fjöldi minkabúa óbreyttur og eru starfrækt sex bú í Suðurlandsumdæmi, þrjú bú í Austurlandsumdæmi nyrðra, eitt bú í Gullbringu- og Kjósarumdæmi og eitt bú í Austur-Skaftafellsumdæmi. Í landinu er einnig starfrækt eitt kanínubú en ekkert refabú.

Á árinu flutti Samband íslenskra loðdýrabænda (SÍL) sóttkví frá Vopnafirði í Skagafjörð. Sóttkvíin var sett upp í búinu að Holtsmúla. Ástæða flutningsins var sú að kynbætur í gegnum ræktunarbúið þóttu minni en þær sem fengust við innflutning högna. Það var því ákveðið að loka ræktunarbúinu að Holtsmúla og setja þar upp sóttkví í staðinn sem gaf möguleika á auknum innflutningi í stærra húsnæði.

Þann 21. maí 2010 voru fluttir inn 990 minkahögnar frá fimm ræktunarbúum í Danmörku, á vegum SÍL. Þetta er töluvert meiri fjöldi en fluttur hefur verið inn síðustu 10 árin eins og sjá má á [Mynd VI.4.2](#) í kafla VI um inn- og útflutning.

Heilbrigði högnanna í sóttkvínni var mun betra í ár en undanfarin ár en allir högnar sem drápust voru krufðir á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum. Niðurstöður krufninga bentu ekki til þess að högnarnir væru sýktir af alvarlegum smitandi sjúkdómi og allir högnarnir reyndust neikvæðir í sýnatökum vegna sjúkdómsins plasmacytosis. Sóttkvínni var því aflétt í lok desember 2010 og högnum dreift á ræktunarbú í landinu.

8.1 Sjúkdómar

Sjúkdómstíðni á minkabúum á árinu var svipuð og síðustu ár. Skita í læðum og fitugir hvolpar komu upp á nokkrum minkabúum á landinu og var meðhöndlað með sýklalyfjum á sumum þeirra. Á tveimur minkabúum voru dýr meðhöndluð með sýklalyfjum vegna þvagfærasýkingar og þvagsteina. Sýklalyfið sló á vandmálið í öðru tilfallinu en í hinu tilfallinu var einnig gripið til þess að blanda fóður með ammóníumklóríð.

Í lok júní og byrjun júlí varð vart við óvenju mikinn minkadauða á nokkrum búum í Skagafirði. Niðurstöður krufninga gáfu vísbendingar um að orsakavaldurinn væri baktería af Clostridium-tegund. Sterkur grunur lék á að þennan aukna dauða mætti rekja til fóðursins sem minkunum var gefið en það var þó aldrei staðfest. Í framhaldi af þessu tilviki var ákveðið að auka áhersluna á gæði í framleiðslu minkafóðurs og hefur m.a. verið leitað til reyndra erlendra fóðursérfræðinga um aðstoð.

Um miðjan ágúst greindist lugnafár (haemorrhagic pneumonia vegna *Pseudomonas aeruginosa*) á minkabúi á Suðurlandi. Þrennt var óvenjulegt við þetta tilfalli. Í fyrsta lagi tímasetningin en lugnafár kemur oftast upp hérlendis að hausti til. Í öðru lagi var það landfræðileg staðsetning en sjúkdómurinn hefur aðallega komið upp á Norðurlandi hingað til. Í þriðja lagi var sjúkdómsmyndin við krufningu ekki eins afdráttarlaus og vanalega. Unnt var að bregðast mun fyrr við sjúkdómnum en á síðasta ári þar sem í landinu voru bæði til það sýklalyf sem virkar best á sjúkdómnum og bóluefni gegn honum og var hvoru tveggja beitt til að ráða niðurlögum hans. Þrátt fyrir það drápust um 200 minkar af völdum sjúkdómsins á um sex dögum.

Í ár var bólusetting í forvarnskini gegn lugnafári á einu minkabúi á landinu en almennar bólusetningar á minkum í forvarnskini hafa ekki verið stundaðar hér á landi.

Allar blóðprufur sem teknar voru á minkabúum landsins vegna reglugerðarbundis eftirlits með plasmacytosis reyndust neikvæðar í ár.

8.2 Rannsóknir

Í ár fór af stað samstarfsverkefni SLÍ og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum um rannsóknir á útskýrðum hvolpadauða á minkabúum. Ákveðin minkabú sendu hvolpa sem drápust til rannsókna. Ekki liggja enn fyrir niðurstöður úr þessum rannsóknum en stefnt er að því að halda verkefninu áfram næsta sumar.

8.3 Fundir og fræðsla

Dýralæknir loðdýrasjúkdóma sótti málþingið, Nordic Association of Agricultural Scientists (NJF) seminar no. 440 fur animal research, 29. september-1. október 2010 í Osló.

9. Nautgripir

Samkvæmt forðagæsluskýrslum voru 73.505 nautgripir í landinu; þar af 26.489 mjólkurkúr hjá 756 eigendum, 1.568 holdakúr hjá 133 eigendum og 18.561 geldneyti hjá 885 eigendum.

9.1 Sjúkdómar

Tekin voru heilasýni úr 100 kúm sem var slátrað í sláturhúsum og skimað eftir kúariðu á Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Að auki var rannsakað sýni úr einni kú sem var lógað með sjúkdómseinkenni frá miðtaugakerfinu. Ekki fannst kúariða í þessum sýnum, enda er Ísland eitt fárra landa sem er viðurkennt sem kúariðulaust.

Leitað var eftir garnaveiki í 14 garnasýnum úr nautgripum og fundust engin merki um garnaveiki í þeim. Send voru inn blóðsýni úr 111 nautgripum og voru 14 þeirra vegna mögulegs gruns um garnaveiki. Hann var staðfestur í einu sýni.

Tekin voru mjólkursýni úr tönkum á 87 búum um allt land til að rannsaka m.t.t. smitandi hvítblæðis (EBL) og smitandi barkabólgu/fósturláts (IBR/IPV). Tekin voru blóðsýni úr 90 kúm á 18 búum sem rannsökuð verða m.t.t. smitandi fósturláts (*Brucella melitensis* og *B. abortus*). Tilraunastöðin að Keldum hefur milligöngu um að senda sýnin til rannsóknastofa erlendis. Ekki fundust merki um þessa sjúkdóma í sýnunum.

Innan við 10 sýni af margvíslegum toga úr nautgripum voru send til Keldna til rannsókna. Niðurstöðurnar af ýmsum gerðum, allt frá æxlisvexti til neikvæðrar niðurstöðu um húðsveppi.

9.2 Dýravelferð

Haldið var áfram með áttak vegna útivistar nautgripa. Gerð var athugasemd við allmörg bú og voru 9 bændur kærðir til lögreglu fyrir að setja nautgripi ekki út. Fjórum málum er lokið með greiðslu sektar og hin eru enn í vinnslu.

9.3 Rannsóknir

Tekin voru saursýni í fjósum á 169 bæjum og Tilraunastöðin að Keldum rannsakaði hvort þar fyndist salmonella eða *E. coli* O157. Samtals eru þetta sýni úr um 845 einstaklingum. Endanleg skýrsla liggur ekki fyrir og bæirnir gætu orðið eitthvað fleiri en enn hafa allar niðurstöður verið neikvæðar. Í þessari athugun er rannsakað hvort kýrnar beri sýkla sem geta verið hættulegir mönnum.

Sérgreinadýralæknir nautgripasjúkdóma er ekki aðili að öðrum rannsóknum, en á árinu voru send inn sýni á Tilraunastöðina að Keldum til að rannsaka orsök veiruskitu í kúm. Einnig hófst á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri rannsókn á bóluefni, Startvac® gegn jógurbólgu í kúm.

9.4 Skráningar í gagnagrunninn MARK

Samkvæmt reglugerð nr. 289/2005 um merkingar búfjár á að vera til staðar samræmt tölvuskráningarkerfi sem aðgengilegt er öllum sem ala dýr til slátrunar. Þessu kerfi, MARK, hefur ekki verið sinnt sem skyldi og var gerður samningur við Bændasamtök Íslands sl. sumar um að vinna að því að gera eftirlitið með skráningum í það aðgengilegt. Kerfið er fyrst og fremst komið í gagn við vegna skráningar á nautgripum, en þegar farið er að skoða það kemur í ljós að full þörf er á að leiðrétta ýmsa hluti og bæta skráningar í kerfinu. Sú vinna hófst á árinu 2010 og eru vonir bundnar við að skráningar í nautgripagrunninn komist í gott lag á fyrri hluta árs 2011.



10. Sauðfé og geitur

Sauðkindur á landinu voru 469.485, þar af 366.241 ær hjá 2.771 eigendum, 11.481 hrútar, 82.567 gimbrar og 9.196 lambhrútar. Geitur voru 655 hjá 52 eigendum.

10.1 Sjúkdómar

Leit að garnaveiki fer að mestu fram í sláturhúsum og aðeins eru sendar inn til greiningar garnir sem hafa grunsamlegt útlit. Þannig bárust aðeins 22 grunsamlegir garnarbútar úr sláturhúsum. Í einum þeirra greindist garnaveiki. Þar að auki bárust sýni úr nokkrum kindum sem grunaðar voru um að vera með garnaveiki. Þrjár þeirra frá tveimur bæjum reyndust vera með garnaveiki. Skimað var eftir garnaveiki í blóðsýnum úr 170 kindum og 13 geitum og reyndust öll sýnin vera neikvæð.

Leitað var að riðu í 3.541 sýni frá 352 búum. Flest sýnin voru tekin í sláturhúsum, en auk þess voru tekin sýni úr kindum sem slátrað var heima og kindum sem komu til krufningar á Keldum. Ekki fannst merki um riðusmit í þessum kindum. Notuð eru sýni úr mænukylfu til að leita að riðu þannig að aðeins er hægt að leita í dauðum kindum.

Í byrjun júlí barst tilkynning um kind á Hurðarbaki í Flóa sem haldin var viðþolslausum kláða. Kindinni var lógað og reyndist hún vera með riðu. Í framhaldi af því var hjörðinni á Hurðarbaki lógað í september og tekin 124 sýni úr fullorðnum kindum til riðurannsóknar. Af þeim reyndust 4 í viðbót vera smitaðar af riðu. Þrjár af þessum sýktu kindum voru tveggja vetra og tvær voru veturgamlar.

Um 70 svör bárust um rannsóknir sem gerðar voru á innsendum sýnum vegna kindna á Keldum. Oft fjalla svörin um rannsóknir á fleiri einstaklingum sem þá hafa drepist úr einhverju svipuðu. Um er að ræða margvíslega sjúkdóma, en algengast er að send séu inn lömb eða líffæri úr kindum sem hafa verið með einhverju sjúkdómseinkenni frá öndunarfærum. Í desember bárust upplýsingar um að kindur hefðu líklega veikst af lungnapest undir Eyjafjöllum og í Mýrdal. Það hefur verið staðfest. Lungnapest hefur aldrei verið talin vera til vandræða í Mýrdal og ekki um langt árabíl undir Eyjafjöllum. Upplýsingar benda þó til þess að sjúkdómurinn hafi verið á svæðinu áður.

10.2 Sala og kaup á líflömbum og kiðum

Veitt voru 391 leyfi til að kaupa 1.014 hrúta og 3.321 gimbur. Veitt voru 14 leyfi til þess að kaupa 21 hafur og 97 huðnur. Nú eru 119 aðilar sem hafa leyfi til að selja lömb. Ekki hefur verið tekið saman hve mörg lömb eða kið voru seld en einhver leyfanna voru ekki notuð.

10.3 Velferð

Ennþá er það svo að takast þarf á við aðbúnaðarmál sauðfjár. Slík mál reyna helst á héraðsdýralæknana, sem fá aðstoð frá lögfræðingum stofnunarinnar ef til kærómála kemur. Fyrir utan vandan aðbúnað sauðfjár hefur þurft að taka á málum þar sem merkingar sauðfjár eru ekki í lagi.

Því miður berast öðru hverju fréttir um að sauðfé gangi úti langt fram eftir vetri eða allan veturinn. Ekki er ljóst hvort þetta er orðið algengara en áður var, en ætla má að fækkun bænda og mildari vetur geri það að smalamenskum sé ekki sinnt sem skyldi.

Tafla VI.10.1: Veitt leyfi til kaupa á líflömbum og kiðum 2010

Varnarhólf söluaðila líflamba	Hrútar	Gimbrar
Norðausturhólf	248	716
Snæfellsneshólf	145	490
Vestfjarðahólf eystra	482	1415
Öræfahólf	139	700
Samtals	1014	3321
Lömb samtals		4335
Kið	Hafrar	Huðnur
Allt landið	21	97
Kið samtals		118

10.4 Málefni geita

Vaxandi áhugi hefur verið á því að eignast geitur undanfarin ár. Viðskipti með geitur hafa verið heldur frjálsgri en viðskipti með lömb að því leyti að flutningar hafa verið leyfðir ef mat héraðsdýralækna og dýralæknis sauðfjársjúkdóma hefur verið á þá leið að heilsufar sauðfjár sé sambærilegt á sölusvæðinu og þar sem kaupandinn býr. Hefur þetta verið gert vegna þess að aðeins eitt geitabú er á lambasölusvæði.

Leyfður var flutningur 8 geithafra inn í gömlu nautastöðina á Hvanneyri, sem hafði staðið ónotuð í nokkra mánuði. Dýralæknir sauðfjársjúkdóma tók að sér að frysta sæði úr þeim. Voru frystir á sjöunda hundrað skammta, en tveir skammtar eru notaðir í hverja sæðingu. Að lokinni frystingu var höfrunum lógað.

10.5 Fundir og fræðsla

Dýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma mætti á nokkra fundi með bændum bæði með fræðsluerindi og til viðræðu um málefni greinarinnar á tilteknum svæðum. Einnig fór hann nokkrar ferðir inn á áhrifasvæði Eyjafjallajökulsgossins á fundi með íbúum á meðan á því stóð og eftir að því lauk.

Dýralæknir er í stjórn NKVet og mætti á ráðstefnu á vegum NKVet um sjúkdóminn blátungu sem haldin var í Osló 27. og 28. október. Vegna eldgossins í Eyjafjallajökli komst hann ekki á ráðstefnu á vegum NKVet sem haldin var í Danmörku í apríl um tölvugagnabanka í dýralækningum. Hann fór á BTSF (Better Training for Safer Food) námskeið ESB um riðusjúkdóma í Oldenburg í Þýskalandi 26.-28. maí og á ráðstefnu um jógurbólgu í Danmörku 8.-9. júní. Hann tók þátt í að skipuleggja faglegan hluta sumarfundar Dýralæknafélags Íslands og hélt erindi á þeim fundi.

Hann kenndi hluta af lífeðlisfræðinámskeiði á Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og á námskeiði í sauðfjárrækt í bændadeild sama skóla. Þá kenndi hann sauðfjársæðingar á tveimur námskeiðum.



11. Skelfiskur

Skelfiskeftirlit tekur til veiða, ræktunar og framleiðslu samloka (þ.e. kræklinga og kúfkelja), ígulkerja og sæbjúgna. Eftirlitið nær til veiði- og ræktunarsvæða með könnun á hugsanlegum mengunarefnum í svonefndri heilnæmiskönnun og til reglubundins eftirlits á eitruðum þörungum og á þörungaeitri í skelfiski á svæðum sem hafa verið opnuð til uppskeru.

11.1 Leyfisveitingar

Matvælastofnun veitir vinnsluleyfi fyrir „afgreiðslustöð“ vegna framleiðslu á lifandi skelfiskafurðum. Þrjú fyrirtæki hafa fengið vinnsluleyfi til hreinsunar og þökkunar á lifandi skelfisk (ígulker og bláskel).

11.1.1 Uppskeruheimild

Matvælastofnun veitir heimild til uppskeru eða nýtingar á skelfiski og skyldum tegundum. Forsenda uppskeruleyfis er heilnæmiskönnun á veiði- eða ræktunarsvæðum þar sem mengunarvaldar eru kannaðir. Að henni lokinni eru svæðin flokkuð í A, B og C eftir örverumengun.

Samkvæmt reglugerð nr. 104/2010 er svæði flokkað sem A-svæði ef fjöldi *E. coli* er undir 230 í holdi skelfisks. Eingöngu er heimilt að markaðssetja lifandi skelfisk af A-svæði. Skelfiskur frá B- og C-svæðum verður að fara í umlagningu (hreinsun) þar til hann uppfyllir kröfur sem gerðar eru til skelfisks af A-svæði, ef markaðssetja á hann lifandi. Skelfisk frá B- og C-svæðum má setja á markað að undangenginni hitameðhöndlun.

Uppskeyrið hefur verið frá tveim kræklingaræktarsvæðum í Breiðafirði og Eyjafirði og hafa þau haft uppskeruheimild nánast allt árið. Auk þess hafa tvö svæði (Breiðafjörður og Berufjörður) verið nýtt til veiða og markaðssetningar á lifandi ígulkerum. Einnig hafa verið stundaðar veiðar á beitukóng og sæbjúgum í Faxaflóa og Breiðafirði.

11.1.2 Viðurkenning framleiðslusvæða

Fram til þessa hafa sjö svæði verið viðurkennd til kúfskelsveiða á undanförunum árum og þau flokkuð. Öll svæðin hafa fengið A-flokkun þar sem örverumengun hefur reynst óveruleg. Kúfskel er ekki nýtt lengur á þessum svæðum nema á einu svæði þar sem tilraunir standa yfir með veiðar og markaðssetningu á lifandi kúfskel.



Vegna kræklingaræktar hafa sjö svæði verið heilnæmiskönnuð og flokkuð með tilliti til örverumengunar og hafa þau hafa öll fengið A-flokkun.

Heilnæmiskönnun stendur nú yfir á fjórum kræklingaræktarsvæðum.

Að lokinni heilnæmiskönnun geta ræktendur/veiðimenn sótt um uppskeruheimild til MAST, en uppskeruheimildin byggir á að greiningar á þörungaeitri í skelfiski sýni fram á að magn þörungaeiturs sé undir þeim viðmiðunarmörkum sem sett hafa verið. Viðkomandi ræktunarsvæði er þá opnað og er gildistími uppskeruleyfis ein vika á sumri og fjórar vikur að vetri, en svæðin lokast síðan aftur, nema ný sýnataka og greiningar komi til, samkvæmt áhættumati. Við ákvörðun á tíðni þörungaeitursgreininga er tekið mið af samsetningu þörungagróðurs í sjónum á viðkomandi hafsvæði.

Samhliða þörungaeitursgreiningum í skel er fylgst með eitruþörungum á framleiðslusvæðum, en Hafrannsóknastofnun annast greiningar á þeim fyrir MAST.

Framleiðslusvæði eru einnig undir reglubundnu eftirliti MAST þar sem fylgst er með örveruinnhaldi í skel (*E. coli* og salmonella) og mengunarefnum (þungmálmur).

Tafla V.11.1: Flokkun framleiðslusvæða 2010

Framleiðslusvæði	Flokkun svæðis	Tegund	Staða svæðis	Athugasemdir
Álftafjörður	A	Bláskel	Lokað	Engin framleiðsla
Breiðafjörður	A	Bláskel	Opið	
Eyjafjörður	A	Bláskel	Opið	
Faxaflói		Bláskel	Lokað	Heilnæmiskönnun
Hvalfjörður	A	Bláskel	Lokað	Heilnæmiskönnun
Hvamsfjörður		Bláskel	Lokað	Heilnæmiskönnun
Króksfjörður		Bláskel	Lokað	Heilnæmiskönnun
Mjóifjörður		Bláskel	Lokað	Heilnæmiskönnun
Patreksfjörður	A	Bláskel	Lokað	Engin framleiðsla
Steingrímsfjörður	A	Bláskel	Lokað	Engin framleiðsla
Táknafjörður	A	Bláskel	Lokað	Engin framleiðsla
Þistilfjörður	A	Kúfskel	Opið	

11.2 Áhættuþættir skeldýra

Vöxtur og viðkoma skelfisks, hvort sem er villtur eða ræktaður, eru háð náttúrulegri fæðu og þeim umhverfisaðstæðum sem ríkja á veiði- eða ræktunarstað. Skelfiskur (samlokur) sía til sín fæðu í sjó og endurspeglar skelfiskur því vel aðstæður í sjó á vaxtarstað, s.s. þungmálma, örverur og þörungaeitur. Neysla skelfisks getur verið varasöm ef ekki væri til staðar eftirlit með veiði- og ræktunarsvæðum og með veiði/upskeru hans. Skelfiskur er oft borðaður hrár og það eykur hættu á sýkingum af völdum örvera, einkum *E. coli*, salmonellu og veira, s.s. Noroveira, sérstaklega ef skelin kemur af menguðum strandsvæðum.

11.1.1 Þörungaeitur

Stærsti áhættuþátturinn við skelfiskneyslu er þörungaeitur. Af þeim þúsundum tegunda þörungum sem þekktir eru í sjó geta nokkrar tegundir valdið eitrun í skelfiski sem er hættuleg fyrir neytandann, en eitrið hefur hins vegar lítil sem engin áhrif á skelfiskinn sjálfan. Tegundir eittra þörungum sem valda ASP-, PSP- og DSP-eitrun hafa fundist við Ísland.

Áhrif PSP-eitrunar eru í því fólgin að eitrið truflar natriumbúskap taugafruma, sem leiðir af sér truflun á taugaboðum og getur valdið lömum, öndunarerfiðleikum og jafnvel dauða. Einkenni ASP-eitrunar koma fram nokkrum dögum eftir að eittraðs skelfisks hefur verið neytt, en þau einkennast af ógleði og niðurgangi, minnisleysi og jafnvel dauða. ASP hefur ekki greinst enn í skelfiski við Ísland.

DSP-eitrun lýsir sér í ógleði, uppköstum, þrautum í kviðarholi og niðurgangi. Einkenna verður vart skömmu eftir að menn hafa neytt eittraðs skelfisks. Bati næst yfirleitt innan þriggja sólarhringa, en afleiðingar ASP- og PSP-eitruna geta verið alvarlegri.

11.3 Eftirlit

Eftirlit með eiturþörungum var viðhaft á fjórum svæðum við landið í samvinnu Matvælastofnunar og Hafrannsóknastofnunar. Í Eyjafirði og Breiðafirði var fylgst með þessum þáttum vegna ræktunar og framleiðslu á ræktuðum kræklingi og í Breiðafirði vegna veiða á beitukóng og ígulkerjum. MAST hefur einnig eftirlit með þörungum í sjó á svæðum eins og Hvalfirði sem eru nýtt af almenningi til skelfisktekju.

11.3.1 Niðurstöður eftirlits

Eiturþörungar fundust á öllum svæðum í sumar og voru þeir eins og síðastliðin ár viðvarandi allt sumarið og fram á haust. Fjöldi eiturþörunga var hins vegar lítil á öllum svæðum og eitrúnartímabil vörðu aðeins í um sjö daga á hverju svæði sumarið 2010. Sumarið 2009 var mjög ólíkt þessu, sérstaklega vegna mikils fjölda *Alexandrium*-þörunga sem voru viðvarandi frá júní og fram í september 2009. Í kjölfarið greindist PSP-eitur í miklu magni í krækling. PSP-eitur greindist yfir viðmiðunarmörkum í einu sýni af krækling frá Eyjafirði árið 2010 og var það eina sýnið sem greindist yfir mörkum 2010.

11.3.2 Eftirlitsheimsókn Eftirlitsstofnunar EFTA

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) kom til Íslands í júní 2010 til að skoða framkvæmd skelfiskeftirlits Matvælastofnunar. Skoðaðar voru rannsóknastofur sem taka sýni vegna opinbers eftirlits með veiðisvæðum skelfisks, ræktunarsvæði kræklinga, afgreiðslustöðvar og vinnslustöðvar skelfisks. Tilgangurinn með úttektum ESA er að skoða hvernig staðið er að framkvæmd þeirra löggjafar sem Ísland innleiddi 1. mars 2010. Megináherslan var á eftirfarandi EB-reglugerðir 178/2002 (102/2010), 852/2004 (103/2010), 853/2004 (104/2010), 854/2004 (105/2010) og 882/2004 (106/2010) (Íslensk númer reglugerðanna eru í sviga).

Helstu niðurstöður voru að öryggi skelfisks þótti ekki nægilega tryggt vegna skorts á sýnatökum og greiningum. Unnið hefur verið að úrbótum og strax í kjölfarið voru gerðar breytingar á þeim aðferðum sem notaðar voru við greiningar á þörungaeitri og eru þær nú að fullu í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í reglugerðum. Unnið hefur verið að áhættumati vegna skelfiskeftirlits og byggist tíðni greininga á þörungaeitri, örverum og mengunarefnum á áhættumati.

Tafla V.11.2: Eftirlitsniðurstöður 2010 (2009)

2010	Greiningar á eiturþörungum og þörungaeitri				Eitrúnartímabil
	Heildarfjöldi sýna	Jákvæð sýni	Yfir viðmiðunarmörkum	Tímabil jákvæðra sýna	
Eiturþörungar	111 (70)	45 (52)	18 (27)		maí-sept
Þörungaeitur	30 (16)	6 (6)	1 (3)		júní-ágúst
					7 dagar (3 mán.)

10.4 Fundir og fræðsla

Eftirfarandi námskeið voru sótt:

- Mollusc Health. BTSF-námskeið í Vigo á Spáni.
- Training on Food Hygiene and Controls, Special session on Fishery and Live Bivalve Mollusc. BTSF-námskeið í Vigo á Spáni.

Eftirfarandi skýrslur voru gefnar út:

- Heilnæmiskönnun í Álftafirði; Þór Gunnarsson, Dóra Gunnarsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir 2010. MAST 2010.
- Heilnæmiskönnun í Steingrímsfirði; Þór Gunnarsson, Dóra Gunnarsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir 2010. MAST 2010.
- Samband eiturþörunga og uppsöfnun þörungaeiturs í kræklingi á þrem svæðum við Ísland; Þór Gunnarsson, Agnes Eydal, Hafsteinn Guðfinnsson, Karl Gunnarsson, Kristinn Guðmundsson og Dóra Gunnarsdóttir. AVS-skýrsla 2010.

12. Svín

Svínarækt og svínaeldi hefur verið með hefðbundnu sniði héraðs undanfarið ár. Þó hafa ýmsar breytingar komið til. Eitt svínabú hætti starfsemi á árinu að kröfu Matvælastofnunar þar sem það uppfyllti ekki ákvæði reglugerðar nr. 219/1991 um aðbúnað á svínabúum. Tíðni salmonellu lækkaði umtalsvert á árinu miðað við árið þar á undan. Svínainflúensa þan H1N1 2009 greindist á einu bú í og undirbúningur á innflutningi á frosnu svínasæði hófst. Að venju var veitt ráðgjöf til svínabænda og dýralækna. Ágætt samstarf var einnig við Svínaræktarfélag Íslands.

Eitt svínabú hætti starfsemi á árinu og gyltustofn á öðru bú var endurnýjaður. Þetta olli því að svínakjötsframleiðsla minnkaði milli árána 2008-2010. Slátrað var 85.301 sláturgrip (6.645.333 kg) árið 2008, 83.867 sláturgripum (6.374.640 kg) árið 2009 og 79.839 sláturgripum (6.157.564 kg) árið 2010.

Í vortalningu voru 3.731 gyltur í landinu, 85 geltir, 8.176 fráfarugrísir og 29.750 eldisgrísir. Að meðaltali gefur gylta 22 grísi af sér á ári. Það gerir 82.082 fædda grísi árið 2010. 1-3% afföll eru talin eðlileg í svínaeldi. 79.839 svínum var slátrað á árinu, þannig að þessar tölur standast.

12.1 Sjúkdómar

Svínainflúensa þanH1N1 greindist á einu svínabú í árinu. Sjúkdómurinn hafði greinst á tveimur öðrum búum árið þar á undan en ekki er vitað hvernig hann barst inn á þetta bú. Þar sem svínaflensan smitast á milli manna og svína, þá er mögulegt að menn hafi smitað dýrin.

Þetta bú var sett í einangrun og sex önnur bú frá sama eiganda, enda hafði verið samgangur á milli þessara bú. Sýni voru tekin úr svínum frá þessum sex búum og voru þau öll neikvæð. Einnig voru tekin nasastroksýni úr svínum frá áttunda búinu en þar höfðu mælst mótefni gegn svínainflúensu H1N1 í blóði nokkurra svína. Þessi sýni voru rannsökuð í sk. PCR-prófi og reyndust öll neikvæð.

Þarmabólga (PIA, regional ileitis, *Lawsonia intracellularis*) braust út á einu svínabú í liðnu ári. Þessi sýkill er viðvarandi á nokkrum búum héraðs og nær að verða sjúkdómsvaldandi ef aðbúnaður og mótstöðuafli dýranna dvínar.



Svín í stú á svínabú sem var lokað 2010 vegna aðbúnaðar

Í sláturhúsum fer fram virkt sjúkdómaeftirlit. Svínin eru lífskoðuð af dýralækni fyrir förgun og síðan eru líffæri og skrokkur heilbrigðissskoðuð áður en afurðir fara á markað.

Fósturlát, got fyrir tímenn, salmonella, brjósthimnubólga, lungnabólga, liðabólga og PSE/DFD-kjöt eru vandamál sem svínaræktin á við að glíma.

Á árinu voru teknir saman helstu sjúkdómar í svínum sem greinst hafa á Íslandi í gegnum tíðina. Sjá [Töflu V.12.1](#).

Tafla V.12.1: Helstu svínasjúkdómar á Íslandi

Sjúkdómur / Nafn	Ástæða / Sýkill
Parmabólga/PIA/Regional ileitis	<i>Lawsonia intracellularis</i>
Svartexem	<i>Staphylococcus hyicus</i>
Liðabólga/liðbólga í spenagrísúsum	Streptokokkar
Gothiti í gyltum eftir got	Bakteríusýkingar
Spenagrisaskita	<i>E. coli</i>
Fráfæruskita fyrstu 14 dagana eftir fráfarur	<i>E. coli</i>
Heilahimnubólga í fráfarugrísúsum	Aðallega streptokokkar
Illkynja lungnabólga í eldisgrísúsum	<i>Actinobacillus pleuropneumoniae</i>
Lungnapest í fráfaru- og eldisgrísúsum	Mykoplasmasýkingar / <i>Pasteurella</i> / <i>Mannheimia haemolytica</i>
Ormasýkingar í gyltum og eldisgrísúsum	Ascaris og fleiri ormategundir
Bjúgveiki/Ödem syge	<i>E. coli</i>
Porcine Stress Syndrome/PSS	Meingen / Recessive halothane gen
Fráfærugrisaveiki/PMWS/PDNS	Circoveira
Post weaning Multisystemic Wasting Syndrome	PCV 2 veirunni
Porcine Dermatitis Nephropathy Syndrome	Óþekkt
Smitandi fósturdauði	Parvoveira
Fósturlát	<i>Leptospira Bratislava</i>
Dysenteria/Skita/Blóðskita	<i>Brachyspira hyodysenteriae</i>
Lungnabólga	<i>Act. pleuropneumoniae</i> / <i>Pneumocystis carinii</i>
Hjartavöðvahrönnun	<i>Arcanobacterium haemolyticum</i>
Einfrumungar	<i>Entamoeba polecki</i> / <i>Idoamoeba butschlii</i>
Bifdýr	<i>Balantidium coli</i>
Sveppasýking	<i>Blastocystis sp.</i>
Frumdýrablaðra (holdmæra)	Sarcocystis
Svínainflúensa pan H1N1 2009	panH1N1 2009 vírus
Salmonella	<i>Salmonella</i> Typhimurium / <i>S. Infantis</i> / <i>S. Duisburg</i> <i>S. Worthington</i> / <i>S. Bareilly</i> / <i>S. Salinatis</i> <i>S. Kedougou</i> / <i>S. Schwarzengrund</i> <i>S. Madras</i>
Kláði	Lýs / maurar
Halabít	Slæm bústjórnun
Samgróningar í brjósthóli/Brjóstveiki	Bakteríusýkingar
Samgróningar í kviðarholi	Bakteríusýkingar / legbólgur
Legbólgur	Bakteríusýkingar e. burðarhjálp o.fl.
Kýli/útvortis og innvortis graftarkýli	Bakteríusýkingar
Rauðsýki	Steptokokkar / Stapylokokkar / Klebsiella
Snúðtrýni	<i>Bordatella bronchiseptica</i>
Hörgulsjúkdómar	Snefilefnaskortur

12.1.1 Greining sjúkdóma

Greining sjúkdóma fór fram á hefðbundinn hátt. Sjálfstætt starfandi dýralæknar og héraðs- eða eftirlitsdýralæknar senda inn grísi eða líffæri úr svínunum frá sláturhúsum til rannsókna hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum. Þegar svínainflúensan kom upp, voru tekin nasastroksýni úr sýktum hjörðum og þau rannökuð á Keldum.

Þeir sjúkdómar sem helst greinast við krufningar og skoðun sýna eru salmonella, lungnabólga (lungnapest og illkynja lungnabólga), bjúgveiki, fráfaruskita, spenagrisaskita, þarmabólga, heila- og heilahimnubólga og liðabólga.


12.2 Eftirlit

Héraðs- og eftirlitsdýralæknar fara með eftirlit á svínabúum landsins. Svínabúin eru heimsótt a.m.k. einu sinni á ári. Auk þess fara sömu eftirlitsaðilar með kjötskoðun í svínasláturhúsum landsins, taka sýni fyrir kjötsafapróf til mótefnaþátta, stroksýni fyrir sýklaleit og saursýni á svínabúunum.

Eftirlit með salmonellu í svínunum er framkvæmt með kjötsafasýnum þar sem fylgst er með mótefnum í kjötsafa gegn salmonellu allt árið, stroksýnum af skrokkum þar sem leitað er að salmonellu á yfirborði svínaskrokkanna við hverja slátrun og saursýnum þar sem leitað er að salmonellu einu sinni á ári á svínabúum í fyrsta flokki.

Árið 2009 jókst yfirborðssmit á skrokkum sem varð til þess, að sett var reglugerð nr. 577/2009 um varnir gegn salmonellu. Þessi breyting hafði tilætluð áhrif og er ástandið í salmonellumálum að færast í fyrra horf eins og sjá má á [Mynd V.12.1](#). Yfirlit yfir skimun vegna smitsjúkdóma í búfé er að finna í [Töflu V.4.1](#). Nánar er fjallað um salmonellu í kafla VII.

Mynd V.12.1: Prósentutala jákvæðra stroksýna 2008-2010



12.3 Dýravelferð

Á árinu voru gerðar þrjár athugasemdir á svínabúum vegna dýravelferðar. Á einu búi bilaði loftræstikerfi búsins í einni eldisdeildinni. Varloftræstikerfi fór ekki í gang og köfnuðu yfir 30 grísir. Gert var við kerfið strax.

Á öðru búi voru gerðar alvarlegar athugasemdir vegna aðbúnaðar svínanna. Var eiganda gert að laga aðbúnað strax og loka síðan búinu þar sem hann taldi sér ekki fært að verða við kröfum Matvælastofnunar (MAST) um breytingar á byggingum svínahúsanna.

Þá gerði MAST athugasemd við fóðrun og fjölda svína í stíum á þriðja búinu. Eigandi bætti fóðrun svínanna eftir ábendingu MAST og fækkaði fjölda svína í stíum. Innan mánaðar voru dýravelferðarmál búsins komin í lag.

12.4 Fundir og fræðsla

Dýralæknir svínasjúkdóma sótti ráðstefnu á vegum Evrópusambandsins um varnir gegn salmonellu í Berlín í janúar. Hann sat í nefnd til að semja reglugerð um innflutning á djúpfrystu svínasæði. Einnig sat hann í nefnd til að endurskoða reglugerð um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit á svínabúum sem sett var á lagginnar í desember.

13. Nefndarstörf

13.1 Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir

Þessi nefnd starfar samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 með síðari breytingum og hlutverk hennar er einkum að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum til að meta og uppræta smithættu eða hættu sem stafar af dýrum, matvælum, starfsemi, vatni, skolplögnum, loftræstingu eða öðru í umhverfinu sem getur dreift smitnæmum sjúkdómsvöldum, eiturefnum eða geislavirkum efnum sem ógna heilsu manna. Nefndin heldur fundi að minnsta kosti ársfjórðungslega en auk þess eru haldnir fundir þegar þörf er talin á. Í nefndinni situr af hálfu dýraheilbrigðisviðs Halldór Runólfsson og Auður Lilja Arnþórsdóttir sem varafulltrúi.

13.2 Lyfjanefnd

Lyfjanefnd starfar samkvæmt lyfjalögum nr. 93/1994 og er ráðgjafarnefnd Lyfjastofnunar um lyfjamál. Nefndin er skipuð fimm mönnum með sérfræðikunnáttu á sem víðustu sviði læknis- og lyfjafræði og þegar fjallað er um dýralyf taka sæti í nefndinni yfirdýralæknir og dýralæknir, skipaður af ráðherra í samráði við formann nefndarinnar. Halldór Runólfsson er aðalfulltrúi og Björn Steinbjörnsson er varafulltrúi.

13.3 Nefnd um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi

Þessi nefnd starfar samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 með síðari breytingum og hlutverk hennar er einkum að vakta ónæmi fyrir sýklalyfjum meðal sýkla í mönnum, dýrum og umhverfi. Jafnframt skal nefndin fylgjast með notkun sýklalyfja og vera yfirvöldum og öðrum er málið varðar til ráðgjafar um aðgerðir til að sporna við ofnotkun sýklalyfja og öðru sem að gagni má koma til að hindra myndun ónæmis. Halldór Runólfsson situr í nefndinni.

13.4 Tilraunadýranefnd

Þessi nefnd starfar samkvæmt lögum nr. 15/1994 um dýravernd og helsta hlutverk hennar er að veita leyfi til þeirra dýratilrauna sem uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 279/2002 um dýratilraunir. Halldór Runólfsson er formaður nefndarinnar en auk hans sitja Sigríður Björnsdóttir dýralæknir og Jón Kalmannsson siðfræðingur í nefndinni. Anna Ólöf Haraldsdóttir er ritari nefndarinnar.

13.5 Fisksjúkdómanefnd

Þessi nefnd starfar samkvæmt lögum nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum. Helsta hlutverk nefndarinnar er að vera Matvælastofnun til ráðgjafar við framkvæmd laganna, en þar er tekið fram að stofnunin skuli hafa forgöngu um að stundaðar séu fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar útbreiðslu fisksjúkdóma. Halldór Runólfsson er formaður nefndarinnar og varamaður hans og ritari er Gísli Jónsson.

13.6 Stjórn Tilraunastöðvarinnar á Keldum

Stjórnin starfar samkvæmt lögum nr. 67/1990 um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Hlutverk stjórnar stofnunarinnar er m.a. að marka stofnuninni stefnu í samráði við forstöðumann og sérfræðinga stofnunarinnar, samþykka starfs- og fjárhagsáætlanir Tilraunastöðvarinnar, bera ábyrgð á reikningum hennar og fjalla um árlega skýrslu forstöðumanns. Halldór Runólfsson er skipaður af Háskólaráði samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra.

14.7 Samráðshópur um kræklingarækt

Nefndin var sett á laggirnar af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra árið 2008 til að ræða um stöðu og möguleika kræklingaræktar á Íslandi. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar Matvælastofnunar, Matís, Hafrannsóknastofnunar og Skelræktar – samtaka skelræktenda. Formaður er fulltrúi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þór Gunnarsson er fulltrúi Matvælastofnunar í nefndinni.

13.8 Stjórnskipuð nefnd um endurskoðun laga um dýravernd og um búfjárhald

Nefndin var upphaflega skipuð af umhverfisráðherra í apríl 2008, undir formennsku fulltrúa umhverfisráðuneytis, en síðar var hún endurskipuð í nóvember 2009 og þá tók fulltrúi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis við formennsku. Markmið með skipun nefndarinnar var að gera stjórnsýslu og eftirfylgni mála á sviði dýraverndar sem skilvirkasta. Nefndin hélt 22 fundi á árinu og stefnt er að því að hægt verði að leggja fram frumvarp um ný lög um dýravelferð á haustþingi 2011. Halldór Runólfsson hefur setið í nefndinni síðan í nóvember 2009.

13.9 Stjórnskipaður stýrihópur um heilsufarsleg áhrif eldgossins í Eyjafjallajökli á menn og dýr

Heilbrigðisráðherra skipaði upphaflega hópinn í júní 2010 og síðan var hann endurskipaður í ágúst 2010. Markmið með þessari skipun stýrihóps var að unnið skuli að vísindarannsókn á heilsufarslegum áhrifum eldgossins í Eyjafjallajökli til langs tíma á menn og dýr. Sérstök áhersla verður lögð á að rannsaka áhrifin í námunda við eldstöðina. Stýrihópurinn hefur þegar sett í gang ýmsar rannsóknir og á dýraheilbrigðissviðinu hefur Tilraunastöðin á Keldum komið að verkefninu ásamt starfsmönnum dýraheilbrigðissviðs MAST. Halldór Runólfsson hefur setið í stýrihópnum síðan í ágúst 2010.

13.10 Vinnuhópur um endurskoðun laga um verndun og veiðar villtra dýra

Umhverfisráðherra skipaði á árinu 2010 nefnd sem hefur það hlutverk að varpa ljósi á lagalega stöðu villtra spendýra og fugla á Íslandi, m.a. með tilliti til dýraverndarsjónarmiða, og leggja fram skýrslu með tillögum um úrbætur, með það að leiðarljósi að uppfylla markmið gildandi laga og þeirra alþjóðlegu samninga sem Ísland er aðili að og varða verndun villtra spendýra og fugla. Vinna nefndarinnar einskorðast ekki einungis við að rýna í framkvæmd laga nr. 64/1994, heldur er nefndinni ætlað að taka til skoðunar vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, þar með talið selum og hvólum, í víðu samhengi. Þá skal nefndin einnig skoða með hvaða hætti vernd þessara dýra verður best fyrir komið. Formaður nefndarinnar er Menja von Schmalensee hjá Náttúrustofu Vesturlands, en alls eru í nefndinni 8 manns frá ýmsum stofnunum og félagasamtökum. Auður Lilja Arnþórsdóttir dýralæknir á dýraheilbrigðissviði Matvælastofnunar er fulltrúi Dýralæknafélags Íslands í nefndinni.

13.11 Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunin – OIE

Stofnunin hefur starfað síðan 1924 með aðsetur í París. Ísland hefur verið aðili að stofnuninni í u.þ.b. 30 ár og alls eru um 170 lönd aðilar. Helsta hlutverk OIE er að safna upplýsingum um stöðu dýrasjúkdóma í öllum löndum heims og koma þeim jafnóðum til aðildarlandanna, en þetta eru mikilvægar upplýsingar, t.d. vegna alþjóðaverslunar með dýr og dýraafurðir. Stofnunin gefur m.a. út skilgreiningar á dýrasjúkdómum og hvernig skal greina þá. Yfirdýralæknir er fulltrúi Íslands hjá stofnuninni en Auður Lilja Arnþórsdóttir hefur séð um tilkynningar til OIE.

13.12 Alþjóða viðskiptastofnunin – WTO

Stofnunin tók til starfa 1995 á grundvelli eldri stofnunar sem var kölluð GATT og hafa Íslendingar verið aðilar að báðum stofnunum. Yfirdýralæknir hefur verið fulltrúi Íslands í einni af nefndum stofnunarinnar sem kölluð er SPS, eða Sanitary and Phytosanitary nefndin, sem fjallar um málefni sem tengjast alþjóðaverslun með dýraafurðir og hvernig beita má sértækum aðgerðum við innfluting þegar sýnt hefur verið fram á að löndin hafi sérstaka þörf á að vernda heilsu manna, dýra og plantna. Vegna sparnaðaraðgerða voru engir fundir sóttir árið 2010.

13.13 Norrænt samstarf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar – NMR

Starfsmenn á sviði heilbrigðis og velferðar dýra hafa tekið þátt í ýmsum nefndum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (NMR) þar sem fjallað hefur verið um dýrasjúkdóma og velferð dýra. Má þar nefna nefnd um viðbrögð við dýrasjúkdómum sem Auður Lilja Arnþórsdóttir hefur tekið þátt og nefnd um aflífun dýra sem Gunnar Örn Guðmundsson héraðsdýralæknir hefur setið í.

13.14 Samstarfsnefnd EFTA – EES-rikkanna um dýra- og dýraafurðamál

Hér er um að ræða fastanefnd sem tekur eftir þörfum upp sameiginleg mál með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem varða framkvæmd EES-samningsins á sviði dýra og dýraafurða. Yfirdýralæknir hefur verið fulltrúi Íslands í nefndinni, en engir fundir voru haldnir árið 2009, vegna tafa á innleiðingu matvælaöggjafarinnar hér á landi. Frá og með byrjun árs 2010 var yfirdýralæknir formaður nefndarinnar.

13.15 Samstarf norrænna yfirdýralækna

Norrænir yfirdýralæknar hafa í yfir 40 ár fundað árlega til að fara yfir þau mál sem eru efst á baugi varðandi dýraheilbrigði og dýravelferð á Norðurlöndunum. Fundurinn var að þessu sinni haldinn á Íslandi dagana 30. ágúst til 1. september. Fundinn sóttu af Íslands hálfu Katrín Andrésdóttir, héraðsdýralæknir á Suðurlandi, Auður Lilja Arnþórsdóttir, sóttvarnadýralækir og Halldórs Runólfsson, yfirdýralæknir.

13.16 Fundur yfirdýralækna Færeyja, Grænlands og Íslands 23.-24. febrúar 2010

Þann 23.-24. febrúar komu saman til fundar yfirdýralæknar Grænlands, Færeyja og Íslands. Fundurinn var haldinn í húsakynnum Matvælastofnunar. Á fundinum skrifuðu yfirdýralæknarnir undir skjal um formlegt samstarf. Hugmyndin að þessu á rætur sínar að rekja til þess að Grænland óskaði eftir upplýsingum um löggjöf um dýraheilbrigði og fleira á því sviði í þeim löndum sem það getur borið sig saman við. Löndin sendu í kjölfarið sameiginlega umsókn til NORA (Nordisk Atlantsamarbejde). Umsóknin var samþykkt og styrkur veittur til upphafsfundar.

Markmið verkefnisins er að:

- gera inn- og útflutning milli landanna sem hagkvæmasta
- gera útflutning frá löndunum til annarra landa, þ.m.t. ESB, sem hagkvæmasta
- auka þekkingarmiðlun milli landanna
- samræma verkefni á sviði dýraheilbrigðis þar sem löndin eiga sameiginlega hagsmuna að gæta
- samnýta fagþekkingu dýralækna í löndunum

Á fundinum var ákveðið að setja á stofn fimm starfshópa með eftirtalin verkefni: 1. Semja sameiginlegar kröfur um vottorð vegna inn- og útflutnings á dýrum milli þessara þriggja landa. 2. Benda á leiðir til förgunar sláturúrangs o.fl. 3. Tryggja öryggi hefðbundinna matvæla til að sala á þeim á heimamarkaði sé möguleg. 4. Draga úr kostnaði við eftirlit með samvinnu milli dýraheilbrigðiseftirlits landanna. 5. Auka dýravelferð með því að bæta málsmeðferð dýraverndarmála, auka upplýsingamiðlun varðandi dýravelferð og hafa áhrif á viðhorf fólks.

1. Um inn- og útflutning

Matvælastofnun hefur eftirlit með framleiðslu, dreifingu og sölu matvæla í landinu. Eftirlitið nær enn fremur til inn- og útflutnings matvæla. Umdæmisskrifstofa Matvælastofnunar er staðsett að Stórhöfða 23, 110 Reykjavík. Á umdæmisskrifstofunni hafa aðsetur skrifstofa inn- og útflutningeftirlits og héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis.

Eftirlitið er framkvæmt á nokkra mismunandi vegu eftir tegund afurða. Þar skiptir mestu hvers konar afurðir er um að ræða. Hvað fisk og fiskafurðir varðar eru í gildi evrópureglur sem tengjast aðild Íslands að EES-samningnum. Varðandi krydd, hnetur og ýmsar aðrar tegundir matvæla gilda evrópskar reglur sem innleiddar hafa verið með reglugerð nr. 835/2010. Þar með eru fallnar úr gildi nokkrar auglýsingar sem kváðu á um eftirlit með innflutningi á chilepipar og afurðum úr honum, karríi, túrmerík (curcuma) og pálmolíu. Innflutningur búfjárafurða er háður sérstökum íslenskum lögum sem tengjast hollustu og heilnæmi afurða, sem og vörnum gegn því að búfjársjúkdómar berist til landsins.

Hlutverk inn- og útflutningsskrifstofu er að hafa eftirlit með inn- og útflutningi lifandi dýra, afurða þeirra sem ætlaðar eru til manneldis, dýraafurðum sem ekki eru ætlaðar til manneldis og ýmsum öðrum afurðum. Þá er henni ætlað að hafa eftirlit með innflutningi á notuðum tækjum sem hafa verið notuð í eða við landbúnað.

Efnahagsbreytinganna sem urðu seint á árinu 2008 og fram á árið 2009 gætti enn árið 2010. Þannig var áberandi hversu miklu minni innflutningur var á árinu samanborið við árin 2007 og 2008. Íslenska krónan stóð lágt allt árið og innfluttar vörur reyndust mun dýrari en áður. Af þessum sökum var meiri áhersla á framleiðslu innlendra matvæla og neyslu þeirra en innfluttra matvæla. Á móti kom að útflutningurinn fékk góðan meðbyr á árinu. Kemur þetta berlega í ljós þegar tölur um útflutning eru skoðaðar. Talsverð aukning varð milli ára á útflutningi á heyi, gærum og húðum og lambakjöti. Útflutningur sauðfjárafurða jókst um 26% frá fyrra ári og um 100% aukning hefur orðið ef miðað er við árið 2008. Veruleg breyting hefur orðið í útflutningi á ýmsum sláturafurðum sem annars væru líklegast urðaðar. Aukning hefur orðið í útflutningi þessara afurða, sem berlega kemur í ljós í aukningu útflutnings sauðfjárafurða. Afleiðingarnar eru tvenns konar: förgunarkostnaður afurðastöðvanna minnkar og skilaverð í erlendum gjaldeyri vegna stöðu íslensku krónunnar er mun hagstæðari.

Ný matvælalög voru samþykkt frá Alþingi í desember árið 2009. Þau eru að verulegu leyti til samræmis við reglur Evrópusambandsins. Þar með koma innflutningsreglur varðandi dýraafurðir til með að breytast. Þannig hefur eftirlit með innflutning gæludýrafóðurs sem inniheldur fiskafurðir breyst. Nú þurfa innflytjendur að tilkynna komu slíkra sendinga fyrirfram í TRACES (Trade Control and Expert System), samevrópskan gagnagrunn fyrir viðskipti með dýr og dýraafurðir. Gæludýrafóður af þessari tegund skal skoðað á viðurkenndum landamærastöðvum. Reglur varðandi innflutning á dýraafurðum koma til með breytast til samræmis 1. nóvember 2011. Þrátt fyrir þetta verða reglur varðandi innflutning lifandi dýra óbreyttar.

Tilkynningar í gegnum viðvörðunarkerfi Evrópu um matvæli og fóður (Rapid Alert System for Food and Feed – RASFF) fóru yfir 8.500 á árinu sem er fjölgun á milli ára. Flestar tilkynningar voru um matvæli frá Asíu og mest var um að ræða matvæli frá Kína. Að venju voru tilkynningar flestar um hnetur, hnetuafurðir og fræ, ávextir og grænmeti, ásamt tilkynningum um fisk og fiskafurðir. Langflestar tilkynningar voru um aflatoxín í hnetum og fíkjum sem stöðvaðar voru við landamæraeftirlit. Örverumengun í ferskum kryddjurtum og grænmeti, einkum frá Tælandi, var tilkynnt frá mörgum aðildarlöndum. Eins og á síðasta ári voru fjölmargar tilkynningar um vörur frá Suður-Ameríku, einkum vegna salmonellumengunar í fóðri og aflatoxíns í hnetum.

RASFF-tilkynningar um innfluttar vörur til Íslands voru tíu, þar af tvær sem Ísland tilkynnti um. Ein tilkynning var um gallaða vöru frá Íslandi en það var um hringorma í úthafskarfa sem unninn var í frystitogara.

2. Innflutningur áburðar, plantna og fóðurs

Fjallað er um innflutning á áburði, fóðri og plöntum í kafla IV.2, IV.3 og IV.4.

3. Innflutningur matvæla

3.1 Viðvörðunarkerfi ESB og EFTA

Matvælastofnun fer með eftirlit með innflutningi matvæla og fóðurs og er framkvæmdin í nánú samstarfi við Heilbrigðiseftirlit sveitafélaga. Afgreiddar voru 295 umsóknir vegna takmarkana á innflutningi, sem eiga sér stoð í reglum sem birtar eru í formi auglýsinga. Um 23 tilkynningar um innlendar og erlendar vörur voru sendar til Heilbrigðiseftirlits sveitafélaga um aðgerðir og innköllun á markaði. Heilbrigðiseftirlitssvæðin fara með eftirlit á matvælum á markaði og tilkynna til Matvælastofnunar ef þörf er á aðgerðum.

Matvælastofnun er tengiliður Íslands við viðvörðunarkerfi ESB og EFTA (Rapid Alert System for Food and Feed – RASFF) og hefur kerfið verið við lýði í rúm 30 ár. Heildarfjöldi RASFF tilkynninga á árinu voru 8.582. Alls voru 10 RASFF tilkynningar um vörur sem höfðu borist til Íslands og var um að ræða í tveimur tilvikum erfðabreytt matvæli frá Kína sem komu til Íslands í gegnum Holland. Aðrar tilkynningar voru m.a. um glerbrot í niðursoðinni papriku, ólöglegt litarefni í tapioca og myglu í kökum og sveskjum. Ein tilkynning var um gallaða vöru frá Íslandi en það var um hringorma í úthafskarfa sem unninn var í frystitogara. Ísland sendi frá sér tvær tilkynningar á árinu í gegnum RASFF-kerfið um ómerktan ofnæmisvalda í jurtaþeytikremi og um aðskotahlut í steiktum lauki. Báðar þessar tilkynningar voru vegna kvartana frá neytendum (sjá *Töflu VI.3.1*).

Tafla VI.3.1: RASFF tilkynningar 2010 er varða Ísland

Matvæli	Ástæða	Upprunaland
Fæðubótaefni	Of hátt magn vítamína	Bretland
Steiktur laukur*	Aðskotahlutur	Holland
Jurtaþeytikrem*	Ekki merkt „inniheldur mjólk“	Ítalía
Tapioca (úr cassava-rót)	Ólöglegt litarefni	Tæland
Kökur	Mygla	Danmörk
Hrísgrjónanúðlur	Ólögleg erfðabreyting	Kína
Hrísgrjóna-vermicelli	Ólögleg erfðabreyting	Kína
Hollandaise-sósa	Ómerktur ofnæmisvaldur (sellerí)	Danmörk
Niðursoðin paprika	Glerbrot	Ungverjaland
Sveskjur	Mygla	Þýskaland
Karfi**	Hringormar	Ísland

* RASFF-tilkynning frá Íslandi ** Matvæli tengist íslensku fyrirtæki

3.1.1 Aukið eftirlit á matvælum og fóðri sem ekki eru af dýrauppruna

Í október tók gildi reglugerð nr. 835/2010 um aukið innflutningseftirlit á matvælum og fóðri sem ekki eru af dýrauppruna og er hún byggð á áhættumati á ávöxtum, grænmeti, hnetum, kryddi og hráefnis til fóðurgerðar frá löndum utan aðildarlanda RASFF í Evrópu. Innflytjendur þurfa nú að fylla út komutilkynningu (CED) og er viss hluti sendinga skoðaður og tekin sýni á tilteknum komustað (DPE) eða í fyrirtækjum.

3.2 Sjávarafurðir

Skrifstofa Inn- og útflutnings annast rekstur landamærastöðva og eftirlit með innflutningi sjávarafurða til landsins og þar með inn á Evrópska efnahagssvæðið (EES), skv. lögum nr. 55/1998 og reglugerð nr. 849/1999.

Innflutningseftirlit með sjávarafurðum felst í skoðun skjala sem þurfa að fylgja vörunni, auðkenningu vörunnar, þ.e. hvort merkingar séu réttar samkvæmt meðfylgjandi skjölum og heilnæmisskoðun sem felur m.a. í sér hitastigsmælingar, skynmat og sýnatöku til rannsókna.

Á landinu eru starfræktar átta landamærastöðvar. Þær eru staðsettar í Hafnarfirði, á Keflavíkurlugvelli, Þorlákshöfn, Akureyri, Húsavík, Ísafirði og tvær í Reykjavík. Landamærastöðvunum er stjórnað frá Inn- og útflutningsskrifstofu í Reykjavík. Stærsti hluti innflutnings á sjávarafurðum frá löndum utan EES fór fram á landamærastöðvunum á höfuðborgarsvæðinu (*Tafla VI.3.2*).

Tafla VI.3.2: Innfluttar sjávarafurðir frá þriðju ríkjum eftir landamærastöðvum árið 2010

Landamærastöð	Fjöldi sendinga	Heildarþyngd (kg nettó)
Hafnarfjörður	49	8.837.452
Reykjavík (Eimskip)	219	13.550.283
Reykjavík (Samskip)	27	2.061.592
Akureyri	3	505.456
Ísafjörður	2	194.021
Keflavíkurlflugvöllur	7	317
Húsavík	0	0
Þorlákshöfn	0	0
Samtals:	307	25.149.121

Beituinnflutningur frá þriðju ríkjum var 6.420.692 kg í 66 sendingum. Fjöldi sýnishorna frá þriðju ríkjum sem ætluð voru til rannsókna eða kynninga voru 16 og vógu samtals 1.248 kg. Á árinu voru alls flutt inn 31.571.061 kg af sjávarafurðum frá þriðju ríkjum, sem er tæplega þriðjungsaukning frá fyrra ári.


Innan Evrópska efnahagssvæðisins eru viðskipti milli aðildarríkja í svokölluðu frjálsu flæði, þannig að ekki er um eiginlegan innflutning að ræða, en viðskiptaaðilum ber að tilkynna Matvælastofnun um hvenær von er á vörusendingu til landsins. Staðfestingu Matvælastofnunar þarf til þess að fá vöruna tollafgreidda. Alls voru 785 sendingar af sjávarafurðum fluttar inn frá EES-löndum á árinu.

3.3 Kjöt


Með hliðsjón af 5. gr. reglugerðar nr. 509/2004 er heimilt að flytja til landsins hrá matvæli. Afurðunum þurfa að fylgja fullnægjandi vottorð um uppruna, þær séu af dýrum sem ekki hafi fengið vaxtarhvetjandi efni á eldistímanum, hafi verið frýstar í einn mánuð fyrir tollafgreiðslu, séu lausar við salmonellusýkla og viðurkenningu afurðastöðva.

Eftir mikinn samdrátt í innflutningi 2009 hefur innflutningur á hráum kjötafurðum haldist nokkuð stöðugur frá fyrra ári. Á árinu 2010 var mest flutt inn af hráu kjúklingakjöti eða 214 tonn sem er 38% af heildarinnflutningi hrárra kjötafurða. Næstmest var flutt inn af svínakjöti eða 105 tonn sem er rúm 18% og í 3. sæti kemur síðan nautakjöt eða 97 tonn sem er 17% af heildarinnflutningnum.

Mynd VI.3.1: Innflutningur á hráum kjötafurðum 2010, samtals 568 tonn (574 tonn 2009). Tollfl. 02




Mynd VI.3.2: Samanburður á völdum vöruflokkum 2009-2010. Tollfl. 02.



3.4 Soðnar eða unnar búfjárafurðir

Með hliðsjón af 4. gr. reglugerðar nr. 509/2004 er heimilt að flytja til landsins soðnar eða unnar búfjárafurðir. Afurðunum þurfa að fylgja fullnægjandi vottorð um uppruna, hitameðferð og viðurkenningu afurðastöðva. 8% samdráttur varð í innflutningi á soðnum eða unnum kjötafurðum (tollflokkur 16) en 5% aukning á innflutningi á ostum og öðrum unnum mjólkurafurðum.


Mynd VI.3.3: Magn innfluttra soðinna eða unninna búfjárafurða (Samals 150 tonn). Tollfl. 16.



3.5 Mjólkurafurðir

Samantekt um magn innfluttra mjólkurafurða má sjá á Mynd VI.3.4 en 5% aukning varð á innflutningi á ostum og öðrum unnum mjólkurafurðum milli ára.

Mynd VI.3.4: Magn innfluttra osta og annarra unninna mjólkurafurða eftir löndum 2010 (Samtals 332 tonn). Tollfl. 04




4. Innflutningur dýra

Meðal hlutverka Inn- og útlutningsskrifstofu Matvælastofnunar er að hafa eftirlit með inn- og útlutningi lifandi dýra, afurða þeirra sem ætlaðar eru til mannelis og dýraafurðum sem ekki eru ætlaðar til mannelis. Þá er henni ætlað að hafa eftirlit með innflutningi á notuðum tækjum sem hafa verið notuð í eða við landbúnað.

4.1 Hundar og kettir

Árið 2006 voru fluttir inn fleiri hundar en áður hafði þekkt, en þá urðu einangrunarstöðvarnar tvær í stað einnar áður. Síðan varð mikil fækkun 2009, en þá voru fluttir inn álíka margir hundar eins og var fyrir fjölgun einangrunarstöðva. Á árinu 2010 voru fluttir inn 145 hundar og 23 kettir. Fjöldi innfluttra katta hefur verið nokkuð stöðugur á árunum 2003-2010. Fluttar voru inn 54 hundategundir frá 26 löndum og 10 kattategundir frá 10 löndum. Á árinu 2010 voru fluttir úr landi 237 hundar og kettir þannig að fleiri dýr voru flutt út en inn í fyrsta skipti.

Mynd VI.4.1: Innflutningur hunda og katta 2003-2010



Tafla VI.4.2: Innfluttar hunda-/kattategundir Tafla VI.4.3: Upprunaland innfl. katta

Hundategund*	Fjöldi	Kattategund	Fjöldi	Upprunaland	Fjöldi
Blendingur	13	Húsköttur	11	Bandaríkin	4
Labrador Retriever	11	Norskur skógarköttur	3	Noregur	4
Pomeranian	8	Maine Coon	2	Svíþjóð	4
Schnauzer dverg	8	Siamese/tabby	2	Danmörk	3
Papillon	6	Somali	1	Frakkland	2
Chihuahua	6	British Shorthair	1	Kanada	2
Chinese Crested	4	Exotic	1	Belgía	1
Rat Terrier	4	Vornish Rex	1	Lúxemborg	1
Golden Retriever	2	Tyrkis Van	1	Pólland	1
				Þýskaland	1

*Einum hundi var vísað frá landinu.

Innflutningur á gæludýrum er nokkuð jafn yfir árið og skiptist milli einangrunarstöðvanna í Höfn og Hrísey. Gæludýrin er skoðuð við komuna til landsins og fyrir útskrift, auk þess sem farið er í óboðaðar heimsóknir í einangrunarstöðvar á einangrunartímanum. Svölitið ber á sníkjudýrasmiti í innfluttum gæludýrum, en rannsókn á þeim sýnum fer fram á Keldum. Öll fengu dýrin meðferð gegn þessum sníkjudýrum á einangrunartímanum og sumum, eins og t.d. hundum með *Strongyloides stercoralis*, var fylgt eftir með sýnatökum eftir einangrunartímann. Í *Töflu VI.4.4* má sjá þessa dreifingu sníkjudýra í gæludýrum sem fóru inn á Einangrunarstöð Reykjanesbæjar í Höfn og einangrunarstöð Hvatastaða í Hrísey árið 2010.

Tafla VI.4.4

Sníkjudýrategund	Fjöldi smitaðra dýra
<i>Toxocara canis</i>	4
<i>Toxascaris leonina</i>	1
<i>Cystoisospora sp.*</i>	2
<i>Strongyloides stercoralis</i>	2
<i>Trichuris vulpis</i>	2
Trichuris eða Capillaria egg	1
<i>Unicinaria stenocephala</i>	1
Ögðu egg (<i>Fasciola gerð</i>)	1
Mítlar / Ticks	2
<i>Giardia sp.</i>	8


* *C. burrowsi* & *C. canis*

Alls: 24

4.2 Minkar

Þann 21. maí 2010 voru fluttir inn 990 minkahögna frá fimm ræktunarbúum í Danmörku, á vegum SÍL. Þetta er mun meiri fjöldi en fluttur hefur verið inn síðustu tíu árin (sjá *Mynd VI.4.2*). Einnig voru fluttir inn 50 refahögna árið 2002. Fjallað er nánar um minka og loðýrarækt í kafla V.8.

Mynd VI.4.2: Fjöldi minkahögna sem fluttur var inn á árunum 2001 til 2010




5. Útlutningur matvæla

Matvæli frá Íslandi eru flutt út til margra landa víðs vegar um heim, einkum til Evrópu. Meðal verkefna Matvælastofnunar er að gefa út heilbrigðisvottorð fyrir sjávar- og búfjárafurðir sem fluttar eru út. Upplýsingar á heilbrigðisvottorðum eru háðar kröfum móttökulands.


5.1 Kjöt

Heildarútlutningur á kjöti 2010 var 4.558 tonn (3.600 tonn 2009) sem er aukning um 26,6% milli ára. Mest var flutt út af lambakjöti (4.218 tonn) sem er 26% aukning frá árinu áður. Þar næst kom svínakjöt (176 tonn), hrossakjöt (164 tonn) og fuglakjöt (0,046 tonn). *Mynd VI.5.2* sýnir útlutning á hrossakjöti 2010 eftir löndum og *Mynd VI.5.3* sýnir útlutning á lambakjöti 2010 eftir löndum. *Mynd VI.5.1* sýnir þróun útlutnings á lambakjöti og hrossakjöti sl. 3 ár en útlutningur á lambakjöti jókst um 99% á þessum tímabili.


Mynd VI.5.2: Útlutningur á hrossakjöti 2010 eftir löndum (samaltals 164 tonn)



Mynd VI.5.3: Útlutningur á lambakjöti 2010 eftir löndum (samaltals 4.218 tonn)




Mynd VI.5.1: Útlutningur á kjöti og mjólkurafurðum 2008-2010



5.2 Mjólkurafurðir

Mynd VI.5.4 sýnir útflutning mjólkurafurða frá Íslandi 2010. Útflutningur dróst saman um 4,8 % milli ára og hefur dregist saman um 20,3% frá árinu 2008 (sjá Mynd VI.5.1).

Mynd VI.5.4: Útflutningur mjólkurafurða 2010 (Samtals 1.301 tonn)



5.3 Sjávarafurðir

Við útflutning sjávarafurða til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) eru gefin út sérstök heilbrigðisvottorð. Þessi vottorð staðfesta að afurðirnar séu unnar, geymdar og fluttar við aðstæður sem uppfylla opinberar kröfur um vinnslu sjávarafurða. Á vottorðinu kemur m.a. fram samþykkisnúmer framleiðanda, sem er ný gerð af leyfisnúmeri, en án þess er óheimilt að framleiða sjávarafurðir til útflutnings.

Í byrjun árs 2007 var fyrst tekið í notkun rafrænt kerfi til útgáfu útflutningsvottorða fyrir sjávarafurðir. Kerfið er liður í að auka rafræna stjórnslu og hefur það aukið mjög skilvirkni í útgáfunni og auðveldað allt utanumhald og eftirlit með vottorðunum. Nýtt kerfi er í þróun og stefnt er að það verði tekið í notkun á þessu ári.

Á síðastliðnu ári voru gefin út rúmlega fjögur þúsund útflutningsvottorð vegna sjávarafurða (Tafla VI.5.1). Tæplega fjórðungur vottorðanna var almenn útflutningsvottorð, en sjö aðrar útgáfur voru gefnar út til mismunandi innflutningslanda. Á síðastliðnu ári gengu Rússland, Hvíta-Rússland og Kasakstan í tollabandalag og þess vegna eru vottorð til þessara landa sameinuð. Heildarfjöldi vottorða vegna útflutnings á sjávarafurðum jókst um 12% frá fyrra ári.

Tafla VI.5.1: Skipting útflutningsvottorða vegna sjávarafurða til ríkja utan EES árið 2010

Ríki utan EES	Fjöldi vottorða
Rússland, Hvíta-Rússland og Kasakstan	1.270
Úkraína	1.192
Almennt vottorð	992
Kína	442
Moldóva	214
Bandaríkin	128
Önnur lönd	5
Samtals:	4.243

Matvælastofnun gefur eingöngu út útflutningsvottorð með sjávarafurðum til landa utan EES, þar sem frítt flæði er á sjávarafurðum innan EES. Tölur um útflutning sjávarafurða er að finna hjá Hagstofu Íslands.

6. Útflutningur dýra

Meðal hlutverka Matvælastofnunar er að gefa út heilbrigðisvottorð með dýrum og dýraafurðum sem flutt eru út frá Íslandi. Yfirlýsingar í heilbrigðisvottorðum eru háðar kröfum móttökulands.


6.1 Hross

Árið 2010 var sérstakt að því leyti að upp kom smitandi hósti í íslenska hestastofninum af völdum streptokokkasýkingar, sem hafði mikil áhrif á útflutning hrossa. Í fyrsta lagi stöðvaðist útflutningurinn í u.þ.b. fjóra mánuði (síðasta flug var 8. maí og það fyrsta 14. september) og var útflutningurinn síðan háður takmörkunum til loka ársins, sem byggðist á 30 daga heimaeinangrun útflutningshrossa fyrir útflutning. Allt varð þetta til þess að útflutningur varð minni en í venjulegu árferði, en alls voru 1.158 hross flutt út sem er um það bil 27% færri hross en 2009.


Útflytjendur fylla nú rafrænt út hluta af heilbrigðisvottorðum vegna útflutnings hesta og hefur það létt á vottorðagerð, en frágangur heilbrigðisvottorða er enn tímafrekur.

Flest hross voru flutt til Þýskalands árið 2010, en næst koma Svíþjóð og Danmörk. Dreifingin milli landa er svipuð og verið hefur, en alls voru flutt út hross til fimmtán þjóðlanda. Þess má geta að alls hafa hross verið send til 27 landa á árunum 1988-2010. Flogið er með hrossin til þriggja staða í Evrópu, vikulega til Liege í Belgíu og við og við fara 70-80 hross í einu með stórflugi til Billund og Norrköping. Af og til er flogið með hross til New York.


Mynd VI.6.1: Fjöldi útfluttra hrossa 1988-2010



Mynd VI.6.2: Fjöldi útfluttra hrossa 1988-2010 eftir kyni




Mynd VI.6.3: Fjöldi útfluttra hróssa 1988-2010 eftir innflutningslandi



6.2 Búfjárafurðir

Mynd VI.6.4: Fjöldi sendinga af útfluttum búfjárafurðum 2009 og 2010



1. Um súnur og súnvalda

Skoðanir manna eru talsvert skiptar á því hvernig þýða eigi orðið „zoonosis“. Matvælastofnun hefur notað þýðinguna „súna“ fram að þessu og sömuleiðis þýðinguna „súnvaldur“ fyrir „zoonotic agent“. Að þýða „zoonosis“ sem „manndýramein“ lýsir fyrirbærinu nokkuð vel.

Til eru nokkrar skilgreiningar á súnur. Alþjóðlega heilbrigðismálastofnunin WHO (World Health Organisation) skilgreinir súnur sem sjúkdóma og sýkingar sem smitast með náttúrulegum hætti á milli hryggdýra og manna.

Í tilskipun Evrópusambandsins (Directive 2003/99) um m.a. súnur eru þær skilgreindar sem: „Sérhver sjúkdómur og/eða sýking sem smitar með náttúrulegum hætti beint eða óbeint á milli dýra og manna.“ Og sýkingavaldur þeirra (zoonotic agent) er skilgreindur sem: „Sérhver veira, baktería, sveppur, sníkjudýr eða önnur líffræðileg heild (e. biological entity) sem líkleg er til þess að valda súnur.“

Ágætt dæmi um súnur eru sjúkdómar af völdum salmonellu eða kampýlóbakter-sýkinga. Sýkingavaldurinn getur verið *Salmonella* Typhimurium eða *Campylobacter jejuni* sem berst með matvælum eða úr dýrum í fólk og úr fólk í dýr. Inflúensan sem varð að heimsfaraldri árið 2009, og var óréttilega um tíma kölluð svínainflúensan, sýkti svín, m.a. í Noregi og á Íslandi. Veiran sem olli sjúkdómnum barst í þau úr fólk.

2. Salmonella

Hér verður fjallað um salmonellu í fólk, matvælum, dýrum og fóðri. Upplýsingar um fjölda salmonellutilfella í fólk eru fengnar frá sóttvarnalækni. Upplýsingar um fólksfjölda eru fengnar á heimasíðu Hagstofu Íslands. Tölur um salmonellu í dýrum eru unnar úr gögnum Matvælastofnunar vegna eftirlits með salmonellu. Tölur um salmonellu í fóðri og fiskimjöli eru annars vegar unnar úr gögnum sem fóðurverksmiðjurnar og fiskimjólsværksmiðjurnar senda stofnuninni mánaðarlega vegna innra eftirlits þeirra og hins vegar úr gögnum Matvælastofnunar vegna eftirlits með framleiðslunni. Ræktun á salmonellu úr sýnunum fer fram á Tilraunastöð Háskóla Íslands á Keldum, hjá Rannsóknáþjónustunni Sýni ehf., Matis í Reykjavík og Prómati á Akureyri. Staðfesting salmonellu í sýnum, sermisgreining og lyfjanæmispróf fer fram á sýklafræðideild Landspítalans. Í örfáum tilfellum hefur sermisgreining farið fram í Danmörku.

2.1 Salmonella í fólk

Tafla VII.2.1: Fjöldi salmonellutilfella í fólk flokkaður eftir uppruna smits í mánuðum ársins 2010

Mánuður	Innlendur uppruni	Útlendur uppruni	Ekki vitað	Samtals
Jan	1	1	1	3
Feb	2	1	0	3
Mar	1	1	0	2
Apr	0	3	0	3
Maí	0	0	2	2
Jún	0	3	1	4
Júl	1	1	2	4
Ágú	1	4	0	5
Sep	0	3	1	4
Okt	1	0	1	2
Nóv	1	1	1	3
Des	0	0	0	0
Samtals	8	18	9	35

Eins og sést á *Mynd VII.2.1* á næstu síðu var *Salmonella* Typhimurium algengust í fólk árið 2010 (9 tilfelli af 35). *Salmonella* Enteritidis var næstalgengust í fólk á árinu (7 tilfelli af 35).

2.2 Salmonella í matvællum

Eins og greint var frá í síðustu ársskýrslu Matvælastofnunar greindist þann 8. og 9. júní 2009 *Salmonella* Typhimurium í sitt hvoru sýninu úr svínagúllasi úr tveimur verslunum á höfuðborgarsvæðinu. Með stofnagreiningarannsóknunum á sýklafræðideild Landspítala Íslands í febrúar 2010 sem Matvælastofnun lét framkvæma kom í ljós að *Salmonella* Typhimurium stofnar, sem greindust í stroksýnum af svínaskrokkum skömmu áður, eða á tímabilinu 5. maí - 5. júní 2009, voru óaðgreinanlegir frá stofnunum sem greindust í svínagúllasinu. Talið var líklegt að stofnarnir af svínaskrokkunum hefðu borist með svínakjöti í viðkomandi kjötvinnslu sem vann kjötið til sölu og neyslu á markaði. Enda var um erfðafræðileg og faraldsfræðileg tengsl að ræða á milli þessara salmonellustofna. Sjá enn fremur skýrslu Matvælastofnunar um þessa rannsókn á <http://www.mast.is/flytileidir/matvaeli/matarsykingar/salmonella#skyrslur>.

Fjallað er um niðurstöður úr eftirliti með salmonellu við slátrun alifugla og svína í þessum kafla þar sem skrokkar eru taldir til afurða dýranna.


2.2.1 Salmonella í kjúklingum við slátrun

Matvælastofnun fylgist reglulega með salmonellu í kjúklingum við slátrun þeirra. Við slátrunina eru tekin sýni úr hálsaskinni kjúklinganna til rannsókna á salmonellu. Á árinu greindist salmonella í 24 slátruhópum af 668 hópum (3,6%) samanborið við 1 jákvæðan slátruhóp af 702 (0,1%) árið 2009. Sjá niðurstöður úr eftirlitinu um hlutfall jákvæðra (salmonella greinist) sýna á *Mynd VII.2.2* og í *Töflu VII.2.2* um sermisgerðirnar sem greindust í sýnunum.


Tafla VII.2.2: Yfirlit yfir sermisgerðir salmonellu sem greinast í hálsaskinnssýnum alifugla á árinu 2010

Hálsaskinnssýni	Hópar	Jákvæðir	% Jákvæðir	Hvaða <i>Salmonella</i> greindist ?
Kjúklingar	668	24	3,6%	S. Infantis, S. Worthington, S. Kentucky, S. Agona
Kalkúnar	57	0	0,0%	
Endur	14	0	0,0%	

Mynd VII.2.2: Yfirlit yfir fjölda og hlutfall slátruhópa kjúklinga sem greinast með salmonellu við slátrun á árinu 2010



Mynd VII.2.1: Algengustu sermisgerðir salmonellu í fólki árið 2010




2.2.2. Salmonella á svínaskrokkum við slátrun

